



Lokaritgerð til MA-gráðu í kynjafræði

„Ég skil ekki alveg af hverju enginn tók eftir því að þarna væri ofbeldi í gangi“

Hver er upplifun íslenskra kvenna og kvenna af erlendum uppruna sem fara úr ofbeldissamböndum?

Jenný Kristín Valberg

Útskriftarmánuður júní 2019



HÁSKÓLI ÍSLANDS
STJÓRN MÁLAFRÆÐI DEILD

**„Ég skil ekki alveg af hverju enginn tók eftir því að þarna væri
ofbeldi í gangi“
*Hver er upplifun íslenskra kvenna og kvenna af erlendum uppruna
sem fara úr ofbeldissamböndum?***

Jenný Kristín Valberg

Lokaritgerð til MA-gráðu í kynjafræði
Leiðbeinandi: Gyða Margrét Pétursdóttir

Stjórn málafræðideild
Félagsvísindasvið Háskóla Íslands
Júní 2019

„Ég skil ekki alveg af hverju enginn tók eftir því að þarna væri ofbeldi í gangi“: Hver er upplifun íslenskra kvenna og kvenna af erlendum uppruna sem fara úr ofbeldissamböndum?

Ritgerð þessi er lokaverkefni til MA-gráðu í kynjafræði.
Óheimilt er að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi rétthafa.

© Jenný Kristín Valberg, 2019
kt. 110173-4749

Reykjavík, Ísland, 2019

Útdráttur

Umfjöllunarefni þessarar ritgerðar er staða kvenna sem hafa búið við ofbeldi í nánnum samböndum og upplifun þeirra á sáttameðferð sýslumanns og verður efnið skoðað frá sjónarhóli brotþola heimilisofbeldis. Rannsóknin var feminísk og beinist að því að varpa ljósi á valdleysi kvenna sem hafa búið við ofbeldi í nánnum samböndum í sáttameðferð sýslumanns. Eiginlegum rannsóknaraðferðum var beitt en tekin voru hálfopin viðtöl við tíu konur, fimm íslenskar og fimm af erlendum uppruna.

Meðal spurninga og álitafna sem leitast er við að skoða eru m.a. spurningar eins og hver er aðdragandi þess að konurnar skilja við eiginmenn sína? Og hverjar voru upplifanir þeirra í sambandinu. Einnig mun ég leita svara við atriðum er lúta að Sáttameðferð sýslumanns eins og hverjar voru upplifanir þeirra á sáttameðferð sýslumanns? Einnig er spurt hver er reynsla þeirra á skilnaðarferlinu og þá sérstaklega þegar kom að umgengnis- og forræðismálum? Að síðustu mun ég spyrja: Hver var líðan þeirra eftir skilnað?

Við greiningu gagna var stuðst við kenningar Lorraine Wolhuter um samtvinnun mismununarbreyta og Pierre Bourdieu um karllæg yfirráð.

Niðurstöður rannsóknarinnar benda til að í hinum nánnum samskiptum sem brotþolar ofbeldis eru oft í, við geranda heldur ofbeldið áfram innan sáttameðferðar sýslumanns þar sem ekki er litið til þess þáttar í meðferðinni. Einnig benda niðurstöður til að brotþolar eru ekki lausir undan áreitni eða ofbeldi ofbeldismanna sinna, eftir að skilnaði er lokið.

Abstract

The topic of this thesis is the situation of women who have been abused in inter partner relationships and their experience of the magistrate's mediation process, this will be viewed from the perspective of the victims of domestic violence. This was a feminist study and focused on highlighting the powerlessness of the women, who after having left abusive relationships, have to go through the sheriff's mediation process. Qualitative research methods were applied but half-open interviews were conducted with ten women, five Icelandic and five of foreign origin.

Among the questions and issues raised are, for example, what caused the women to leave their abuser, what did the women go through during the relationships, how did the women experience the magistrate's mediation process as well as the divorce process, especially when dealing with custody issues, and, finally, how did they feel once the divorce had gone through?

The analysis of the data was based on Lorraine Wolhuter's theories of intersectionality and Pierre Bourdieu's masculine dominance. The results of the study show that the magistrate's mediation process does not allow for the possibility of domestic violence and consequently the abusers are able to continue abusing the women while going through the mediation process. In addition, the findings indicate that the women continue to be harassed by their abusers after the divorce.

Formáli

Rannsókn þessi er lokaritgerð mín í meistaranámi í Kynjafræði við stjórn málafræðideild Háskóla Íslands og er vægi hennar metin til 50 ECTS eininga. Leiðbeinandi með ritgerðinni var dr. Gyða Margrét Pétursdóttir dósent í kynjafræði. Ég vil þakka henni fyrir góða leiðsögn, þolinmæði, uppbyggjandi og jákvæðar athugasemdir sem voru mér mikil hvatning.

Ég vil þakka viðmælendum mínum innilega fyrir það traust að deila með mér persónulegri og erfiðri reynslu því án þeirra hefði þessi rannsókn ekki orðið til. Ég vil þakka starfskonum Kvennaathvarfsins fyrir hvatningu og að vera mér innan handar við að finna viðmælendur. Einnig vil ég þakka fulltrúum sáttameðferðar sýslumanns fyrir málefnalegar og góðar umræður um málaflokkinn og vilja til að auka gæði sáttameðferðar með tilliti til þolenda ofbeldis í nánnum samböndum.

Ég vil einnig þakka vinkonum mínum Björgu Önnu Kristinsdóttur og Sigurlaugu Sturlaugsdóttur fyrir yfirlestur ritgerðarinnar og góðar og gagnlegar ábendingar. Að lokum vil ég þakka börnum mínum Rebekku, Ingvari og Söru fyrir stuðninginn, þolinmæðina og fyrir að skilja þörf mína fyrir að taka allan þennan tíma í að vinna þetta verkefni.

Ég vil tileinka ritgerðina öllum brotaþolum ofbeldis í nánnum samböndum sem hafa brotist út úr viðjum ofbeldis og hafa þurft að takast á við kerfi sem skilur ekki aðstæður þeirra.

Efnisyfirlit

| | |
|--|-----------|
| Formáli | 3 |
| Töfluskra | 5 |
| 1 Inngangur | 6 |
| Af hverju ferðu ekki? | 6 |
| 1.1 Skilgreiningar á orðanotkun | 7 |
| 1.2 Markmið rannsóknar og rannsóknaspurningar | 9 |
| 1.3 Uppbygging ritgerðar | 10 |
| 2 Fræðilegar undirstöður | 12 |
| 2.1 Karllæg yfirráð og margþætt undirskipun | 12 |
| 2.2 Ofbeldi í nánum samböndum | 15 |
| 2.3 Ólíkar birtingamyndir kynbundis ofbeldis | 20 |
| 2.4 Tíðni ofbeldis í nánum samskiptum | 25 |
| 3 Aðferðafræði | 27 |
| 3.1 Staða rannsakanda | 27 |
| 3.2 Rannsóknaaðferð | 30 |
| 3.3 Aðgengi og val á þátttakendum | 30 |
| 3.4 Framkvæmd rannsóknar og gagnaöflun | 33 |
| 3.5 Siðferðileg álitamál og takmarkanir rannsóknar | 36 |
| 4 Að lenda á botninum | 37 |
| 4.1 Upplifun af ofbeldi | 37 |
| 4.1.1 Frásögn viðmælanda | 37 |
| 4.1.2 Frásögn viðmælanda | 38 |
| 4.1.3 Frásögn viðmælanda | 38 |
| 4.1.4 Frásögn viðmælanda | 39 |
| 4.1.5 Frásögn viðmælanda | 40 |
| 4.1.6 Frásögn viðmælanda | 41 |
| 4.1.7 Frásögn viðmælanda | 41 |
| 4.2 Í kjölfar skilnaðar – búseta | 42 |
| 4.2.1 Frásögn viðmælanda | 43 |
| 4.3 Að taka skrefið | 43 |
| 4.3.1 Frásögn viðmælanda | 43 |
| 4.3.2 Frásögn viðmælanda | 45 |
| 5 Upplifanir kvennana á sáttameðferð sýslumanns | 47 |
| 5.1 Sáttameðferð sýslumanns | 47 |

| | | |
|--------------------------|--|-----------|
| 5.2 | Framkvæmd og form sáttameðferðar | 47 |
| 5.3 | Húsakynni sáttameðferðar sýslumanns | 49 |
| 5.4 | Upplifanir brotþola ofbeldis í nánum samböndum á sáttameðferð sýslumanns | 49 |
| 6 | Staða brotþola ofbeldis í nánum samböndum á meðan sáttameðferð er ólokið. | 58 |
| 7 | Með hagsmuni barnanna að leiðarljósi | 65 |
| 8 | Eftir skilnað | 75 |
| 9 | Tillögur að úrbótum, samantekt og lokaorð | 81 |
| 9.1 | Tillögur að úrbótum..... | 87 |
| 9.2 | Úrbætur í sjónmáli?..... | 90 |
| 9.3 | Kenningar Bourdieu um karllæg yfirráð | 91 |
| Heimildaskrá..... | | 93 |
| 10 | Viðaukar | 98 |
| 10.1 | Viðauki 1 | 98 |
| 10.2 | Viðauki 2 | 101 |
| 10.3 | Viðauki 4 | 102 |
| 10.4 | Yfirlit yfir fréttir og umfjallanir í tengslum við málþingið Þekkjum rauðu ljósin | 102 |
| 10.5 | | Viðauki 3 |
| | 104 | |
| 15.1.1 | Viðauki 4 | 111 |
| 15.2 | Yfirlit yfir fréttir og umfjallanir í tengslum við málþingið Þekkjum rauðu ljósin: | 111 |

Töfluskra

| | | |
|---------|--|----|
| Tafla 1 | Upplýsingar um brotþola og ofbeldismenn eftir upprunalandi | 33 |
|---------|--|----|

1 Inngangur

Af hverju ferðu ekki?

Að fara úr ofbeldissambandi – af hverju ferðu ekki?

En hvert á ég að fara? Fyrir mér var það stærsta málið.

Það var ekki eins og ég gæti bara sett börnin inn í bíl og keyrt eitthvað í burtu, jafnvel þó að ég hafi oft óskað að það væri raunin.

Eftir 13 ár í sambúð þar sem ofbeldið jókst með hverju ári, þá fyrir rúmum 3 árum fékk ég loksins hugrekkið og tækifærið til að fara.

Tækifærið kom þegar faðir minn sem hafði búið úti á landi flutti til Reykjavíkur, fram að því leið mér eins og ég hefði ekki haft nein úrræði.

Eftir öll þessi ár í ofbeldissambandi hafði ég misst nánast allt samband við fjölskyldu og vini, skömmin og hið gríðarlega álag sem var á heimilislífinu hafði algjörlega einangrað mig.

Það var ekki auðvelt fyrir mig að hringja í föður minn, við höfðum ekki verið nán í mörg ár. En á þessum tímamarki var ég það hrædd um öryggi mitt og barna minna að það tók yfir, og ég hringdi á hjálp.

Á meðan ég var dauðhrædd í þessum sturluðu aðstæðum þá gerði ég ekki það sem ég var von að gera en það var að hugsa um afleyðingar gjörða minna.

Nóttina eftir að við fórum og margar nætur þar á eftir lá ég andvaka, dauðhrædd við framtíðina. Ég hafði gert mig og börnin heimilislaus og ég hafði enga hugmynd um hvort að ég myndi geta séð fyrir okkur.

Ég hafði farið úr þekktu óöryggi í algjörlega óþekkt óöryggi.

Þarna var ég með börnin mín í herbergi í litlu íbúðinni hans pabba, og ég hafði enga hugmynd um hvað framtíðin myndi bera í skauti sér.

Textann hér að framan skrifaði ég þegar mér var boðið að koma og halda örerindi á ráðstefnunni *Nordiske kvinder mod vold*, sem Stígamót og Samtök um Kvænnaathvarf stóðu fyrir haustið 2017.

Titil ritgerðarinnar er bein tilvitnun í eina af viðmælendum mínum en hún er þar að lýsa reynslu sinni og upplifun á sáttameðferð sýslumanns. Þar sem þessi orð fanga einnig mína upplifun og upplifun annara kvenna sem tóku þátt í rannsókninni og höfðu einnig farið í gegnum sáttameðferð sýslumanns þá fannst mér við hæfi að þessi orð væru yfirskrift ritgerðarinnar.

Hugmyndin af rannsókn minni er eigin reynsla af sáttameðferð sýslumanns en haustið 2015 tók ég þá ákvörðun að skilja við mann sem var búin að beita mig og börnin mín miklu andlegu og fjárhagslegu ofbeldi.

Samkvæmt 33. gr. a barnalaga 76/2003, eins og henni var breytt með lögum 61/2012 og lögum 144/2012, skal sýslumaður bjóða aðilum sáttameðferð í tengslum við málefni barns eða barna þeirra. Einnig er aðilum heimilt að leita til annarra sem búa yfir slíkri sérþekkingu. Með vísan í 33. gr. a barnalaga er aðilum skylt að hafa leitað sátta. Sáttameðferðin miðar að því að ná samkomulagi um forræði, umgengni og lögheimili barns/a. (Sýslumenn, e.d.)

Ég er þeirrar skoðunar að sáttameðferð sýslumanns geti haft ýmsa kosti ef báðir aðilar koma að borði á jafnréttisgrundvelli þar sem sjónarmið, skoðanir og álitamál beggja koma fram. Mín upplifun af sáttameðferð sýslumanns var sú að mér fannst gríðarlega erfitt að þurfa að mæta ofbeldismanni mínum í svona mikilli nálægð enda var hann á sama tíma að senda mér hótanir og ásakanir á samfélagsmiðlum og símleiðis.

Ég hafði einnig tekið eftir í óformlegum samræðum mínum við konur sem deildu sömu reynslu og ég að þær upplifðu einnig oft mikinn ótta, valdleysi og raddleysi í þessum aðstæðum þar sem ofbeldismaðurinn gat oft haldið ofbeldishegðun sinni áfram í sáttameðferðinni. Konum fannst þær ekki hafa rödd til að koma skoðunum og vilja sínum á framfæri því hafi sáttameðferðin oft haft mjög neikvæð áhrif á líf þeirra. En það kom fram í viðtali Einars Þorsteinssonar í Kastljósi við Þórólf Halldórsson Sýslumann í Reykjavík að sýslumannsembættið lítur ekki til ofbeldis þegar kemur að meðhöndlun ofbeldismála hjá embættinu (Einar Þorsteinsson, 2018). Brynhildur G. Flóvenz (2009) hefur í þessu samhengi bent á að að það hafi verið vandamál hér á landi að fá ákveðna fulltrúa stjórnkerfisins til að viðurkenna þann vanda sem ofbeldi í nánum samböndum er.

1.1 Skilgreiningar á orðanotkun

Nú verður farið yfir skilgreiningar á orðanotkun í rannsókninni.

Ég valdi að nota orðið brotaþoli fremur en þolandi eða fórnarlamb um viðmælendur mína í þessari rannsókn enda tel ég það orð langtum meira valdeflandi orð fyrir einstakling sem brotið hefur hefur verið á líkt og um ræðir í tilviki viðmælenda minna.

Þórdís Elva Þorvaldsdóttir (2009) hefur skilgreint orðið brotaþoli á tvennan hátt. Annars vegar sem þolanda brotlegs athæfis sem er afmarkað í tíma og rúmi en einnig segir hún að orðið brotaþoli lýsi manneskju sem þoldi álag. Það á hins vegar ekki við í öllum tilvikum að brotaþoli ofbeldis í nánnum samböndum þoli álagið sem sambandið veldur.

Þegar vísað er til þolanda brots sem er afmarkað í tíma og rúmi er merkingin ekki sú að brotaþoli hafi upplifað eitt einstakt brot heldur að hann hafi upplifað brot sem ná yfir afmarkaðan tíma í lífi brotaþola. Sá tími getur verið mis langur en það sem mestu máli skiptir er að brotaþolar sem hér um ræðir „þoldu álagið“ og komust út úr ofbeldisamböndunum.

Þeir sem brutu á brotaþolum verða hér kallaðir ofbeldismenn enda hafa þeir allir beitt ofbeldi.

Að mörgu leiti er orðið gerendur þjálfa, bæði í ræðu og riti. Þórdís Elva hefur hins vegar fært rök fyrir því því að orðið gerandi sé í raun orð sem lýsir jákvæðum atbeina eða jafnvel kostum einhvers. Að vera gerandi segir hún að sé t.d. andstæða við aðgerðaleysi (Þórdís Elva Þorvaldsdóttir, 2009). Ég geri mér grein fyrir að orðið ofbeldismaður kann að hljóma kynjað en rétt er að áréttta að hér er ekki verið að halda því fram að allir ofbeldismenn séu karlkyns. Þrátt fyrir að í þessari rannsókn sé eingöngu verið að vísa til karlkyns ofbeldismanna.

Í tengslum við brotaflokkinn þá hefur orðið heimilisofbeldi lengst af verið notað þegar fjallað hefur verið um það ofbeldi er karlar beita eiginkonur, sambúðarkonur eða fyrverandi maka. Það hefur í seinni tíð ekki þótt nógu lýsandi hugtak og jafnvel misvísandi þar sem að af því megi skilja að um væri að ræða allt ofbeldi sem fer fram inni á heimilum (Brynhildur G. Flóvenz, 2009). Brynhildur bendir á að sama vandamál sé reyndar á ferðinni varðandi hugtakið ofbeldi í nánnum samböndum en hún segir það hugtak vera jafnvel enn víðara en hugtakið um heimilisofbeldi. Hún veltir upp hvort heppilegra sé að nota orðið „kynbundið ofbeldi“ sem myndi þá ná yfir alla brotaflokka sem konur verða fyrir vegna kyns síns og þá að afmarka það við kynbundið ofbeldi í parasamböndum (Brynhildur G. Flóvenz, 2009). Að mörgu leiti get ég tekið undir skilgreiningu Brynhildar en þar sem orðtakið „ofbeldi í nánnum samböndum“ er að mínu mati þjálfa verður það notað í rannsókninni. Einnig er hér um að ræða ofbeldi af hendi aðila sem samkvæmt skilgreiningu er einn nánasti aðstandandi brotaþola.

Sýslumannsembættið er stofnun sem heyrir undir innanríkisráðuneytið og er hluti af stjórnarsýslu Íslands. Sáttameðferð sýslumanns er öllum að kostnaðarlausu og því getur verið mikið hagsmunamál fyrir málsaðila að geta lokið forræðis- og skilnaðarferli þar. Sérstaklega ef litið er til þess að ein birtingamynd ofbeldis í nánum samböndum er fjárhagslegt ofbeldi og margar brotápolur hafa bága fjárhagslega burði (Alþjóðaheilbrigðisstofnunin, 2018).

1.2 Markmið rannsóknar og rannsóknaspurningar

Markmið rannsóknarinnar er varpa ljósi á stöðu brotáþola ofbeldis í nánum samböndum á Íslandi. Ég vil skoða hvort færa megi rök fyrir því að konur sem hafa búið við ofbeldi í nánum samböndum upplifi það sem mætti kalla „kerfisbundið ofbeldi“ (e. *systematic violence*) (Pierre Bourdieu, 2004) í sáttameðferð sýslumanns. Einnig hefur hugtakið „endurtekið ofbeldi“ (e. *secondary victimization*), (Orth, 2002) verið notað til að lýsa þeim aðstæðum en það einkennist oft af kvíða, efa, sjálfsásökunum og jaðarsetningu (Hildur Fjóla Antonsdóttir, 2018).

Efnið verður skoðað út frá sjónarhorni brotáþola ofbeldis í nánum samböndum. Helst verður stuðst við feminískar kenningar og hugmyndir Lorraine Wolhuter (2010) um samtvinnun mismununarbreyta (e. *intersectionality*) um uppruna, stétt, kyn og kyngervi. Einnig verður stuðst við hugmyndir og kenningar Pierre Bourdieu (2004) um karllæg yfirráð (e. *masculine domination*). Þá verður skoðað hvort brotáþolar ofbeldis í nánum samböndum hafi upplifað endurtekið ofbeldi í sáttameðferð sýslumanns að sökum þess að embættið lítur ekki til slíkra þátta né aðstæðna. Fyrir vikið komast brotamenn upp með áframhaldandi beitingu ofbeldis þar.

Fram kom í skýrslu sem Hildur Guðmundsdóttir gerði fyrir Kvænnaathvarfið (2009) að fjárhagsáhyggjur er stór áhrifaþáttur í lífi kvenna í þessari stöðu. Og jafnvel það stór að margir brotáþolar treysta sér ekki til að yfirgefa ofbeldismenn sína og haldast fastar í ofbeldissambandinu (2009).

Rannsókn þessi er sú fyrsta sinnar tegundar hérlendis þar sem hér verður fjallað um meðferð sem grein um 33. a í barnalögum nr 76/2003 um sáttameðferð sýslumanns gerir kröfu um að aðilar sem slíta samvistum eða skilja og eiga saman börn, undirgangist.

Niðurstöður rannsóknarinnar geta haft hagnýtt gildi fyrir starfsfólk sýslumannsembætta sem koma að sáttameðferð.

Ég tel að reynsla af ofbeldi í nánu sambandi hafi gríðarlega mótandi áhrif á líf manneskju. Mín reynsla hefur mótað mig og gert mig að þeirri manneskju sem ég er í dag og ég tel að þessi reynsla hafi gefið mér dýpt, skilning og innsýn í málaflokkinn sem margir þeir sem ekki hafa upplifað samskonar aðstæður, geta ekki sett sig í.

Í rannsókninni mun ég leitast við að fanga upplifanir og reynslu 10 kvenna til lögbundinar sáttameðferðar. Einnig verður skoðað hvað varð til þess að þær yfirlit af ofbeldismennina hvernig staða brotabola var, á meðan á sáttameðferð stóð og hvernig hún var eftir að skilnaði lauk. Jafnframt verða skoðaðir hagsmunir barna í þessari stöðu. Að lokum verða lagðar fram tillögur að úrbótum og gerð samantekt á niðurstöðum.

Viðmælendur mínir voru 5 íslenskar konur og 5 konur af erlendum uppruna. Allar konurnar höfðu þá reynslu að hafa búið við ofbeldi í nánu sambandi og allar konurnar nema ein áttu barn/börn með ofbeldismanninum.

Rannsóknarspurningarnar sem settar eru fram eru:

- Hver er upplifun íslenskra kvenna og kvenna af erlendum uppruna sem fara úr ofbeldissamböndum?

Hér verður m.a. skoðað hver sé aðdragandi þess að þær skilji við eiginmenn sína og hverjar voru upplifanir þeirra í sambandinu?

- Hver er upplifun viðmælenda af sáttameðferð sýslumanns?

Hér verður einnig skoðað hver sé reynsla viðmælenda af skilnaðarferlinu með sérstaka áherslu á umgengis- og forræðismál. Einnig verður spurt út í og skoðuð líðan þeirra eftir skilnað.

1.3 Uppbygging ritgerðar

Ritgerðinni er skipt upp í 8 kafla sem flestir hafa nokkra undirkafla

Í öðrum kafla er gerð grein fyrir fræðilegu sjónarhorni rannsóknarinnar sem er kynjafræðileg. Þar er fjallað um karllæg yfirlit og margþætta undirskipun kvenna. Ofbeldi nánum samböndum er skilgreint ásamt því að fjallað verður um ólíkar birtingamyndir kynbundins ofbeldis og tíðni ofbeldis í nánum samböndum.

Í þriðja kafla er fjallað um aðferðafræði rannsóknarinnar sem er eigindleg og staða rannsakaða er kynnt. Einnig er gerð grein fyrir aðgengi og vali á þátttakendum, framkvæmd

rannsóknarinnar og gagnaöflun. Ásamt því að siðferðileg álitamál og takmarkanir rannsóknarinnar eru settar fram.

Í fjórða kafla er fjallað um upplifanir íslenskra og erlendra kvenna sem hafa farið úr ofbeldissamböndum. Einnig er skýrt frá því hver var aðdragandi þess að þær að þær skildu við eiginmenn/sambúðarmenn sína og hverjar voru upplifanir þeirra í sambandinu.

Í fimmta kafla er skýrt frá upplifun kvennanna á sáttameðferð sýslumanns ásamt því að fjalla um stöðu kvennanna á meðan sáttameðferð var ólokið.

Í sjötta kafla er fjallað er um stöðu barna sem eiga feður sem eru ofbeldismenn og hvernig samskipti ofbeldismanna við brotþola hafa áhrif á þau.

Í sjöunda kafla er skýrt frá stöðu kvennana eftir skilnað og skoðað hvort að skilnaður þeirra við ofbeldismennina leysi þær undan ofbeldinu sem þeir beita þær.

Í áttunda kafla er greint frá tillögum að úrbótum og þar er einnig að finna samantekt og lokaorð.

Í lok ritgerðar fyrir aftan heimildaskrá er svo að finna viðauka með ítarefni sem tengjast rannsókninni.

2 Fræðilegar undirstöður

Fræðilegar undirstöður þessarar ritgerðar byggjast á kenningum Lorraine Wolhuter um samtíðinn mismununarþreita. En þar er talið að þættir á borð við kynþátt, stétt, kyn og kynhneigð hafi áhrif á stöðu einstaklinga innan samfélaga. Einnig er stuðst við og byggt á kenningum Pierre Bourdieu um hvernig karllæg yfirráð hafa áhrif á undirskipun kvenna og hvaða áhrif það hefur á það ofbeldi er þær verða fyrir af hendi karla.

Í fyrsta hluta kaflans verður farið yfir fræðilegar undirstöður rannsóknarinnar, í öðrum hluta er ofbeldi í nánum samböndum skilgreint og að lokum í þriðja hluta verður fjallað um ólíkar birtingamyndir kynbundins ofbeldis og tíðni þess.

2.1 Karllæg yfirráð og margþætt undirskipun

Bourdieu (2008) hefur bent á að jafnréttis barátta kvenna takist á við hugmyndir um grunngerð samfélagsins sem er viðhaldið í gegnum orðræðu hina ráðandi og styrkt með kerfisbundnu ofbeldi. Hann segir að hinir undirskipuðu, eða konur, nýti sér einnig þessa orðræðu og þessi frumhugtök samfélagsins til að reyna að skapa sér veruleika út frá sjónarhóli hinna ríkjandi. Og þar með styrki þær þessi valda tengsl þannig að þau virka eðlileg (Bourdieu, 2008). Hann telur að þetta ástand virki eins og „fölsk meðvitund“ marxískrar hugmyndafræði þar sem hinir undirskipuðu tileinka sér orðræðu hinna ráðandi. En slík leiðir til þess að hinir undirskipuðu fara að skynja óréttlátar aðstæður sínar sem réttlátar eða eðlilegar. Hann segir að því sé mikilvægt að koma í veg fyrir að konur upplifi áframhaldandi ofbeldi og valdleysi gagnvart ofbeldismönnum í gegnum ríkisvaldið (Bourdieu, 2004).

Bourdieu bendir ennfremur á að áhrif yfirráða eins hóps yfir öðrum hvort sem þau séu vegna uppruna, kyns eða annarra þátta séu ekki alltaf greinileg í daglegum samskiptum. Heldur sé þeim stýrt í gegnum skynjanir sem eru í grunngerð hvers samfélags. Því sé ekki hægt að skilja yfirráð karla og undirgefni kvenna án þess að taka með í reikninginn þau áhrif sem samfélagsgerðin sjálf hefur á konur. Það er að segja þær kröfur sem samfélagið gerir um að konur fylgi. Hann bendir einnig á að þetta vald hafi bein áhrif á hegðun án áþreifanlegar þvingunar (Bourdieu, 2007).

Bourdieu segir ennfremur að það sé í raun gífurlega villandi að trúa því að hægt sé að yfirstíga samfélagslegt ofbeldi eingöngu með viljann að vopni. Þar sem áhrif þess gætir svo djúpt í grunngerð samfélagsins og þar sem hugmyndir um ofbeldið lifi áfram löngu eftir að þær samfélagslegu ástæður sem bjuggu þær til séu horfnar (Bourdieu, 2007). Þetta verður til þess

að konur eru gerðar ábyrgar fyrir eigin undirskipun og að jafnframt sé því haldið fram að konur velji þau hlutskipti sjálfar. En eðlishyggjuhugmyndir um undirgefni kvenna hafa í þessu samhengi verið notaðar til að réttlæta undirskipun þeirra með það að markmiði að viðhalda óbreyttu ástandi í samfélaginu (Bourdieu, 2007).

Þeir sem aðhyllast gagnrýninn kynþáttafeminisma (e. *critical race feminism*) gagnrýna eðlishyggju hugmyndir um kyn. Þeir benda t.a.m. á að almennt hafi löggjöfinni mistekist að bera kennsl á að efni laga sé ekki einungis karllægt. Heldur miðist löggjöf almennt út frá kynþætti hvítra karla. Wolhuter bendir á að samkvæmt þessum eðlishyggju hugmyndum kynjanna birtast allar konur sem einn óaðgreinalegur hópur þar sem ekki er tekið tillit til mismununarbreytna vegna t.d. ólíks uppruna, kynþáttar, kyngervis, trúarbragða eða annarra þátta. Hún bendir einnig á að samkvæmt þessum hugmyndum þá séu konur sem heild ávallt skilgreindar sem „hinir“ samkvæmt þessum karllægum normum í lagalegri umræðu.

Wolhuter segir að tengslin á milli þessara karllægu norma og kvenlegu „hinna“ eru síðan lagskipt í flokkum með margskonar tvíhyggju andstæðum þar sem hin gengislækkaði kvenleiki er settur samhliða öllu hinu huglæga, tilfinningalega og aðgerðalaus. Á meðan hið forréttinda karlkyn fær hliðstæðu í öllu hinu hlutlæga, skynsama og virka. Með hliðsjón af þessari skuldbindingu við hina karlægu hlið þessarar tvíhyggju, þá byggja lögin lagalegt efni sitt á karlægum gildum (Wolhuter, 2010).

Tvíhyggja eins og Sigríður Dúna Kristmundsdóttir (1994) bendir á gengur út frá því að félagslegt líf einstaklinga fari fram á tveimur meginsvæðum, einkasvæði (e. *private sphere*) og opinberu svæði (e. *public sphere*). Eða innra og ytra rými samfélagsins og að þessi skipting hafi mótandi áhrif á félagsleg tengsl og gildi einstaklinga og hópa. Skiptingin í innra og ytra svið samfélagsins endurspeglar einnig hugmyndir Sherry Ortner (1974) um tvenndarparið náttúra og menning. Í þeirri skiptingu eru konur ávallt staðsettar á innra sviðinu en það svið einkennist af því sem viðkemur fjölskyldu og að sjá um börn og heimili. Það sé vegna þeirrar ástæðu að konur hafi þann líffræðilega eiginleika og getu til að ala börn. Karlar eru hinsvegar yfirleitt staðsettir í ytra rými samfélagsins sem er svið efnahags og pólitíkur og þar fara þeir með allar ákvarðanatökur varðandi grunngerð samfélagsins.

Lynn Weber (1998) segir að kynþáttur, stétt, kyn og kynhneigð sé ekki einungis röðun félagslegra metinna auðlinda þeirra sem hafa betri tekjur eða meiri virðingu. Heldur séu þetta valdasambönd þeirra sem hafa vald og stjórn yfir öðrum hópum. Þrátt fyrir að brotapolar

ofbeldis í nánum samböndum geti komið úr öllum samfélagsstigum þá bendir Weber á að kynþáttur, stétt, kyn og kyngervi eru félagslega sköpuð fyrirbæri og að þýðing þeirra byggist á baráttu hópa um félagslegt auðmagn. Það er að ráðandi hópar skilgreina þessa þætti í stigveldi þar sem hvítir gagnkynhneigðir karlmenn eru skipaðir æðstir. Þessir ráðandi hópar réttlæta svo stigveldið með því að halda því fram að röðunin sé af náttúrulegum toga en ekki hönnum þeirra sem völdin hafa (Weber,1998).

Wolhuter (2010) hefur einnig fjallað um áhrif þessa stigveldis og samvinnun mismununarbreytna í dómskerfum. Hún bendir á að vegna þess að óhlutdrægni, hlutleysi og hlutlægni krefjist ákveðinnar fjarlægðar þá kemur það oft í veg fyrir að dómara geti „heyr“ upplifanir þeirra sem verða fyrir margþættri mismunun. Í því samhengi vitnar hún í Audrey Kobayashi sem bendir á að gera þurfi grundvallarbreytingar á aðferðafræði dómstóla með það að markmiði að gera upplifanir á margþættri mismununum hluta af eðlilegum skilningi á lífaðri reynslu einstaklinga. Wolhuter bendir á að auðveldara sé fyrir dómara að hafa samkennd með aðilum sem þeir tengja við en mun erfiðara sé að hafa samkennd með fólki af ólíkum uppruna og/eða af öðru kyni.

Brynhildur G. Flóvenz (2009) hefur bent á að kvenkyns lögfræðingar hafi gagnrýnt þessa skiptingu tilverunnar og laganna í opinbert svið og einkasvið. Hún segir að þar sem að hinu opinbera sviði sé stýrt af reglum en einkasviðinu ekki hafi það í för með sér að þær ógnir sem steðja að konum falli ekki undir alþjóða mannréttindalög. Hún bendir ennfremur á að, á meðan körlum standi helst ógn af hinu opinbera sviði eða öðrum körlum, ekki endilega nánum þeim þá stafi konum mest hættu á innra sviðinu eða af mökum sínum eða fyrrverandi mökum.

Kristín Loftsdóttir, Margrét Sigrún Sigurðardóttir og Kári Kristinsson (2016) hafa fjallað um hvernig birtingarmyndir kynþáttafordóma hafa breyst á undanförunum árum. Þau benda á að eftir seinna stríð hafi mismunun í garð „annarra“ kynþátta þótt óásættanleg. En þrátt fyrir að kynþáttafordómum hafi verið formlega úthýst þá hafi hugmyndin um ólíka kynþætti að einhverju leyti lagað sig að nýjum aðstæðum. Þau benda á að í stað þess að fjalla um líffræðilegan mun ólíkra hópa sé sjónum frekar beint að menningu þeirra eða trúarbrögðum. Því séu kynþáttahugmyndir í dag endurskapaðar á grundvelli hugmynda um menningu, trúarbrögð, kyn eða annarra félagslegra þátta.

Þau vísa jafnframt í mannfræðinginn Gerd Bauman sem hefur bent á að „samfélagsleg umræða líti gjarnan á einstaklinga sem smættaða útgáfu af menningu sinni, og menningu sem

fyrirbæri sem þeir tilheyra eða tilheyra ekki“ (Kristín Loftsdóttir, Margrét Sigrún Sigurðardóttir, Kári Kristinsson, 2016). Þau benda á að t.d. fordómar í garð múslima og Austur-Evrópubúa hafi átt sér langa sögu í Evrópu þar sem þeir töldust ekki falla að evrópskum gildum. Þau benda einnig á að A-Evrópubúar hafi verið skilgreindir sem ekki fullkomlega evrópskir og að litið hafi verið á múslima sem andstöðu við evrópsk gildi (Kristín Loftsdóttir, Margrét Sigrún Sigurðardóttir, Kári Kristinsson, 2016).

Unnur Dís Skaptadóttir (2010) hefur bent á að undanfarna tvo áratugi hafa margir einstaklingar af erlendum uppruna flust til Íslands vegna mikils atvinnuframboðs. Því hafi hlutfall innflytjenda af heildaríbúafjölda á Íslandi aukist og hafi aukist mest á uppgangstímanum upp úr síðustu aldamótum en á vef Hagstofunar kemur fram að hlutfall erlendra ríkisborgara á Íslandi hafi verið 8.9% árið 2017 (Hagstofa Íslands, e.d.). Unnur Dís bendir jafnframt á að frá árinu 2003 til dagsins í dag megi finna breytingar á viðhorfum til innflytjenda hér á landi þar sem helsta breytingin hafi verið sú að í efnahagsþrengingum hér hafi viðhorf til þeirra orðið meira útilokandi. Á þeim tíma hafi þjóðernishyggja Íslendinga lagt megin áheyrslu á „góðu gömlu gildin“ en í þeim felst mikil áheyrsla á allt sem er íslenskt sem Unnur Dís bendir á að hafi jafnvel verið meira útilokandi en fyrri þjóðernisumræða.

2.2 Ofbeldi í nánnum samböndum

Í umræðu um ofbeldi sambúðarfólks er mikilvægt að byrja á að gera greinarmun á ofbeldi á milli tveggja jafnstærkra einstaklinga og því sem fellur undir almenna skilgreiningu um ofbeldi í nánnum samböndum. Í ofbeldi milli tveggja jafnstærkra einstaklinga (e. *common couple violence*) hefur Ingólfur V. Gíslason (2008) skilgreint það sem deilur para sem geta farið úr böndunum. En þá getur hvor aðilinn sem er gripið til ofbeldis án þess að ákveðnar valdahugmyndir séu að baki. Í þeim tilvikum er lítil sem engin tilhneiging til aukins ofbeldis og ofbeldið er ekki einhliða kúgunartæki. Ingólfur skilgreinir aftur á móti hið dæmigerða ofbeldi í nánnum samböndum sem ógnarstjórn feðraveldis (e. *patriarchal terrorism*) þar sem ofbeldi er beitt samkvæmt gömlum eignaréttum hugmyndum karla á konur. En það er sú tegund ofbeldis sem hefur tilhneigingu til að aukast og verða alvarlegra eftir því sem á líður (Ingólfur V. Gíslason, 2008).

Brynhildur G. Flóvenz (2009) bendir á að ofbeldi í nánnum samböndum sé flókið og samsett fyrirbæri þar sem ekki sé um að ræða einstaka líkamsmeiðingar sem falla undir annað hvort 217. eða 218. gr. almennra hegningarlaga (Hér eftir alm. hgl.). Heldur felst í því valda- og

kynjamisrétti þar sem ótti um líf og heilsu sé undirliggjandi og það sé sá undirliggjandi ótti og ógn sem geri þessa tegund ofbeldis frábrugna öðru ofbeldi, ásamt því að vera sviptur sjálfsvirðingu og sjálfræði.

Í umfjöllunum sínum hefur Brynhildur (2009) bent á að árið 2004 hafi ráðherra farið þess á leit við refsiréttarnefnd á vegum dómsmálaráðuneytisins að nefndin gæfi álit á þeim sjónarmiðum um hvort bæri að setja í almenn hegningarlög refsíákvæði þar sem kæmi fram að heimilisofbeldi væri tiltekið sem sérstökum refsínæmum verknaði. Eða hvort ætti áfram að styðjast við hin almennu líkamsmeiðingarákvæði 217. og 218. gr. laganna. Hún segir að í undirbúningi frumvarpsins hafi nefndin ekki leitað eftir upplýsingum hjá samtökum sem hafa yfir að geyma mikið magn upplýsinga um málaflokkinn og nefnir þar Sameinuðu þjóðirnar, Evrópuráðið, Kvennaathvarfið og Stígamót. Einnig bendir Brynhildur á að hjá Alsherjanefnd Alþingis sem tók málið fyrir var einungis um 20% þeirra sem fjölluðu um kynbundið ofbeldi gegn konum konur en um 80% voru karlar sem af karlægum forsendum hafa litla innsýn í reynsluheim kvenna.

Á vef Kvennaathvarfsins kemur einnig fram að þar sem ofbeldið er af hendi einstaklings sem er brotþola mjög náinn þá sé þessi tegund ofbeldis álitin sársaukafyllri en ella og setji brotþola í erfiðari stöðu þegar kemur að því að slíta slíku sambandi (Kvennaathvarfið, e.d.). Á vef Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar (e. *World health organization*, WHO), (2018) er ofbeldi í nánu sambandi, (e. *interpersonal violence*, IPV), skilgreint sem hegðun sem veldur líkamlegum, andlegum eða kynferðislegum skaða þeim sem fyrir því verður.

Á vef Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar kemur einnig fram í umfjöllun um ofbeldi að jafnvel þó að konur geti verið ofbeldisfullar í samböndum við karlmenn þá sé það oft í sjálfsvörn. Og þrátt fyrir að ofbeldi eigi sér stundum stað í samböndum fólks af sama kyni þá eru lang flestir þeir sem beita konur ofbeldi karlkyns makar þeirra eða fyrrverandi makar. Þar segir enn fremur að karlmenn séu hinsvegar mun líklegri til að upplifa ofbeldi af hendi ókunnugra eða kunningja (Alþjóðaheilbrigðisstofnunin, 2018).

Í mörgum ofbeldissamböndum má líkja ferlinu við einhversskonar hringrás. Kenningin um ofbeldishringinn var sett fram árið 1979 af Dr. Lenore Walker en hún skiptir ferlinu í þrjú stig. Hið fyrsta er uppbygging spennu, (e. *tension building phase*). Þar byggist spenna upp á milli einstaklinga sem eru í ofbeldissambandi og ofbeldismaðurinn beitir hér oft andlegu og/eða fjárhagslegu ofbeldi. Annað stig er losun spennu í formi líkamlegrar og/eða andlegrar árásar,

(e. *acute explosion*). En þá fær ofbeldismaðurinn útrás fyrir ofbeldið og þar bættist oft við líkamlegt og/eða kynferðislegt ofbeldi. Þriðja stigið er svo kallað hveitibrauðsdagur, (e. *honeymoon stage*). Þá er stundum eins og ofbeldismaðurinn iðrist gjörða sinna og hann biðst afsökunar en kennir samt oft öðrum utanaðkomandi áhrifum um hegðun sína. Það er á þessu stigi sem brotápolar upplifa oft að þær hafi endurheimt aftur einstaklinginn sem þær kynntust í upphafi sambands og það hefur ruglandi áhrif á þær. Brotápolar auðlast þá oft von um að ástandið muni batna og að ofbeldismaðurinn þurfi einungis smá hjálp og stuðning til að takast á við þetta vandamál (Walker, 1979).

Rannsóknir hafa leitt í ljós að meirihluti kvenna sem upplifa ofbeldi í nánnum samböndum eru ekki aðgerðalausir þolendur heldur hafi þær oft þróað úrræði til að reyna að hámarka öryggi sitt og barna sinna (Heise og fleiri, 2002). Það kemur fram í rannsókn sem Heise og fleiri gerðu fyrir Alþjóðaheilbrigðisstofnunina að það sem oft hafi verið túlkað sem aðgerðaleysi brotáþola geti í raun verið vegið mat um hvernig þær sjái að best sé að verja sig og börn sín. Í rannsókninni komu einnig fram margar vísbendingar um af hverju konur dvelja áfram í ofbeldissamböndum. Þar má nefna hræðsla um hefnd, skort á fjárhagslegum stuðningi, áhyggjur af börnum sínum og skort á stuðningi frá foreldrum og vinum. Einnig má nefna þætti á borð við skömm og/eða hræðslu við að missa forræði yfir börnum ásamt ást og von um að makinn muni breytast (Alþjóðaheilbrigðisstofnunin, 2018).

Rannsóknir Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar sýna einnig fram á að konur sem beittar eru ofbeldi mælast með hærri tíðni af þunglyndi, kvíða og hræðslu en konur sem ekki hafa orðið fyrir ofbeldi. Samkvæmt fjölþjóðarannsókn Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar er tilfinningalegt ójafnvægi (e. *emotional distress*), sjálfsvígshugsanir og tilraunir til sjálfsvíga töluvert hærri á meðal kvenna sem höfðu upplifað ofbeldi í nánnum sambandi. Sé það borið saman við konur sem aldrei höfðu upplifað líkamlegt og/eða kynferðislegt ofbeldi. Þar að auki fundust tengingar á milli þess að hafa upplifað ofbeldi í nánnum sambandi og þess að misnota áfengi og fíkniefni. Einnig var þar bent á að þær konur sem höfðu upplifað ofbeldi í nánnum sambandi glímdu oft við átraskanir, svefntruflanir, hreyfingaleysi, lágt sjálfsmat, áfallastreituröskun, reykingar, sjálfsskaðandi hegðun og hættulegrar kynhegðunar (Alþjóðaheilbrigðisstofnunin, 2018).

Michelle Ciorra (2018) hefur fjallað um sjálfsforræði (e. *autonomy*) brotáþola ofbeldis í nánnum samböndum. Hún segir að skortur á sjálfsforræði sé eitt af því sem einkennir oft brotáþola ofbeldis í nánnum samböndum. Hún vísar í grein sinni í Friedman sem skilgreinir

sjálfsforræði sem getu til að geta speglað hið dýpra gildismat sitt og áhyggjuraddir ásamt því að geta brugðist við því. Ciurria vitnar áfram í Friedman og bendir ennfremur á að ofbeldi í nánnum samböndum grafi undan sjálfsforræði brotþola á þremur sviðum. Í fyrsta lagi þá ógnar það öryggi og sjálfsbjargarviðleitni brotþola sem undir eðlilegum aðstæðum væru markmið sem allar manneskjur myndi fylgja í minna þvingandi aðstæðum. Í öðru lagi þarf brotþoli að beina allri athygli að ofbeldismanninum sem kemur í veg fyrir að hún geti sjálf fylgt sínum grundvallar mannréttindum sem snýr að sjálfsbjargarviðleitni, öryggi, sjálfsþroska og velferð. Í þriðja lagi þá lætur brotþoli undan vilja ofbeldismannsins sem verður til þess að hún forgangsraðar hans markmiðum ofar sínum eigin grunnþörfum. Ciurria bendir einnig á að minnkað sjálfsforræði sé í raun sálfræðilegt fyrirbæri sem orsakast og er viðhaldið af utanað komandi þáttum eins og misnotkun og valdbeitingu. Hún segir að minnkað sjálfsforræði geti framkallað það sem kallað er skammtíma aðstæðunæmni (e. *situation-sensitive*). En það dregur úr sjálfsforræðisástandi brotþola ofbeldis í nánnum samböndum. Og hún tekur fram að minnkað sjálfsforræði orsakast eða myndast ekki vegna persónulegra einkenna heldur álags (Ciurria, 2018).

Hildur Fjóra Antonsdóttir (2018), hefur bent á að brotþolar kynferðisofbeldis hafa öðrum fremur, upplifað það sem kallast endurtekið ofbeldi (e. *secondary victimisation*). Það er þegar brotþolar upplifa að þeim sé kennt um aðstæður sínar eða efast sé um það sem þeir segja og með því sé brotið á þeim aftur (e. *revictimised*). En þar sem brotþolar kynferðisofbeldis og kynbundins ofbeldis eru oft í viðkvæmri stöðu þá er nauðsynlegt fyrir þá að finna að þeir sem koma að málum þeirra komi fram af virðingu og tilvitsemi.

Í greininni *Secondary Victimization of Crime Victims by Criminal Proceedings* fjallar höfundurinn Uli Orth (1994) einnig um endurtekið ofbeldi. Hann vitnar í Leo Montada sem segir að „endurtekið ofbeldi hafi verið skilgreint sem neikvætt félagslegt eða samfélagslegt viðbragð við frumofbeldinu sem brotþoli varð fyrir og að það sé jafnan upplifað á þann hátt að það hafi enn frekar verið brotið á lögbundnum réttindum og réttmæti brotþola“.¹ Í greininni tekur Orth dæmi um þegar brotþolar tilkynna glæpi til lögreglu þá sé það viðbragð yfirvalda að rannsaka meintan glæp og ef ástæður liggi fyrir þá sé dómssmál höfðað gegn hinum

¹ Secondary victimization has been defined as negative social or societal reaction in consequence of the primary victimization and is experienced as further violation of legitimate rights or entitlements by the victim.

ákærða (Orth, 2002). Með því sé þá komin ákveðin staðfesting fyrir brotþola um að yfirvöld hafi meðtekið að brotið hafi verið gegn þeim.

Í því samhengi þarf að skoða hvaða áhrif það geti haft að embætti sýslumanns lítur ekki til ofbeldis í meðhöndlun ofbeldismála í sáttameðferð en það kom fram í viðtali Einars Þorsteinssonar við Þórólf Halldórsson, sýslumann á höfuðborgarsvæðinu í Kastljósi (2018). Þar segir Þórólfur að embættið líti ekki til ofbeldis í meðhöndlun ofbeldismála því séu öll mál sem koma á borð hjá sýslumanni meðhöndluð á sama hátt. Þórólfur segir:

Ja sko ofbeldi hefur ekki beina þýðingu ekki í þeim skilningi, nema það að, það birtist sem þáttur sem annar aðili máls setur fyrir sig og verður þá þess valdandi að að hérna málið gengur ekki fram hjá sýslumanni, og, af því að við erum að tala um sko, við tölum um, að, það er hægt að fara með mál fyrir dóm, en það er líka auðvitað hægt fyrir hérna aðila sem svona stendur á hjá, eða hjón, að fá sér lögmann og það er ekki óalgengt að það, það mæta lögmennt með aðilum hjá sýslumanni og þá er náttúrulega verið að reyna að leita leiða til þess að sætta mál (Kastljós, 6. júní 2018).

Þórólfur nefnir að mögulegt sé að hafna sáttameðferð og fara með mál fyrir dómstóla sem hefur oft mikin kostnað í för með sér. En hér þarf að horfa til þess að brotþolar ofbeldis í nánnum samböndum hafa oft bága fjárhagslega stöðu. Því eigi þeir oft erfitt með að standa undir lögfræðikostnaði þar sem fjárhagslegt ofbeldi er ein birtingarmynd ofbeldis í nánnum samböndum (Alþjóðaheilbrigðisstofnunin, 2018; Ingólfur V. Gíslason, 2008; Kvennaathvarfið, e.d.).

Brotþolar ofbeldis vilja að samfélagið taki afstöðu til þess að brotið hafi verið gegn þeim og að viðurkennt sé að þeir hafi orðið fyrir ofbeldi. Orth vísar hér aftur í Montada sem segir „[A]ð brjóta gegn þörfum brotþola með því að viðurkenna ekki stöðu þeirra sem brotþolar er líklegt til að vera upplifað sem sérstaklega sterk tegund af endurteknu ofbeldi“ (Orth, 2002). Nauðsynlegt er hér að nefna að brotþolar sem vísa málum í dóm upplifa samt ekki í öllum tilvikum réttlæti. Þar sem sakborningar geta hlotið væga dóma, verið sýknaðir eða málum verið vísað frá (Orth, 2002). Hildur Fjóra Antonsdóttir (2008) hefur bent á að brotþolar séu sáttari ef þeir upplifa að mál þeirra hafa vægi en í því fellst að yfirvöld viðurkenni að brotið hafi verið gegn þeim.

Orth (2002) bendir einnig á að mikilvægt sé að líta til þess hvernig brotþolar upplifa að mæta ofbeldismönnum sínum. Hann segir að þar sem sakamál séu sálfræðilega mjög streituvaldandi fyrir brotþola því sé afar mikilvægt að líta til þess í þróun verkferla sem snýr

að þjónustu við þá. Hann nefnir dæmi um að þegar vitnisburðir eru gefnir þá séu brotapolar oft augliti til auglitis við ofbeldismenn sína og að það ásamt nærveru annarra áhorfenda sé talið vera mjög streituvaldandi fyrir þá (Orth, 2002). Hann vísar einnig í Bennett, Goodman og Dutton, ásamt Gutheil og fleiri (1999; 2000), og segir „[S]ú langa bið frá því að glæpur er tilkynntur til lögreglu og þar til málið er tekið fyrir eykur enn á sálfræðilega streitu brotþola. Þar sem brotþolar upplifi sakamálaferlið sem endurtekin persónuleg átök við ofbeldismanninn“ (Orth, 2002).

Því er mikilvægt að skoða hvernig brotþolar ofbeldis í nánnum samböndum upplifi að mæta ofbeldismönnum sínum í aðstæðum þar sem ekki er litið til þess ofbeldis sem þær hafa orðið fyrir. Þar sem þeim er gert að semja óstuddar við ofbeldismenn sína um hagsmunamál er varða framtíð þeirra. Wolhuter (2010) bendir á að sálfræðileg ráðgjöf geti oft hjálpað brotþolum í þessum aðstæðum sem og við undirbúning dómsferla. Hún segir ennfremur að yfirvöld ættu að hafa þá ábyrgð að sporna gegn endurteknu ofbeldi í meðferð sakamála með því að grípa til viðeigandi ráðstafana (Wolhuter, 2010).

Í skýrslu sem Hildur Guðmundsdóttir (2009) gerði fyrir Kvænnaathvarfið kemur fram að konur af erlendum uppruna eru oft í verri félagslegri stöðu hér á landi en íslenskar konur, en hún segir:

[S]egja má að vandamálin margfaldist í sumum tilfellum þegar konur af erlendum uppruna eiga í hlut vegna stöðu þeirra sem nýir einstaklingar í íslensku samfélagi. Vandamálin eru margþætt og teygja anga sína til tveggja heima eða jafnvel víðar. Það hangir svo margt á spýtni. Réttur til dvalar og vinnu á Íslandi, skólaganga barna, viðtökur í „gamla“ samfélaginu og/eða afkoma þar. Sumar konur eiga ekki afturkvæmt af menningarlegum ástæðum. Vandamálin virðast yfirþyrmandi og þess vegna finnst starfskonum Kvænnaathvarfsins mikilvægt að skoða hvort konur af erlendum uppruna gefist frekar upp en íslenskar konur, ekki síst þær sem koma frá löndum utan EES, og snúi heim til ofbeldismannsins eftir dvöl í Kvænnaathvarfi“.

Í þessum kafla hefur verið fjallað um skilgreiningar á ofbeldi í nánnum samböndum og hvaða áhrif það hefur á sjálfsforræði brotþola. Ásamt því að fjalla um skilgreiningu á hugtakinu endurtekið ofbeldi og hvaða áhrif það hefur á brotþola ofbeldis.

2.3 Ólíkar birtingamyndir kynbundis ofbeldis

Ofbeldi í nánnum samböndum þróast í gegnum tíma en það byrjar oft sem sjúkleg afbrýðissemi, stjórnnum og reiði. Almenn er ofbeldi í nánnum samböndum flokkað í andlegt, líkamlegt, kynferðislegt, fjárhagslegt og/eða stafrænt ofbeldi. Brotþoli getur upplifað ofbeldi sem fellur

undir einn eða jafnvel alla flokka þess og því á ofbeldishegðunin sér nánast engin mörk og henni getur verið beitt miskununarlaust. Birtingamyndir ofbeldis í nánnum samböndum geta verið ýmsar. Þar með er talið morðhótanir en það þarf ekki að fjölyrða um hversu gríðarleg valdbeiting er í því að hafa líf annarra í höndum sér (Ingólfur V. Gíslason, 2008; Kvennaathvarfið, 2018).

Fjárhagslegt ofbeldi er stór þáttur í ofbeldi í nánnum samböndum og getur haft þær afleiðingar að minnka möguleika brotþola á að yfirgefa ofbeldismann og heldur brotþola oft lengur í ofbeldissambandi. Dæmi um fjárhagslegt ofbeldi er að banna brotþola að afla sér tekna eða þegar ofbeldismaður tekur og ráðstafar innkomu brotþola. Einnig getur þetta falið í sér að neita honum um peninga eða þeir naumt skammtaðir, krafa um skýringar á útgjöldum, skuldir skráðar á brotþola og hótanir um að láta skuldir falla á hann (Ingólfur V. Gíslason, 2008; Kvennaathvarfið, 2018).

Andlegt ofbeldi getur lýst sér á margan hátt en markmið þess er að grafa undan sjálfstrausti brotþola og brjóta hann niður. Andlegt ofbeldi er í flestum tilfellum undanfari annarra tegunda ofbeldis. Með andlegu ofbeldi reynir ofbeldismaður að fá brotþola til að efast um hæfni sína og upplifanir og einangra hann svo hann nái síður að spegla upplifanir og líðan sína við aðra.

Þær aðferðir sem þekktar eru eru meðal annars niðurlægjandi athugasemdir, ógnanir og hótanir s.s. hótanir um að eyðileggja eigur eða hluti sem eru brotþola kærir. Að nota börn brotþola sem ógnun, hóta því að skaða sjálfan sig, hóta erlendum konum að þær muni ekki fá að umgangast börn sín eða hóta þeim brottvísun úr landi. Ásamt því að viðhafa stöðugt eftirliti bæði á samfélagsmiðlum en einnig með spurningum. Birtingamyndir geta einnig verið þvinganir til einhverra athafna, einangrun frá fjölskyldu og vinum. Gagnrýni, afbrýðissemi, svívirðingar, reiði og öskur ásamt því að gera lítið úr upplifun konunnar hvort sem það er á ofbeldinu eða öðrum þáttum og láta hana efast um þær (Ingólfur V. Gíslason, 2008; Kvennaathvarfið, 2018).

Áhrif andlegs ofbeldis getur gætt jafnvel þótt ofbeldismaðurinn sé ekki í sama rými og brotþoli því stjórnunin getur haldið áfram vegna taksins sem ofbeldismaðurinn hefur á brotþola.

Ein tegund andlegs ofbeldis eins og Ingólfur V. Gíslason (2014) lýsir, er stjórnunar- og kúgunarferli þar sem sá aðilinn sem beitir ofbeldinu reynir að fá hinn aðilann til að láta að vilja

sínum og sjá tilveruna með sínum augum. Kate Abramson (2014) skilgreinir hugtakið gasljóstrun eða (e. *gaslighting*) sem tegund af andlegri stjórnun. Þar sem sá aðili sem beitir gasljóstrun reyni meðvitað eða ómeðvitað að orsaka hjá öðrum aðila að skynjun hans, viðbrögð, skilningur, minningar eða hugmyndir séu ekki einungis rangar heldur gjörsamlega fjarstæðukenndar og jafnvel svo tilhæfisláusar að þær myndu flokkast sem galnar. Þess vegna sé gasljóstrun ólík því að hafna staðhæfingu eða tilfinningu einhvers, því með því að hafna staðhæfingu eða tilfinningu þá er verið að koma á framfæri að viðmælandinn sé ekki tekinn alvarlega. Með gasljóstrun er hinsvegar takmarkið að fá aðra manneskju til að taka ekki mark á sjálfri sér og upplifun sinni. Þetta er ferli sem endurtekur sig yfirleitt á löngum tíma og hefur þau áhrif að einstaklingur getur einangrast á margs konar hátt.

Abramson (2014) bendir á að gasljóstrun sé í eðli sínu ekki kynbundið ofbeldi en segir að þrátt fyrir það séu gasljóstrunar samskipti kynbundin á margan hátt. Hún nefnir að til að byrja með þá verði konur frekar fyrir gasljóstrun en karlmenn og að karlmenn grípi frekar til gasljóstrunar en konur. Þá eigi gasljóstrun sér oft stað í samhengi og sem svar við mótmælum kvenna við framkomu sem einkennist af kynjamisrétti. Og í einhverjum tilvikum er stjórnuninni beitt með það að markmiði að fá brotþola til að tileinka sér kynjamisréttishugmyndir karla. Þegar ofbeldismanni tekst að grafa undan hugmyndum og sjálfsverund brotþola getur hann styrkt undirskipaða stöðu brotþola gagnvart sér.

Abramson (2014) bendir einnig á að markmið þeirra sem nota gasljóstrun sé að skapa aðstæður þar sem brotþoli nær hvorki að koma sjónarmiðum sínum á framfæri né ögra stöðu ofbeldismannsins. Hún segir ennfremur að þegar brotþoli er komin á vald gasljóstrunar þá upplifi hann sig niðurbrotinn og einskis virði, finnst hann vera týndur og að það sé jafnvel ekkert eftir af sjálfsmynd hans. Á þeim tímapunkti er brotþoli búin að missa sjálfstæði og siðferði sitt og jafnvel getunni til að átta sig á hvernig hann eigi að bregðast við til að ná sjálfstæði sínu tilbaka (Abramson, 2014).

Í umræðu um gasljóstrun er áhugavert að skoða hvernig brotþolar ofbeldis hafa oft verið gagnrýndir er þær setja hagsmuni barna sinna í fyrirrúm. Það kom t.d. fram í máli Sigrúnar Sifjar Jóelsdóttur. Í því komst sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu að þeirri niðurstöðu, í desember 2017, að konan hefði brotið gegn skyldum sínum og réttindum barnsins með því bera fram ásakanir á hendur föðursins um ofbeldi í nánu sambandi. Sigrún lagði fram í málinu gögn úr dagbókafærslum lögreglunnar þar sem fram komu tilkynningar um heimilisofbeldi þar

sem m.a. var tilkynnt um kynferðisofbeldi, barsmíðar, eignaspjöll, húsbrot og hótanir. Hún hafði jafnframt verið búin að leggja fram kæru á hendur manningum.

Faðir barnsins fór og nam barn þeirra á brott úr grunnskóla þess, án vitundar móður og í óþökk skólastjórnenda. Í kjölfarið birti hann myndband af óttaslegnu barninu og nafngreindi það ásamt því að fara hörðum orðum um barnsmóður sína. Fyrir þetta uppskar hann hrós frá mörgum á samfélagsmiðlum vegna þess gjörnings (Stundin, 18 júlí 2018).

Mæður sem hafa þurft að verja börn sín gagnvart ofbeldisfullum feðrum hafa verið mikið í umræðunni. Háværar raddir hafa gagnrýnt þær og þær hafa verið sakaðar um að beita tálmunum. Gunnar Hrafn Birgisson sálfræðingur hefur fjallað um áhrif hugtaksins *Parental alienation syndrome*, PAS, það er það hefur verið kallað foreldra firringar heilkenni, hann segir:

Parental Alienation Syndrome, eða PAS er þýtt hér sem foreldra firringar heilkenni. Orðið firring merkir að fjarlægja eitthvað eða að svipta einhvern einhverju. Það merkir líka að eitthvað sé fjarstæða eða vitleysa. Í forsjárdeilum er samkvæmt PAS annað foreldrið (oftast móðir) talið svipta hitt foreldrið (föður) barninu eða fjarlægja það frá því. Auk þess er móðir með PAS greiningu álitin í vitfirringu sinni innræta barninu ranghugmyndir og vitfirra andúð á föður. Firring barnsins er svo álitin leið til þess að það ásaki saklausan föður um sífjaspell [eða ofbeldi]. Foreldra firringar heilkenni var sett fram sem greiningarhugtak um geðsjúkdóm, en greiningin felur í sér þann áfellingisdóm að mæður í forsjárdeilum beiti ofbeldi og brjóti mannréttindi barna og feðra. Hugtakið er því lögfræðilegt frekar en geðlæknisfræðilegt eða sálfræðilegt. Upphafismaðurinn Richard A. Gardner geðlæknir fullyrti að PAS væri aðeins að finna þar sem réttarkerfi væru við lýði. Hann taldi réttarkerfi gera mæður og börn siðblind og almennt magna upp geðbilun þeirra. (Gunnar Hrafn Birgisson. 2009).

Gunnar Hrafn (2009) fjallar í grein sinni um afleiðingar þess á börn að vera neydd, samkvæmt dómsúrskurði og vera færð, með opinberu valdi til foreldris sem þau hræðast. En hann bendir á að þetta geti leitt til sjálfskaðandi hegðunar barna og jafnvel sjálfsvígshættu.

Brynhildur G. Flóvenz (2017) hefur skrifað um frumvarp til breytinga á íslensku barnaverndunarlögunum nr. 80/2002 er varðar refsingu við tálmun eða takmörkun á umgengni. Hún bendir á að með frumvarpinu sé lagt til enn frekari þvingunaraðferða ríkisins á hendur þess foreldris sem barn býr hjá sem í flestum tilvikum er móðir. Í frumvarpinu er lagt fram að ef foreldri er barn býr hjá tálmi eða takmarki umgengni hins forsjáradilans sem á umgengnisrétt samkvæmt úrskurði dóma, dómsátt eða samningi staðfestum af sýslumanni þá varði það allt að fimm ára fangelsi. Á meðan foreldri sem barn býr ekki hjá þarf ekki að sæta neinum viðurlögum. Hún bendir á að umræðan sem sé dulbúin sem umhyggja fyrir börnum sé

í raun hagsmunamál feðra sem börn búa ekki hjá. Enda séu nú þegar ákvæði í lögum sem tryggja rétt barna við foreldra sína samkvæmt barnalögum nr. 76/2003.

Í þessu samhengi fjallaði Alda Hrönn Jóhannsdóttir yfirlögfræðingur hjá Lögreglustjóranum á Suðurnesjum um áhrif ofbeldis á heimilum á börn í viðtali á Vísi 7. Júní 2018, hún sagði að börn á ofbeldisheimilum séu oft varnarlaus og þeim vanti rödd (Helsingur manndrápa á Íslandi tengist heimilisofbeldi, Sylvía Rut Sigfúsdóttir, 2018).

Emma Sonjudóttir er barn sem ólst upp á ofbeldisheimili en hún er fædd árið 2004. Hún hefur þrátt fyrir ungan aldur bæði haldið fyrirlestur um upplifun sína í skólanum sínum og einnig tók hún þátt í *Þú átt von: Við sameinum kraftana gegn ofbeldi* fræðslumyndbandaverkefni Jafnréttistofu. Það verkefni var um upplifanir einstaklinga á ofbeldi í nánnum samböndum, í fyrirlestrinum segir Emma:

Svo margir krakkar hlakka til að komast heim eftir skólann. Það er þægilegt að setjast niður og horfa á sjónvarpið, spila tölvuleiki eða bara það að geta fengið að fara frá skólanum eftir daginn. Ég hataði að fara heim. Ég reyndi að finna hvaða afsökun sem var þannig að ég myndi ekki þurfa að fara heim vegna þess að ég vissi að pabbi minn væri alltaf heima að bíða eftir sénsinum að öskra á mig. Hann var alltaf að breyta því sem hann sagði og líka um mig. Eina mínútuna var ég það besta sem kom fyrir hann en hina mínútuna var ég ömurleg dóttir sem kom í veg fyrir allt það góða í lífinu. Allir dagar og nætur voru eins. Þegar ég kom heim þá hélt ég mér alltaf inni í herberginu mínu þangað til mamma mín kom heim. Ég var alltaf of þreytt til þess að gera heimanámið. Ég var í tölvunni allan daginn. Ég borðaði kvöldmat og fékk kannski þriggja tíma svefn vegna allra látanna inni hjá mömmu minni og pabba. Ég var allt of þreytt og reið fyrir skólann og ég var oft að springa í andlitið á fólki. Bróðir minn og mamma voru eins og ég. Ég varð alltaf svo glöð þegar vinir mínir nenntu að leika en ég tók oft eftir því að ef þau gerðu óvart eitthvað vitlaust þá var ekki öskrað á þau og þau voru ekki niðurlægð. Mér fannst það mjög óvenjulegt og skrítið. Fljótlega varð ég þunglynd. Ég fékk á tilfinninguna að ég væri föst og án djóks gat ekki andað nema þegar ég fór út úr íbúðinni. Ég var alltaf að sjá nýja marbletti á höndunum á mömmu minni. Ef ég sagði góða nótt við mömmu mína var ég leiðinleg, ljót og ógeðsleg í heilanum á pabba. Þetta gekk svo langt að ég hefði ekki verið hissa ef ég hefði farið fram um nótt og séð mömmu mína dána á gólfinu. Margir skilja ekki af hverju ég fattaði ekki hvað var í gangi en þegar maður er alinn upp við þessa hluti þá finnst manni þeir vera venjulegir (Emma Sonjudóttir, munnleg heimild, fyrirlestur um reynslu barns á því að búa við heimilisofbeldi í Sæmundaskóla í Reykjavík, 18.október 2018).

Emma talar hér um hvernig það er að vera barn sem býr á ofbeldisheimili og lýsir vel andrúmsloftinu, hræðslunni og álaginu sem því fylgir. En eins og Brynhildur G. Flóvenz (2009) hefur bent á þá felur ofbeldi gegn móður einnig í sér illa meðferð á börnum.

2.4 Tíðni ofbeldis í nánum samskiptum

Fjölbjóðleg rannsókn sem unnin var fyrir Alþjóðaheilbrigðisstofnunina (2012) sýndi fram á að um 40-70% af kvenkyns fórnarlömbum manndrápa voru myrtar af eiginmönnum eða kærustum og oftast í samhengi við ofbeldisfull sambönd.

Þetta er í takt við rannsókn Jóhönnu Rósu Arnardóttur (2009) en í samantekt á fyrstu niðurstöðum rannsóknar hennar *Rannsókn á ofbeldi gegn konum: Reynsla kvenna á aldrinum 18–80 ára á Íslandi* kom fram að um 42% kvenna hafa orðið fyrir ofbeldi og hótunum og kynferðislegum snertingum sem ollu vanlíðan eftir 16 ára aldur. Þar kemur einnig fram að það megi áætla að um 2.400 konur hafi verið beittar líkamlegu ofbeldi á síðustu 12 mánuðum. Ennfremur kemur fram að um 26% þeirra kvenna sem höfðu orðið fyrir í nánu sambandi sögðust hafa verið í lífshættu við síðasta ofbeldisatvikið og 41% sögðu að sér hefði verið unnið líkamlegt mein. Einnig var bent á að meðganga sé áhættuþáttur en um 5% þeirra kvenna sem urðu fyrir ofbeldi í nánu sambandi voru ófrískar þegar síðasta ofbeldisatvikið átti sér stað.

Í rannsókn Elísabetar Karlsdóttur og Ásdísar A. Arnalds (2010) kemur fram að um 24% kvenna á aldrinum 25-64 ára hafa einhvern tímann orðið fyrir ofbeldi. Það er hátt hlutfall kvenna á þessu aldurskeiði en þetta er sá aldurshópur sem flestar konur eru annað hvort í hjúskap eða sambúð. Í skýrslunni kom einnig fram að færri konur eða rúmlega 17% kvenna á aldrinum 18-24 ára sögðust hafa orðið fyrir ofbeldi og talan lækkaði niður í tæp 11% í hópi kvenna sem voru 65-80 ára (Elísabet Karlsdóttir, Ásdís A. Arnalds, 2010).

Samkvæmt tölum úr ársskýrslu Kvennaathvarfsins frá árinu 2017 kemur fram að það ár leituðu 637 konur til Kvennaathvarfsins annað hvort í viðtöl eða dvöl sem er svipaður fjöldi og árið þar á undan. Ástæður brotaþola voru oftast fleiri en ein tegund ofbeldis þar sem andlegt ofbeldi var nánast alltaf tilgreint en andlegt ofbeldi er yfirleitt undanfari líkamlegs ofbeldis (Kvennaathvarfið, 2018). Tilkynningar til lögreglu um heimilisofbeldi eða ágreining á heimili, samkvæmt tölum frá lögreglunni á sama tíma, eru aðeins hærri eða 823 árið 2016. Það eru svipaðar tölur og árið á undan og gera má ráð fyrir svipuðum tölum árið 2017 miðað við tölur fyrstu sex mánuði ársins (Lögreglan, 2018).

Á árunum 2014-2016 voru 67% kvenna sem leituðu til Kvennaathvarfsins af íslenskum uppruna. Af konum af erlendum uppruna voru 21% frá öðrum Evrópulöndum og 12% frá löndum utan Evrópu. Árið 2017 leituðu konur frá 38 löndum í Kvennaathvarfið þar af voru 68% kvenna sem þurftu að nýta sér þjónustuna íslenskar, 19% komu frá öðrum Evrópulöndum og

13% komu frá löndum utan Evrópu sem eru svipaðar tölur og árin á undan (Kvennaathvarfið, 2018).

Það kemur í ljós þegar, tölur um komur kvenna í Kvennaathvarfið eru skoðaðar, að hlutfall erlendra kvenna virðist hærra þar en úti í samfélaginu. Á síðu Kvennaathvarfsins kemur fram að það megi að öllum líkindum rekja til þess að erlendar konur á Íslandi hafi síður tengslanet hér og eigi því í færri hús að venda séu þær beittar ofbeldi á heimilum. Því má segja að tölurnar endurspegli ekki það að erlendar konur á Íslandi séu frekar beittar ofbeldi en íslenskar konur. Heldur sé skýringu frekar að finna í aðstæðum erlendra kvenna hér á landi (Kvennaathvarfið, 2018).

Samkvæmt ársskýrslu Kvennaathvarfsins árið 2017 kemur fram að hlutfall kvenna sem höfðu lagt fram kæru vegna ofbeldisins þegar þær komu í athvarfið var 18% en voru 21% árið þar á undan. Það kemur einnig fram að nokkrar konur til viðbótar kærðu ofbeldið á meðan þær dvöldu í athvarfinu eða í framhaldi af komu þeirra þangað. Þetta sýnir að mjög lítill hluti brotþola kærir ofbeldið (Kvennaathvarfið, 2018).

Í þessum kafla hefur verið farið yfir fræðilegar undirstöður ritgerðarinnar og hverjar eru birtingarmyndir kynbundins ofbeldis. Einnig hefur verið fjallað um karllæg yfirráð og margþætta undirskipun. Farið hefur verið yfir skilgreiningu á ofbeldi í nánnum samböndum ásamt því að fjalla um ólíkar birtingarmyndir og tíðni þess.

Í næsta kafla verður gerð grein fyrir aðferðafræði rannsóknarinnar og stöðu rannsakanda.

3 Aðferðafræði

Í þessum kafla verður greint frá aðferðafræði rannsóknarinnar og gerð grein fyrir sjónarhorni rannsakanda út frá efninu. Köflunum er skipt niður í fimm hluta, í fyrsta hluta er gerð grein fyrir stöðu rannsakanda gagnvart efninu. Í öðrum hluta er fjallað um þá rannsóknaraðferð sem stuðst var við og sett í fræðilegt samhengi, en rannsóknin byggist á eigindlegum rannsóknaraðferðum. Í þriðja hluta er farið yfir aðgengi og val á þáttakendum, í fjórða hluta er gerð grein fyrir framkvæmd rannsóknar og gagnaöflun. Í fimmta hluta er svo farið yfir siðferðileg álitamál og takmarkanir rannsókna. Vegna tilvísana í viðtöl og skipulagða viðburði sem ég tók þátt í, og eru nefnd í umfjöllun kaflans, er að finna heildaryfirlit í Viðauka 3 við ritgerðina.

3.1 Staða rannsakanda

Það sem mótaði ákvörðun mína um að gera þetta verkefni var reynsla mín af og í kjölfarið af skilnaði við skilja við mann sem hafði beitt mig ofbeldi í nánú sambandi.

Sáttameðferð okkar byrjaði í janúar 2016 og stóð yfir fram til loka maí sama ár. Á meðan á henni stóð upplifði ég mikinn kvíða yfir að þurfa að hitta ofbeldismanninn. Fyrir tímana fann ég fyrir líkamlegum einkennum var óglatt, með höfuðverk og mikinn skjálfta í öll skiptin sem ég mætti. Sáttameðferðarfulltrúi okkar var kona sem var bæði fagleg og reynd í þessum málum. Mér leið samt illa þar sem hún virtist ekkert vita um ofbeldið sem ég hafði sagt frá í fyrstu komu minni til lögræðings embættisins þegar ég sótti um skilnað að borði og sæng. Það sem olli m.a. vanlíðan minni var að ég gat ekki tjáð henni hverjar aðstæður mínar voru þar sem okkur höfðu verið kynntar reglur um sáttameðferð. Þar kom skýrt fram að ekki var ætlast til að hún talaði við aðila í sitt hvoru lagi.

Þrátt fyrir að þetta hafi verið erfið reynsla þá er ég þeirrar skoðunar að sáttameðferð sýslumanns geti verið góð leið fyrir einstaklinga sem eru að slíta samvistum til að að semja um umgengni og lögheimili barna sinna. En það þarf að gæta þess að báðir foreldrar geti komið hagsmunarmálum og sjónarmiðum sínum á framfæri.

Reynsla mín hefur mótað nám mitt frá skilnaði, í námi mínu við Háskóla Íslands hef ég markvist valið mér kynjafræði áfanga og áfanga um kynbundið ofbeldi bæði í BA námi mínu í mannfræði og MA námi mínu í kynjafræði. Námið hefur hjálpað mér að skilja betur hvað það er í samfélagi okkar sem fær karla til að beitta konur ofbeldi. Á sama tíma hefur námið einnig gert mér kleift að vinna úr mínum áföllum.

Haustið 2017 ákvað ég að rjúfa þögnina varðandi það ofbeldið sem ég hafði orðið fyrir en áhrifabáttur í þeirri ákvörðun var að ég fékk tækifæri til að taka þátt í norrænni ráðstefnu um kynbundið ofbeldi sem haldið var (21- 23. Sepember 2017). Mánuði síðar var mér boðið að taka þátt í söfnunarátaki Kvennaathvarfsins Á allra vörum þar sem birt var sjónvarpsviðtal við mig (23. September 2017, Á allra vörum átakið, Ríkisjónvarpið).

Á sama tíma var ég í forsíðuviðtali tímaritsins Vikunnar þar sem ég fjallaði um upplifun mína á ofbeldi í nánu sambandi (28. September, 2017).

Ég gerði mér grein fyrir að þrátt fyrir undirskipuðu stöðu mína sem hvít kona gagnvart hvítum körlum þá naut ég þeirra forréttinda að vera hvít, íslensk, gagnkynhneigð, millistétta kona. Sem handhafi þeirra forréttinda þá hafði ég rödd sem mér fannst ég bera skylda til að nota. Ég geri mér grein fyrir að forréttinda staðsetning mín innan félagslegs stigveldis gerir mig ekki hæfa til að tala fyrir allar konur því reynsluheimur kvenna af ólíkum uppruna getur verið mjög ólíkur. Það er mikilvægt að gera sér grein fyrir því að einstaklingar af hvítum kynstofni eru oft haldnir forréttindablindu sem gerir þeim erfitt fyrir að meta aðstæður frá sjónarhorni annarra hópa sem hafa ekki alist upp við slíkt félagslegt auðmagn (Lewis, 2004).

Viðbrögðin létu ekki á sér standa og fjöldi kvenna hafði sambandi við mig sem deildu reynslu af ofbeldi í nánu sambandi og mér blöskraði fjöldinn. Þann 6. júní 2018 stóðum við Sonja Einarsdóttir, Áslaug María og Sigrún Jóhannsdóttir, fyrir málþingi þar sem okkur fannst tímabært að taka næsta skref.

Í kjölfar metoo byltingarinnar höfðu verið birtar reynslusögur kvenna sem höfðu orðið fyrir ofbeldi í nánum samböndum (23. Apríl 2018, Knúz – femínískt vefrit).

En gagnrýni sem stjórnsýslan fékk vegna meðhöndlun þessara mála var enn óyrt. Þar töldum við nauðsynlegt að beina sjónum að og gagnrýna ósýnileika ofbeldismanna í sáttameðferð hjá sýslumannsembættinu og einnig innan íslenska dómskerfisins. Málþingið fékk yfirskriftina *Þekkjum rauðu ljósin*, en nafnið fengum við lánað úr fræðsluherferð um ofbeldi í nánum samböndum sem Bjarkahlíð, miðstöð fyrir þolendur ofbeldi, og Kvennaathvarfið stóðu fyrir en við Sonja höfðum einnig tekið þátt í því verkefni.

Á málþingið fengum við fulltrúa frá allmörgum aðilum sem að málaflokknum koma. Erindi héldu þau Alda Hrönn Jóhannsdóttir yfirlögfræðingur hjá lögreglustjóranum á Suðurnesjum, Andrés Proppé Ragnarsson sálfræðingur hjá Heimilisfriði, sem er meðferðar- og þekkingarmiðstöð um ofbeldi í nánum samböndum, Sigprúður Guðmundsdóttir

framkvæmdastýra Kvennaathvarfsins, Ragna Björg Guðbrandsdóttir verkefnastjóri Bjarkahlíðar. Fríða Rós Valdimarsdóttir sérfræðingur hjá Jafnréttisstofu. Einnig fluttu erindi Sigrún Jóhannsdóttir lögmaður, Nichole Leigh Mosty verkefnastjóri W.O.M.E.N in Iceland sem eru samtök kvenna af erlendum uppruna á Íslandi ásamt Sonju Einarsdóttur, Áslaugu Maríu og mér.

Viðburðinum var streymt og fjölmiðlar sýndu málþinginu mikla athygli í nokkra daga á eftir, sjá yfirlit í Viðauka 4. Þórólfur Halldórsson sýslumaður höfuðborgarsvæðisins mætti í Kastljós til Einars Þorsteinssonar sama dag og málþingið var haldið. Í því viðtali kom meðal annars fram að ekki sé litið til ofbeldis hjá sýslumanns embættinu í afgreiðslu og meðhöndlun ofbeldismála (sjá umfjöllun í 2. kafla).

Þann 8 nóvember 2018 buðu fulltrúar sáttameðferðar sýslumanns, fulltrúum frá Kvennaathvarfinu og Bjarkahlíð til sín til að ræða stöðu kvenna sem eru að koma úr ofbeldisamböndum. Ég mætti þar fyrir hönd Kvennaathvarfsins ásamt Elvu Dögg Ásudóttir Kristinsdóttir lögfræðingi athvarfsins. Frá Bjarkahlíð mættu þær Ragna Björg Guðbrandsdóttir verkefnastjóri Bjarkahlíðar og Berglind Eyjólfsdóttir rannsóknarlögreglukona. Fundurinn var uppbyggilegur og fulltrúar sýslumanns tóku vel í margar þær tillögur að úrbótum er lagðar voru fram af Kvennaathvarfinu. Meðal annars var lagt til að fulltrúar sáttameðferðar sem vinna með fjölskyldumálefni, fái fræðslu til að greina ofbeldi í nánnum samböndum. Jafnframt að skimun á ofbeldi sé framkvæmd strax til að hægt sé að boða fólk í viðtöl í sitt hvoru lagi. (fleiri tillögur Kvennaathvarfsins eru í viðauka 1 á bls. 95).

Ég hafði aftur samband við fulltrúa sáttameðferðar um miðjan desember sl. þar sem ég óskaði eftir fundi með fulltrúa frá þeim. Orðið var við ósk minni og ég fékk 1 ½ tíma fund með lögfræðingi hjá embættinu ásamt fulltrúa frá sáttameðferð. Fundurinn fór fram þann 28. desember 2018 og er umfjöllunarefni hans fléttað saman við niðurstöður ritgerðar (sjá kafla 8, bls. 88).

Ég tel að það hafi hjálpað mér að hafa persónulega reynslu af efninu þegar kom að því að hitta viðmælendur mína. Til kosta tel ég einnig að það myndaðist sameiginlegur skilningur og ákveðið traust milli okkar en slíkt getur verið erfitt að ávinna sér (Hennik, Huttey, Bailey, 2015).

En kostir þess að tengjast viðfangsefninu persónulega geta hæglega orðið að annmörkum. Tenging mín við efnið er mikil því þarf ég að vera meðvituð um að reynsla mín og fyrirfram mótaðar skoðanir geta haft áhrif á hvernig ég greini gögnin og sett fram niðurstöður. En Sandra

Harding (2004) hefur bent á í greinum sínum um sjónarmið feminisma að þá byggist þekking m.a. á upplifunum einstaklinga. Hún bendir einnig á að mikilvægt sé að konur af ólíkum upprunum deili þekkingu og reynslu sem verði þannig framlag í þá átt að skilja og skynja aðstæður kvenna í mismunandi samfélögum.

3.2 Rannsóknaraðferð

Rannsóknin byggir á gagnasöfnun í formi opinna viðtala en sú aðferð hentar vel þegar verið er að leita eftir hugsunum og upplifunum einstaklinga (Kvale, Brinkmann, 2009) og flokkast undir eigindlegar rannsóknaraðferðir (Hennink, Huttey, Bailey, 2015). En samkvæmt Creswell og Poth (2017) eru þær hentugar þegar rannsóknir fara fram í dæmigerðum aðstæðum eða umhverfi einstaklinga með það i huga að reyna að skilja reynslu og aðstæður fólks í ákveðnum tilvikum og jafnframt er rannsakandi sjálfur helsta rannsóknartækið. Hér skiptir því megin máli að fá fram skoðanir og álit viðmælenda minna þannig að hægt sé að fá lýsandi niðurstöður, sbr. rannsóknir Braun og Clarke (2013). En einnig til að rannsóknin skapi fjölskrúðug og greinagóð gögn sem hægt sé að byggja á.

Eigindlegar rannsóknaraðferðir byggja á því að hlutir og fyrirbæri hafi ekki merkingu í sjálfu sér heldur gefum við þeim merkingu í okkar félagslegu samskiptum. Áhersla er lögð á upplifun fólks en rannsókn fer ekki af stað út frá ákveðinni kenningu heldur verður kenning til út frá greiningum gagna sem safnað var á vettvangi (Hennink, Hutter, Bailey, 2015).

3.3 Aðgengi og val á þátttakendum

Tekin voru viðtöl við 10 konur sem höfðu slitið sambúð við ofbeldismann. Viðmælendur mínir höfðu allar gengið í gegnum skilnaðarferli og/eða sáttameðferð sýslumanns með ofbeldismönnum á árunum 2012 til 2018 og voru þær á aldrinum 28 – 47 ára þegar viðtölin voru tekin.

Þar sem efni rannsóknarinnar er mjög viðkvæmt varð ég að gæta mjög vel að því að hafa upplýst samþykki og trúnað. Ísland er lítið land og nokkrir viðmælendur mínir höfðu áhyggjur af því að þær gætu þekkt í viðtölunum því þurfti að gæta sérstaklega vel að því að afmá með öllu persónugreinanlega þætti og aðstæður. Til undirbúnings fyrir viðtölin, nýttist mér sú reynsla að hafa fengið tækifæri til að sitja leiðbeinanda námskeið hjá Stígamótum í september 2017. Á því námskeiði fékk ég fékk góða fræðslu um samskipti, mörk og hvernig best sé að ræða við einstaklinga í erfiðum aðstæðum.

Ég var svo lánsöm að ég fékk aðgang að vettvanginum án mikillar fyrirhafnar en Braun og Clarke (2013) hafa einmitt fjallað um að það geti oft reynst erfitt. Í rannsóknum á viðkvæmum hópum eins og fólki sem hefur orðið fyrir ofbeldi þarf að gæta sérstaklega vel að líðan og heilsu þeirra. Við val á þáttakendum gat ég nýtt þau góðu tengsl sem ég hef við starfskonur Kvennaathvarfsins. Til að skýra tengsl mín við Kvennaathvarfið er rétt að það komi fram að ég hef sjálf verið þar í viðtölum eftir skilnað við ofbeldismann og var ég bæði í einstaklings- og hópameðferð. En einnig hef ég starfað hjá Kvennaathvarfinu í afleysingum síðan í febrúar 2018.

Starfskonur Kvennaathvarfsins önnuðust í fimm skipti milligöngu fyrir mig við að finna viðmælendur. Ég útbjó kynningabréf (sjá viðauka 2, bls 98) sem starfskonur Kvennaathvarfsins hengdu upp í athvarfinu þar kom fram tilgangur og markmið rannsóknarinnar ásamt nafni mínu símanúmeri og netfangi. Ein kona hafði samband eftir að hafa lesið kynningabréfið. Í einu tilviki notaði ég veltiaðferð (e. *snowball sampling*) (Creswell, Poth, 2017). Veltiaðferð byggir á því að einn viðmælandi hafði samband við aðra konu sem hún þekkti sem deildi svipaðri reynslu og spurðu hvort að hún vildi taka þátt. Tveir viðmælendur mínir höfðu sjálfar samband við mig eftir að ég hafði komið fram opinberlega í umræðu um ofbeldi í nánnum samböndum og lýstu yfir áhuga á að taka þátt í rannsókninni. Að síðustu auglýsti ég eftir einum viðmælanda á lokaðri Facebook síðu fyrir konur sem hafa upplifað ofbeldi í nánnum samböndum.

Það skal taka fram að allar konurnar sem tóku þátt í verkefninu höfðu á einhverjum tímamarki verið í viðtölum í Kvennaathvarfinu og höfðu tók á að leita þangað eftir stuðningi ef þær þurftu á að halda í kjölfar viðtalana. Ekki verður nægjanlega ítrekað það mikilvægi viðmælenda minna að halda virðingu sinni, velferð og fullkomnu skaðleysi

Viðmælendur mínir voru fimm íslenskar konur og fimm konur af erlendum uppruna, bæði innan og utan Evrópusambandsins (hér eftir EES). Konur sem koma hingað til lands frá löndum utan EES eru oft í sérstaklega viðkvæmri stöðu gagnvart ofbeldisfullum maka þar sem forsendur dvalarleyfis byggjast m.a. á því að þær geti sýnt fram á framfærslugögn sem staðfesta tryggja framfærslu á dvalartíma. Á vef Útlendingastofnunar kemur fram að hjón eru framfærsluskyld hvort við annað. Þar kemur einnig fram að umsækjandi sem er í hjúskap með íslenskum aðila eða öðrum þeim aðila sem uppfyllir reglur Útlendingastofnunarinnar þarf ekki að sýna fram á sjálfstæða framfærslu ef maki hans sýni fram á næga framfærslu fyrir báða aðila (Útlendingastofnum, e.d.). Þetta er eitt þeirra verkfæra sem ofbeldismenn nota gegn

konum í viðkvæmri stöðu. Þannig er þeim hótáð því að ef þær segi frá ofbeldinu eða fari frá þeim þá verði þeim vísað úr landi.

Ástæða þess að ég tók viðtöl við konur bæði af íslenskum og erlendum uppruna er til að fá sem bestu mynd af stöðu meirihluta kvenna sem eru að skilja við ofbeldismann á Íslandi. Í rannsókn Hildar Guðmundsdóttir (2009) og í ársskýrslum Kvennaathvarfsins kemur m.a. fram að stór hópur erlendra kvenna sem búsetar eru hér á landi leita til Kvennaathvarfsins ár hvert. Mér fannst mikilvægt að reyna að fanga viðhorf ólíkra hópa, því lagði ég áheyrslu á að fá sem mesta fjölbreytni í vali á uppruna þeirra. Konur frá S- Ameríku og Asíu verða oft fyrir margþættri mismunum hér á landi vegna samvinnunar mismununarbreyta á borð við kynþáttar, stéttar, kyns, menningarlegra-, trúarbragðalegra- eða vegna annarra félagslegra þátta (Wolhuter, 2010; Kristín Loftsdóttir, Margrét Sigrún Sigurðardóttir, Kári Kristinsson, 2016).

Konunum í rannsókninni voru gefin gervinöfn og við val á gervinöfnum erlendu kvennanna leitaði ég á vefsíðum um algeng nöfn kvenna frá þeirra heimaslóðum en mér þótti mikilvægt að nafn þeirra endurspegladi uppruna þeirra. Einnig ber að benda á að þar sem í rannsókninni hefur verið fjallað um málefni sem snýr að börnum þá var óhjákvæmilegt að í einhverjum tilvikum kæmu börn viðmælenda minna fram í frásögnum. Konurnar tíu áttu á bilinu 1 – 2 börn. Þeirra barna sem getið er í ritgerðinni, hefur einnig verið gefin gervinöfn og kynjum þeirra breytt. En aldur þeirra hefur oft vægi í frásögnunum því hefur hann stundum verið látinn standa ef ástæða þykir. Það kemur einnig fyrir í einstaka frásögnum að ofbeldismenn eru nefndir á nafn en þeim nöfnum hefur einnig verið breytt hér.

Þegar ég vísa í viðmælendur mína mun ég vísa orðrétt í þær í textanum þar sem mér finnst mjög mikilvægt að þeirra eigin raddir hljómi hér. Af erlendu konunum fimm eru tvær sem tala íslensku og ég mun setja þýðingar á enskumælandi texta í neðanmálgreinar. Þetta er mikilvægt til að sýna fram á margbreytileika íslenskra kvenna og til að sýna í hvaða stöðu þær eru gagnvart íslenskri stjórnarsýslu og íslensku samfélagi sem heild. En það kom fram í metoo frásögnum kvenna af erlendum uppruna að þeim skortir að það sé hlustað á þær og að íslenskt samfélag heyri margþjóða raddir.

Í töflunni hér fyrir neðan kemur fram uppruni viðmælenda minna og ofbeldismannana, hversu mörg börn konurnar áttu með mönnunum og hvaða tungumál þær nota hér á landi. Hér mun aldursmunur þeirra vera skilgreindur sem +/- ár ofbeldismanna frá aldri brotþola.

Tafla 1 Upplýsingar um brotabola og ofbeldismenn eftir upprunalandi

| <u>Nöfn</u> <u>kvenna</u> | <u>Aldursmunur</u> | <u>Uppruni</u> <u>brotabola</u> | <u>Uppruni</u> <u>ofbeldismanna</u> | <u>Sameiginleg</u> <u>börn aðila</u> | <u>Tungumál</u> |
|------------------------------|--------------------|------------------------------------|--|---|-----------------|
| <u>Sigrún</u> | <u>0</u> | <u>Íslensk</u> | <u>Íslenskur</u> | <u>2</u> | <u>Íslenska</u> |
| <u>Áslaug</u> | <u>+8</u> | <u>Íslensk</u> | <u>Íslenskur</u> | <u>2</u> | <u>Íslenska</u> |
| <u>Freyja</u> | <u>0</u> | <u>Íslensk</u> | <u>Íslenskur</u> | <u>2</u> | <u>Íslenska</u> |
| <u>Dóra</u> | <u>+3</u> | <u>Íslensk</u> | <u>Afríka</u> | <u>0</u> | <u>Íslenska</u> |
| <u>Mia</u> | <u>+4</u> | <u>Skandinavísk</u> | <u>Íslenskur</u> | <u>1</u> | <u>Enska</u> |
| <u>Merida</u> | <u>-1</u> | <u>V- Evrópa</u> | <u>Íslenskur</u> | <u>1</u> | <u>Enska</u> |
| <u>Leja</u> | <u>+2</u> | <u>A- Evrópa</u> | <u>A- Evrópa</u> | <u>1</u> | <u>Íslenska</u> |
| <u>Hera</u> | <u>+ 13</u> | <u>Íslensk</u> | <u>Íslenskur</u> | <u>1</u> | <u>Íslenska</u> |
| <u>Gloria</u> | <u>+ 13</u> | <u>S- Ameríku</u> | <u>Íslenskur</u> | <u>2</u> | <u>Íslenska</u> |
| <u>Diann</u> | <u>+7</u> | <u>Asía</u> | <u>A- Evrópa</u> | <u>1</u> | <u>Enska</u> |

Ofbeldismenn eru ekki einsleitur hópur. Í hópi þessara tíu kvenna voru ofbeldismenn í sjö tilvikum íslenskir, tveir voru frá A- Evrópu og einn frá Afríku. Tveir ofbeldismannanna tengdust fíkniefnaheiminum, einn Íslendingur og einn maður frá A- Evrópu. En aðstæður þeirra kvenna voru sérstaklega erfiðar þar sem neysla ofbeldismannanna virtist hafa meiri áhrif á ofbeldishegðun þeirra. Báðir ofbeldismennirnir sem tengdust fíkniefnaheiminum voru að sögn viðmælenda minna þekktir hjá lögreglunni.

3.4 Framkvæmd rannsóknar og gagnaöflun

Áður en viðtölin hófust þá fór ég yfir með viðmælendum mínum þætti er varða rétt þeirra og markmið rannsóknarinnar. En eins og Sigurður Kristinsson (2013) bendir á þá skiptir miklu máli að þátttakendur séu vel upplýstir um rétt sinn og tilgang rannsóknar.

Viðtölin byggðust upp með þeim hætti að ég byrjaði á að spyrja viðmælendur mína um barnæsku þeirra til að fá betri mynd af því hvort þær hefðu áfallasögu úr æsku. Því næst lýstu þær því hvernig þær kynntust ofbeldismönnum og hvernig samskiptum þeirra var háttað í upphafi sambands. Næst sögðu þær frá því hvernig hegðun ofbeldismannanna þróaðist og hvernig stigmögnun ofbeldisins var í sambandinu, fram að þeim tímapunkti, er þær ákváðu að slíta því. Þar á eftir spurði ég þær um aðstæður þeirra í upphafi skilnaðar þ.e. hvert þær hefðu farið og hvaða aðstoð þær hefðu fengið. Þar á eftir spurði ég þær um skilnaðarferlið sjálft og upplifun þeirra á sáttameðferð sýslumanns og/eða íslenska dómskerfinu þar sem það átti við og hvort þær hefðu athugasemdir við það verklag sem unnið er eftir þar. Í lok viðtals og í

eftirfylgni viðtölum spurði ég um stöðu þeirra gagnvart ofbeldismanninum í dag og hvort að þær hefðu losnað undan ofbeldi og áreiti frá ofbeldismönnum eftir skilnað við þá.

Viðtölin voru tekin með hléum á tímabilinu frá hausti 2017 fram á haust 2018, hléin voru tekin vegna anna rannsakanda þar sem hann var bæði í fullu námi og fullri dagvinnu á meðan á rannsókn stóð. Haustið 2017 voru 4 viðtöl tekin, 3 viðtöl voru tekin á vorönn 2018, síðustu 3 viðtölin voru svo tekin um sumarið, en viðtölin voru öll afrituð og kóðuð jafnóðum.

Þar sem málum sjö viðmælanda minna var enn ólokið á þessu tímabili tók ég 7 eftirfylgni viðtöl haustið 2018 til að heyra um framgang mála. Ein af þeim konum var flutt aftur til heimalandis síns því var það viðtal tekið í gegnum Messenger videocall. Eitt viðtal var tekið í Kvennaathvarfinu, eitt á vinnustað viðmælanda míns, tvö heima hjá viðmælendum mínum, eitt heima hjá rannsakanda og síðasta viðtalið var tekið með spurningum í tölvupóstsamskiptum. Í heildinni voru því tekin 17 viðtöl við viðmælendur mína en þar fyrir utan hafði ég nokkrum sinnum samskipti við þær í gegnum Facebook messenger ef mig vantaði upplýsingar um þætti er vörðuðu framkvæmd mála þeirra eða skiptu máli við greiningu gagna. En einnig sendu þær mér yfirlit yfir stöðu dómsmála og gögn á tölvupósti. Viðtölin og eftirfylgni viðtölin voru frá 50 – 120 mínútur hvert. Við lok verkefnisins var sex málum af tíu endanlega lokið og gagnrýndu flestir viðmælendur mínir hversu langan tíma það tekur að ljúka þessum málum. En það er ekki nýtt að sýslumannsembættið sæti gagnrýni vegna þess hversu langan tíma tekur að ljúka forsjár- og skilnaðarmálum hjá embættinu (Silja Björk Huldudóttir, 2005).

Viðtölin voru hljóðrituð með leyfi viðmælanda í gegnum Recorder app í síma. Því næst voru þau afrituð á tölvu með athugasemdum rannsakanda, gögnin töldu 215 blaðsíður.

Viðtölin voru því næst kóðuð með opinni kóðun til að hægt væri bera kennsl á sameiginlega þætti sem leiddu til niðurstaðna. (Hennink, Hutter, Bailey, 2015). Því næst voru gögnin flokkuð í þemu og þrástef en þrástef eru þeir þættir sem ítrekað komu fram í frásögnum viðmælanda minna. Þau þemu og þrástef sem komu fram voru:

- Breyting á hegðun ofbeldismanns eftir að samband hófst með stigmögnun ofbeldis.
- Neikvæð upplifun brotaþola á sáttameðferð sýslumanns og íslenska dómskerfinu.
- Biðin eftir að komast að hjá sýslumanni og tíminn sem skilnaðarmálin tóku í kerfinu.
- Að ofbeldismenn létu ekki af ofbeldishegðun eftir að skilnaði var lokið.

Eftir að viðtölin höfðu verið afrituð og kóðuð var þeim eytt úr síma rannsakanda. Rannsóknin var tilkynnt til Persónuverndar (Afrit af tilkynningu er í viðauka 3, bls. 99).

Þann 14 nóvember 2017 gerði ég svo vettvangsathugun í húsakynnum sýslumannsembættisins að Hlíðarsmára 1 í Kópavogi. En sýslumannsembættið sameinaði allar starfsstöðvar sínar haustið 2016 en áður hafði fjölskyldusviðið verið starfsækt að Skógarhlíð 6 í Reykjavík.

Rannsóknin þessi mun hafa hagnýtt gildi fyrir sýslumannsembættið sem gæti notað niðurstöður rannsóknarinnar til þess að endurskoða verkferla hjá sér. Með það að markmiði að koma til móts við og bæta stöðu og líðan brotþola ofbeldis á meðan á sáttameðferð stendur. Ég tel að það muni leiða til þess að brotþolar ofbeldis í nánnum samböndum hefðu meiri atbeina og þar af leiðandi betri tækifæri til að takast á við þessar aðstæður á jafnréttisgrundvelli. Þar sem væri komið til móts við þarfir þeirra með það í huga að hægt væri að ná góðri niðurstöðu fyrir alla málsaðila. Einnig ætti rannsóknin að nýtast öllum þeim er koma að meðhöndlun mála er tengjast ofbeldi í nánnum samböndum.

Mér fannst mikilvægt að setja fram upplifanir kvenna sem eru að takast á við að skilja við ofbeldismenn í nýliðinni tíð en viðmælendur mínir leituðu sáttameðferðar á árunum frá 2012 – 2018. Miklar breytingar hafa orðið á verkferlum innan þessa málaflokks hjá lögreglunni og félagsmálayfirvöldum eftir að verklagsreglum var breytt hjá þeim embættum árið 2014 en það ár var undirritað samkomulag um samstarfsverkefni Lögreglunnar og Reykjavíkurborgar *Saman gegn ofbeldi* (Erla Hlín Hjálmarsdóttir, Kristín I. Pálsdóttir, Rannveig Sigurvinsdóttir, 2016). Verkefnið var framhald af tilraunaverkefninu *Höldum glugganum opnum* en markmið samstarfsins var, samkvæmt upplýsingum á vef Reykjavíkurborgar, að auka þekkingarmiðlun og bæta verklag til að taka á þeim heimilisofbeldismálum sem upp koma. Markmiðið var einnig að tryggja öryggi borgarbúa á heimilum sínum, veita þolendum og gerendum betri þjónustu og bæta stöðu barna sem búa við heimilisofbeldi (Reykjavík, e.d.). Verkefnið hefur gefið góða raun eins og sjá má í skýrslu sem þær Erla Hlín Hjálmarsdóttir Kristín I. Pálsdóttir og Rannveig Sigurvinsdóttir (2016) unnu á vegum RIKK um verkefnið „*Saman gegn ofbeldi: Úttekt á samstarfsverkefni Reykjavíkurborgar og Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu gegn heimilisofbeldi*“.

3.5 Siðferðileg álitamál og takmarkanir rannsókna

Það getur verið erfitt að taka viðtöl við fólk um viðkvæm málefni og gæta ber ítrustu varúðar til að huga að öryggi og vellíðan þátttakenda. Því ákvað ég að hafa hálf opin viðtöl til að gefa viðmælendum mínum svigrúm til að ræða það sem þær treystu sér til. Ég tel að aðaláhættan í rannsókn minni snúi að því að tryggja velferð viðmælenda minna. Því ítrekaði ég við þær að huga að eigin líðan og hafa samband við ráðgjafa Kvænnaathvarfsins ef þær teldu sig þurfa, eftir viðtölin.

Að rannsaka svið sem ég hef sjálf persónulega reynslu af hefur bæði kosti og galla, kostirnir eru að ég hef 13 ára reynslu af sambúð með ofbeldismanni og því get ég mjög auðveldlega sett mig inn í margar aðstæður sem viðmælendur mínir tala um. Einnig mætti telja til kosta að ég fann að viðmælendur mínir slökuðu á í návist minni og áttu eflaust auðveldara að tala um þessi mál við mig vegna sameiginlegrar reynslu. En það ber að hafa í huga að það gæti einnig haft þau áhrif að þær muni segja mér meira en þær hefðu hugsanlega gert við rannsakanda sem væri ókunnugur þessum aðstæðum. Gallar gætu verið þeir að ég get ekki afskrifað þær tilfinningar sem ég hef og eru mér ferskar í minni og tengjast upplifun minni á að vera í ofbeldissambandi líkt og fjallað var um í kafla 3.1.

Það gat reynst erfitt að skapa fjarlægð til að halda góðri yfirsýn þegar kom að greiningu gagna. Því var ég meðvitað með það í huga að skoða hvernig viðmælendur mínir mættu mér og hvort að sameiginleg reynsla okkar væri farin að skapa of mikla nánd. Ég fann ennfremur að viðmælendum mínum fannst mikilvægt að taka þátt í rannsókninni. Því má segja að við höfum allar haft það sameiginlega markmið að koma á framfæri hverju væri ábótavant í meðferð skilnaðarmála við ofbeldismenn á Íslandi.

Í þessum kafla hefur verið fjallað um stöðu rannsakanda, rannsóknaraðferðum hefur verið lýst og fjallað hefur verið um aðgengi og val á þátttakendum. Ég hef einnig gert grein fyrir framkvæmd rannsókna og hvernig gagnaöflun var háttað ásamt því að taka fram hver eru siðferðileg álitamál og takmarkanir rannsóknarinnar.

Í kafla 4 verður fjallað um aðdraganda þess að brotþolar yfirlit ofbeldismennina og lýst verður upplifun þeirra í ofbeldissamböndum. Það er gert með það að markmiði að gera grein fyrir úr hvaða aðstæðum þær voru að koma.

4 Að lenda á botninum

Í þessum kafla verður fjallað um upplifun kvennanna sem tóku þátt í rannsókninninni á því að fara úr ofbeldissamböndum. Varpað verður ljósi á hver aðdragandi þess var að þær skildu við ofbeldismennina og hverjar upplifanir þeirra voru í samböndunum.

4.1 Upplifun af ofbeldi

Það er mikilvægt að skilja reynsluheim kvenna sem eru að koma úr ofbeldissamböndum þar sem brotaþolar ofbeldis í nánum samböndum hafa oft upplifað mjög skekktan veruleika. Þar sem mörk þeirra hafa oft verið færð langt frá því sem gæti þótt eðlilegt, einangrun er oft eitt af fyrstu skrefum sem ofbeldismaður tekur til að brjóta brotaþola niður. Með því að einangra einstaklinginn þá nær ofbeldismaðurinn að koma í veg fyrir að brotaþoli geti speglað reynslu sína í viðhorfum og upplifun annarra. Þetta ástand hefur verið kallað minnkað sjálfsforræði en það ástand ógnar öryggi og sjálfsbjargarviðleitni brotaþola. Það gerir það að verkum að brotaþoli forgangsraðar markmiðum ofbeldismannsins ofar sínum eigin grunnþörfum (Ciurria, 2018).

4.1.1 Frásögn viðmælanda

Diann lýsir hér:

Like I cannot believe that I stayed in that, I cannot believe that I let myself, it was like no life I was like robot, I remember the first time I went out with my co-worker so, we, had dinner together and then, we went to karaoke together and I told, and I know that sometimes I'm just like naïve and tell my, my manager and my co-workers like, I'm so happy, this is my first time I went out without my husband and, my manager was like, because that's not normal you know „this kind of relationship is sick“...²

Nokkrar konur af erlendum uppruna töluðu um að þeim hafi reynst erfitt að átta sig á hvar þær gætu fengið hjálp við að komast úr ofbeldissambandinu.

²Ég trúí því varla að ég hafi verið í þessum aðstæðum, ég trúí því ekki að ég hafi leyft mér að lifa svona. Ég átti ekkert líf, ég var eins og vélmenni. Ég man eftir því þegar ég fór í fyrsta skiptið með samstarfsfélögum út að borða og í karaoke. Og ég veit að ég get stundum verið barnaleg, þannig ég sagði yfirmanninum mínum og samstarfsaðilum að ég væri svo ánægð, vegna þess að þetta var í fyrsta skiptið sem ég fór út án eiginmanns míns. Og yfirmaðurinn minn sagði að“ þetta væri ekki eðlilegt og að svona sambönd séu sjúk“...

Allir viðmælendur mínir töluðu um að mörk þeirra hefðu verið færð hægt og rólega oft yfir langann tíma. Þær sögðu að það hafi orðið til þess að þær misstu sjónar á því í hvaða aðstæðum þær voru.

4.1.2 Frásögn viðmælanda

Áslaug lýsir hér aðstæðum þar sem hún er orðin mjög einangruð og mörk hennar höfðu verið færð það langt að hún var hætt að bera skynbragð á aðstæðurnar sem hún var í. Hún heldur hér áfram:

[Þ]ú veist þetta samband, því ég var orðin svo einangruð, frá vinkonum og öllu, hann alveg hreint einangraði mig mjög mikið, og hún [Sálfræðingurinn] var bara „þetta er bara andlegt ofbeldi, og það á engin að þurfa að þola að það sé verið að öskra á mann“ og ég bara, alveg hágrátandi, og ég bara horfði á konuna og sagði „er það!“ Af því að mér fannst eins og þetta væri eitthvað óeðlilegt og það rann upp fyrir mér að þetta var ekki eðlilegt, hún bara sagði það að þetta væri mjög óeðlilegt, bara andlegt ofbeldi, og ég var svo hissa sko að þetta væri ekki bara væl í mér eins og hann sagði, og að ég væri bara svo viðkvæm, og maður fer að trúá því...

Áslaug lýsir hér hugarástandi brotþola andlegs ofbeldis í aðstæðum þar sem ofbeldismaðurinn er búinn að grafa undan sjálfsforræði hennar. Sem gerir það að verkum að hún er hætt að geta greint á milli þess sem er eðlilegt og óeðlilegt. Hann beitir hana einnig gasljóstrun með því að fá hana til að trúá því að hegðun og viðbrögð hennar við ofbeldinu séu óeðlileg og orsakist af því að hún sé viðkvæm. Einnig kemur fram í frásögn hennar að þar sem ofbeldismaðurinn beitti aðallega andlegu ofbeldi þá taldi hún sig ekki eiga erindi í Kvennaathvarfið. En það kom einnig fram í frásögnum fleiri kvenna í þeirri stöðu.

4.1.3 Frásögn viðmælanda

Diann er upprunin frá Asíu hún segir að hún hafi komið ein hingað til lands eftir að hafa kynnst ofbeldismanninum á stefnumótasíðu. Hún segir að þegar þau kynntust fyrst hafi þau talað saman í gegnum skype í um 6 mánuði. En eftir það hafi hún ákveðið að koma hingað til lands til að láta reyna á sambandið.

I met my ex-husband at dating site, and we talked for at least half a year before I decided to come here, he's from [A- Evrópu], and then after at least six months, we'd talk through skype, and he called me on my phone almost every day like, yeah it's quite expensive to call from Iceland to [Asíu] and yeah, we connected actually by religion, because at that time we talking bible mostly because at that time he studied the bible with Jehovah Witnesses, so therefore you know, I trusted

him, and I decided to come to Iceland because, of course I checked beforehand, how is Iceland, is it safe, I tried to find some connection. Like I joined a blog for [fólk frá hennar heimalandi] who live in Iceland, I contacted one of them... and, I told him I will come to Iceland and if I don't let you know in few days it means I'm missing and please, contact some local authorities or something, but, after I met my ex-husband I, everything was fine, and I told him I'm fine and, so, well actually everything was fine, after, until I was pregnant of course.³

Hér kemur í ljós sú viðkvæma staða sem margar konur af erlendum uppruna eru í þar sem þær þurfa að leggja allt traust sitt á aðra. Diann ferðaðist ein hingað til lands og er langt frá fjölskyldu og vinum. Hún segir að hún hafi verið búin að reyna að tryggja stöðu sína að einhverju leyti með því að setja sig í samband við samlanda sína sem búsettir eru á Íslandi í gegnum Facebook hóp. Einnig kemur fram í frásögn hennar að ofbeldið hafi byrjað eftir að hún varð ófrísk. Samkvæmt skýrslum Kvennaathvarfsins þá er það mjög algengt að ofbeldi í nánnum samböndum hefjist þegar konur verði barnshafandi (Kvennaathvarfið, 2017).

4.1.4 Frásögn viðmælanda

Merida sem einnig er að erlendum uppruna sagðist hafa notað Facebook til að reyna að kynnast samlöndum sínum sem bjuggu hér á landi. Hún segir að ofbeldismaðurinn hafi ekki verið ánægður með það, hún lýsir reynslu sinni:

It's like he was trying to, I don't know, I just remember all these weird things, and then whenever I started to go out a little bit and Eric [barn þeirra] started getting bigger, he, you know, seemed not very happy about me making friends, I started making a couple of English friends through Facebook you know, and I remember one of my first nights out, I was going to meet one of the girls, and whenever I was going out I was kind of saying can I have a little bit of money to go out because you know I'm going to meet the girls for couple of drinks, and he was like "why do you need money, just take the car you don't need to drink"⁴

³Ég kynntist fyrrverandi eiginmanni mínum á stefnumótasiðu og við töluðum saman í að minnsta kosti hálf ár áður en ég ákvað að koma hingað. Hann er frá A- Evrópu og við töluðum aðallega í gegnum skype. Hann hringdi í símann minn nánast hvern einasta dag, það er mjög dýrt að hringja frá Íslandi til Asíu. Við tengdumst í gegnum trú, á þeim tíma töluðum við mest um biblíuna þar sem hann var að læra biblíufræði með vitnum Jehóva þannig að ég treysti honum. Að sjálfsgöðu hafði ég kannað aðeins aðstöðuna á Íslandi fyrirfram, hvort það væri öruggt hérna og reyndi að finna tengingar. Ég sótti um og var partur af bloggi fyrir fólk frá heimalandi mínu sem búa hér á Íslandi. Ég hafði samband við mann þaðan, ég man ekki hvað hann heitir en ég sagði honum að ég væri að koma til Íslands og ef að hann heyrði ekki neitt í mér í nokkra daga þá þýðir það að ég sé týnd og það hann um að hafa samband við lögreglu eða eitthvað álíka. En eftir að ég hitti fyrrverandi eiginmann minn þá var allt fínt, ég sagði manningum að ég væri í góðu lagi og allt gekk vel þangað til að ég varð ólétt.

⁴Þetta var eins og hann hafi verið, ég veit ekki... Ég man bara eftir öllum þessum skrítnu atvikun. Þegar ég byrjaði að fara aðeins oftar úr húsi og Eric [barn þeirra]varð aðeins stærrri, fannst mér alltaf eins og hann væri ósáttur við það að ég væri að eignast vini, ég byrjaði að eignast nokkra enska vini í gegnum Facebook og ég man eftir í eitt af fyrstu skiptunum sem ég ætlaði að fara út að hitta vinkonur mínar. Þá þurfti ég að biðja hann um að fá örlitinn

Hún segir að þar sem hún hafi ekki verið farin að vinna aftur eftir barnsburðinn þá hafi hún verið fjárhagslega ósjálfstæð sem gerði hana berskjaldaða fyrir fjárhagslegu ofbeldi af hans hálfu (Ingólfur V. Gíslason, 2008).

Afbrýðisemi er ein birtingarmynd andlegs ofbeldis og eins og Ingólfur V. Gíslason (2008) hefur bent á þá er markmið andlegs ofbeldis að grafa undan sjálfstrausti brotþola og brjóta hann niður. Það er einnig til þess fallandi að auka á óöryggi brotþola með því að fá þær til að efast um að upplifanir þeirra sé réttar.

4.1.5 Frásögn viðmælanda

Sigrún sem er af íslenskum uppruna lýsir reynslu sinni:

[Þ]egar ég horfi tilbaka þá reyndi ég oft að mótmæla ofbeldinu, t.d. vildi hann aldrei að ég færi út með vinkonum mínum, og ef ég fór þá kostaði það mig oft viku í fýlu og ég var svo sem farin að velja mér, en ég stoppaði aldrei alveg að fara út, ég lét hann ekki berja það alveg niður, en ég var búin að stoppa ansi mikið ég fór kannski tvisvar á ári út þú veist, af því maður varð bara að velja það sem var mest virði að það gæti kostað marga daga í fýlu og jafnvel svívirðingar alveg hægri vinstri.

Sigrún talar um að hún hafi reynt að fara út að hitta vinkonur sínar en þar sem að ofbeldismaðurinn reiddist við það þá reyndi hún að fara sem sjaldnast til að reyna að halda honum góðum sem samkvæmt Ciurra (2018) er eðlilegt viðbragð brotþola við neikvæðu áreiti. Ciurra bendir ennfremur á að í aðstæðum sem þessum hefur brotþoli mjög takmarkaða möguleika á að nýta sjálfsforræði sitt (Ciurra, 2018).

Viðmælendur mínir hér fyrir ofan hafa allar lýst svipuðum atvikum þar sem ofbeldismennirnir reyndu að einangra þær og koma í veg fyrir að þær séu í samskiptum við annað fólk. Slíkt er aðferð til að grafa undan sjálfstæði þeirra og sjálfsverund sem eins og Ciurra (2018) hefur bent á að orsakast og sé viðhaldið af utanaðkomandi þáttum eins og misnotkun og valdbeitingu. Í viðtölunum kom fram að staða kvenna af erlendum uppruna var alltaf verri í þessum aðstæðum þar sem þeim skorti í öllum tilvikum bakland hér á landi. En það voru aðstæður sem juku til muna á einangrun þeirra

pening til þess að geta farið út og fengið mér nokkra drykki, en hann svaraði „Af hverju þarftu pening, þú tekur bara bílinn og þú þarft ekki að drekka.“

Þrjár af viðmælendum mínum höfðu upplifað kynferðislegt ofbeldi af hendi ofbeldismannanna sem þær bjuggu með. Í öllum tilvikunum var það samtvinnun við andlegt, fjárhagslegt og/eða líkamlegt ofbeldi.

4.1.6 Frásögn viðmælanda

Mía nefnir hér fyrir neðan dæmi þar sem ofbeldismaður hennar beittir hana gasljóstrun. Með því að reyna að fá hana til að trúa því að hún hafi verið búin að gefa til kynna samþykki fyrir því að hann beiti hana valdi.

[H]e only raped me once, and in fact, I didn't totally understand that it was rape. I have heard "here" it is rape [AR: „here“ er Kvennaathvarfið], but after that, when I tried to talk to him he said “I don't remember anything, I was drunk” so he denies everything and all the other sexual abuse, “Ahh, you wanted it, you like when I come and force you” you know “ahh and you should say no clearly”... which I have always said when I didn't want to but he takes it and says “ooo it's so exciting, you are excited too, you just say no because you want it”⁵

Gasljóstrun eins og Abramson hefur bent á hefur þau áhrif að brotþola er talin trú um að hennar upplifun og skynjun séu röng. Annað merki gasljóstrunar er þegar sjálfsverund brotþola er brotin t.d. með því að ofbeldismaðurinn reynir að koma þeirri hugmynd inn hjá brotþola að hann sé geðveikur eða að þeirra skynjun hennar sé röng (Abramson, 2014).

4.1.7 Frásögn viðmælanda

Leja átti í tuttuga ára sambandi við ofbeldismann sem hafði beitt hana miklu ofbeldi. Hún segir hann einnig hafa reynt að grafa undan hennar upplifunum og skilningi með því að beita gasljóstrun. Gasljóstrunin var m.a. á þann hátt að hann reyndi að telja henni trú um að hún væri „biluð“, „klikkuð“ og „veik af ímyndunum“. En það er orðræða sem ofbeldismenn nota gjarnan til að fá brotþola til að axla sjálfar ábyrgð á ofbeldinu sem þeir beita þær eins og kemur vel fram í skýrslunni „Líðan og upplifun þolenda heimilisofbeldis & persónuleikaeinkenni ofbeldismanna“ (Drífa Jónasdóttir, 2018). Leja segir að sig hafi grunað að hann stæði í framhjáaldi með konu úr vínahóp þeirra en að hann hafði alltaf þrætt fyrir það:

⁵Hann nauðgaði mér einungis einu sinni, og ég vissi í raun og veru ekki að þetta væri nauðgun, ég heyrði það bara „hér“ að þetta væri nauðgun [AR: „Hér“ þá er hún að tala um Kvennaathvarfið]. En eftir það, í hvert skipti sem ég reyndi að ræða það við hann þá sagði hann „Ég man ekki eftir þessu, ég var fullur“. Þannig að hann neitar að þetta hafi einhvern tímann gerst og neitar fyrir allt kynferðislega áreitnið með því að segja „Þú vildir það, þér líkar þegar ég neyði þig.“ Og „Þú ættir að gera það skýrara þegar þú ert að segja nei“. Sem ég hef alltaf gert þegar ég vil það ekki, en hann tekur því alltaf á annan hátt og segir „Það er svo æsandi, þú ert líka æst og þú segir bara nei því þú vilt þetta.“

[Þ]á ég kveikti á þerunni því stundum mig grunaði þú veist, svo ég ákvað að skjóta uppá svona út í myrkrið og sagði, er einhver saga á milli ykkar og hann var að játa það, og ég sagði hvar varstu þegar ég var að giftast af hverju varstu ekki að segja neitt, [hann segir], „ég hélt að þú veist um það“, nei, ég grunaði, ég var að segja við hann, og hann var að lemja mig þegar hann sagði að ég væri svo biluð og þú veist og svona veik af fantasy, að ég [væri] bara [að] búa til hlutur og þá meira sem hann gerði, hann fór til, svona vinnuhópsins okkar þar sem hún var og hann sagði frá að ég væri svo biluð að ég er að gruna að hann sér að fara fram hjá mér með þessari konu, fyrir framan alla þú veist, ég er bara svo klikkuð, en þetta var ekki klikkun að fólk, þú veist allir sem voru í kringum okkur voru reyndar í vasanum hjá honum, allir vissu um það nema ég, mig grunaði og fólk hélt að ég ... svo kemur í ljós eftir nokkur ár að það var sannleikurinn.

Hér kemur fram að ofbeldismaðurinn hafi einnig haft stjórn á fólkinu í vinnuhóp þeirra og hún segir að engin hafi þorað að segja henni hið rétta. En hún sagði manninn hafa verið í neyslu og að hann hafi verið mjög ofbeldisfullur.

4.2 Í kjölfar skilnaðar – búseta

Af þeim tíu konum sem tóku þátt í rannsókninni þurftu sjö þeirra að yfirgefa heimili sín með börnin fyrir fullt og allt. Af þeim þremur sem gátu búið áfram á heimilum sínum hafði ein þeirra fyrst flúið í Kvinnathvarfið með börn þeirra en gat síðar snúið til baka á heimilið. Í hennar tilviki flutti ofbeldismaðurinn af heimilinu en hann hafði verið fjarlægður af heimilinu kvöldið sem lögreglan var kölluð til samkvæmt austurísku leiðinni. En samkvæmt henni getur lögreglan fjarlægt ofbeldismann af heimilinu samkvæmt lögum um nálgunarbönn og brottvísun af heimili (Alþingi, e.d.) en þar að auki var ofbeldismaðurinn ítrekað settur í nálgunabann gagnvart konunni.

Önnur konan sem bjó áfram á heimili sínu eftir skilnaðinn hafði verið ein skráð eigandi að íbúð sinni þar sem þau höfðu búið og var með undirritaðan kaupmála sem hún gat lagt fram. Þriðja konan sat eftir í leiguhúsnaði sem hún réð ekki við að borga af og var bundin þar í nokkra mánuði eftir sambandsslitin þar sem nafn hennar var á leigusamningnum.

Engin viðmælenda minna sem yfirgáfu heimili sín gátu gert ráðstafanir áður en þær fóru um hvert þær ætluðu. Flestar þeirra skildu nánast allar persónulegar eigur sínar og barnanna eftir. Þær töluðu um að hafa upplifað það sem stundum er kallað að lenda á botninum en þá kemur upp staða þar sem þolmörkum brotþola í ofbeldissambandi hefur verið náð.

Allar konurnar sögðu að þeirra fyrsta hugsun hafi verið að komast í burtu og reyna að losna undan ofbeldismanninum. Í nokkrum tilvikum var þetta tímunkturinn þar sem þær þorðu

loksins að segja einhverjum frá ofbeldinu. En engin kvennanna hafði gert sér grein fyrir í hversu miklum ofbeldisaðstæðum þær höfðu verið í. Eins og kemur fram í frásögn Freyju hér fyrir neðan.

4.2.1 Frásögn viðmælanda

Já, mér hafði oft verið hent út af heimilinu eftir ofbeldi og þá fór ég annaðhvort í göngutúr um hverfið eða ég fór í bíltúr, eða við búum í úthverfi Reykjavíkur... Þar er skógur, ég fór stundum og settist bara á milli trjána, bara, hvað á ég að gera? Er þetta tímapunkturinn svo hugsaði ég alltaf nei, næst, ég hugsaði ekki, ef hann gerir þetta aftur, heldur bara næst, því ég vissi alltaf að það kæmi næst, og þá fer ég... [É]g fékk nóg, svona eins og maður stundum, þurfi að hlaupa á vegg, eða finna botninn, þá var hann búin að ganga það illa í skrokk á mér, og síðustu skiptin voru orðin þannig að, hann var farin að taka mig hálstaki mikið, mjög mikið og þar var ég bara að berjast fyrir lífi mínu, að, sem betur fer náði hann ekki að leggja mig á gólfið, en hann gerði það standandi, en samt það fast, hann er mjög sterkur maður, og þarna var hann búin að berja mig það illilega, og, líka í andlitið, það var í fyrsta skiptið sem hann fór svona mikið í andlitið mitt og barði mig með flösku í höfuðið þannig að ég var alblóðug og, mjög bara bólgin, og illa farin í andliti og líkama, hann, hendir mér út, og í leiðinni þá næ ég að grípa, einhverja hluta vegna, því ég var bara á nærbuxunum og hlýraból, ég náði að fara í inniskó, setja yfir mig flíspeysu, og taka símann minn og hann hendir mér út, og þarna er ég, í byrjun október, grenjandi rigning og rok, það var nú ekki komið frost ég hleyp á milli bílanna á bílastæðinu og ég, það fyrsta sem mér dettur í hug er að hringja á leigubíl ég hringi ekki á lögguna... [Á]stæðan fyrir að ég hringdi á leigubílastöð er að ég ætlaði eiginlega bara að taka rúnt á leigubíl, ég ætlaði ekkert endilega, einhvernveginn, ég veit það ekki, ég vildi fara, en samt ekki alveg.

Í frásögn Freyju kemur fram ástand brotaþola sem Abramson hefur lýst. Það er þegar brotaþoli er orðin það andlega brotinn að hann kemur hvorki sjónarmiðum sínum né markmiðum á framfæri. Konan upplifir sig týnda og er komin á þann stað að hún er hætt að berjast fyrir sjálfri sér (Abramson, 2014) eins og endurspeglast í orðum hennar „ég vildi fara, en samt ekki alveg“.

4.3 Að taka skrefið

Viðmælendur mínir töluðu allar um að þær hefðu verið mjög hræddar við að taka skrefið og flýja ofbeldismennina.

4.3.1 Frásögn viðmælanda

Leja hafði einu sinni áður leitað til Kvennaathvarfsins. Hún sagði að henni hefði verið ráðlagt þar að biðja nágretta að hringja fyrir sig á lögreglu ef hann yrði var við læti úr íbúð þeirra. En

hún sagðist vita að ofbeldismaður hennar myndi beita hana meira ofbeldi ef hún hringdi sjálf á aðstoð lögreglu. Hún segir hér frá síðasta kvöldinu og nóttinni hennar á heimilinu:

Þá hann var keyrður upp á stöð og þá náttúrulega allur þakinn barnaverndin og, og félagsráðgjafi og rannsóknarlögreglumaður og þá náttúrulega gerðist allt í einu það var klukkan níu að kvöldi þegar ég var að flýja og þá allt þetta var búið kannski um midnight [miðnætti], allt þetta, og náttúrulega þá, barnavernd fór að tala við barnið og þær sáu alveg, að ég var ekki að skrökva það virkilega er ofbeldið bæði andlegt og líkamlegt í gangi og líka barnið sér allt þetta og hann oft bara segja „kasta barnið í herbergi“ [svo] barnið sér ekki og ef ég er á gólfinu og eitthvað gerist „mamma datt“! Ég bara datt! Þú veist, barnið, hann [maðurinn] vildi ekki halda[aftur af] sér en barnið búið að heyra oft hvað hann er að hótta mér, hann oft var að segja helvítis tíkin þín ég ætla bara að drepa þig, ég ætla frekar bara að vera í fangelsinu þú veist, en ég ætla ekki að leyfa þér að lifa, og ekki leyfa þér að vera í friði þú veist, ætla bara kannski að lemja þannig að lækarnir muni ekki hjálpa bara að ég verð bara til æviloka í hjólastól, allskonar svona ...

Leja lýsir hvernig heimilislíf þeirra hafði verið og hvernig ofbeldismaðurinn hafi gert lítið úr ofbeldinu sem barn þeirra varð vitni af. Hún lýsir einnig vel andlegu og líkamlegu ástandi brotþola sem býr við ofbeldi í nánu sambandi. En einnig meðvirkninni sem margir brotþolar þróa með sér og kenna börnum sínum til að reyna að lifa af í þessum aðstæðum. Hún heldur hér áfram með frásögnina:

Þá ég átti svöldin tíma, til að pakka niður og til að taka ákvörðun hvort ég fer, eða ekki, bara eina nótt til að pakka niður, eitthvað sem var mikilvægast, af því þær [fulltrúar frá barnverndaenefnd og félagsþjónustunni] eru að segja „þú mátt bara taka það sem vantar, og þú bara kemur hvenær sem er að sækja restina“ og ég hugsa nei, nei, það verður ekki svo auðvelt með lögreglu þú veist, ég get ekki birtast með lögreglu til hans því hann virkilega ef ekki hann þá einhver [annar] mun drepa mig skiluru, og þá ég var að hugsa, nei ef ég gera þetta [þá] bara alla nóttina ég svaf ekki, ég var bara, að pakka það sem var, svona skjöl, og eitthvað sem var verðmætast og dýrmætast fyrir mig, og ennþá ekki búin að sækja öll föt frá honum... og náttúrulega þá ég bara, hér til að fá eitthvað svona hjálp og eitthvað, ég þurfti að gera reyndar allt sjálf.

Hún segir að henni hafi fundist eins og fulltrúar frá félagsþjónustunni og barnaverndanefnd hafi ekki áttað sig á aðstæðum hennar og að ef hún fari þá geti hún aldrei snúið tilbaka. Því á þessum tímapunkti var búið að hringja á lögreglu sem fjarlægði ofbeldismanninn tímabundið af heimilinu. Hún veit að þar með er búið að fara yfir ákveðin mörk hjá honum sem gerir hann hættulegri en áður. Hún lýsir því einnig að hún hafi aðeins haft nokkrar klukkustundir til að átta sig á því hvað það er sem hún þarf nauðsynlega á að halda og annað hafi hún þurft að

skilja eftir. Hér ber að hafa aðstæður í huga þar sem hún var nýbúin að verða fyrir árás og það var búið að fjarlægja manninn af lögreglu sem eru afar streituvaldandi aðstæður.

Þrjár viðmælenda minna fengu aðstoð frá lögreglu eftir ofbeldi á heimilinu, ein kona til viðbótar þurfti aðhlyningu á bráðamóttöku. Það kom fram hjá þeim að það var alltaf síðasta úrræði þeirra að hringja á lögreglu. Þar sem þær vissu að ofbeldismennirnir yrðu mun reiðari og hættulegri við það. Þær óttuðust allar afleiðingar þess auk þess sem þær vissu að það yrði ekki snúið tilbaka eftir það. Konurnar þrjár sem fengu aðstoð lögreglu voru allar sammála um að á þeim tímapunkti hefði botninum verið náð og þær þurftu að stíga inn í nýjar og óþekktar aðstæður.

4.3.2 Frásögn viðmælanda

Freyja segir hér frá:

Ég segi við þá bara, komið mér bara í burtu, ég vil bara fara í burtu, og þeir segja „nei, þú ert ekki að fara neitt“. Og þá sögðu þeir við mig, að, á hinum lögreglubílum, voru lögreglumenn sem fóru inn í íbúð og handtöku manninn minn, fóru með hann strax bara niður á lögreglustöð og þar var hann hérna, settur inn í klefa, og var þar um nóttina, þeir fara, og þá bara tekur við ákveðið ferli hjá lögreglunni sem hefur breyst mjög mikið á síðustu árum, þá fer maður bara með þeim inn, og til eru kallaðir, þarna eru held ég þrjár löggur, tvær eða þrjár, kallað er til rannsóknarlögregla sem tekur af mér skýrslu, fulltrúi frá, sem sagt félagsráðgjafi á vakt, og það átti að kalla til barnaverndastarfsmann, sem átti að vera á vakt... en sá aðili svaraði ekki símanum, þarna var ég einhvernveginn búin að opna mig, allavega fyrir þessum fimm aðilum eða eitthvað, þá um morgunin kemur aftur strax önnur rannsóknarlögregla, og strax, ég man að hún spyr mig strax „viltu kæra“? Og að fara að spyrja mig svona spurningar þegar ég var ekkert búin að, ég var ekkert komin þangað alveg, því, ég vissi ekkert hvað væri næst og, og hérna, ég sagðist ætla að bíða með þá ákvörðun...

Freyja talar um að henni hafi fundist ótímabært að lögregla hafi spurt hana á strax á vettvangi ofbeldisins hvort að hún vildi kæra ofbeldismanninn. Hún sagðist þá hafa verið dauðhrædd við viðbrögð hans við því að hafa verið handtekinn og fjarlægður af heimilinu og að hún hefði ekki getað hugsað sér að ögra honum meira. Hún bendir einnig á að á þessum tímapunkti hafi hún ekki vitað hvaða atburðarás hún væri búin að hleypa af stað. Hún var þar að auki illa slösuð eftir ofbeldismanninn og eftir að hafa fengið aðhlyningu á bráðamóttökunni í Fossvogi fóru hún og börn hennar í Kvennaathvarfið.

Fimm viðtals kvennana leituðu strax til Kvennaathvarfsins og bjuggu þar fyrst eftir að þær flúðu ofbeldismennina. Þrjár flúðu af heimilum sínum til ættingja og tvær af þessum tíu gátu búið áfram á heimilum sínum en önnur þeirra flúði fyrst með börn þeirra í Kvennaathvarfið.

Í þessum kafla hefur verið gerð grein fyrir upplifunum og aðstæðum brotþola í ofbeldissamböndunum. Í næsta kafla verður fjallað um upplifanir viðmælanda minna á sáttameðferð sýslumanns.

5 Upplifanir kvennana á sáttameðferð sýslumanns

Í þessum kafla verður fjallað um verklag og verklagsreglur er lúta að sáttameðferð sýslumanns og gerð grein fyrir upplifunum kvenna af íslenskum og erlendum uppruna sem eru að koma úr ofbeldissamböndum af sáttameðferðinni.

5.1 Sáttameðferð sýslumanns

Á Íslandi er lögbundið að bjóða þeim aðilum sáttameðferð sem eru að slíta sambúð/hjónabandi og eiga börn saman. Samkvæmt a-lið 33. gr. barnalaga nr. 76/2003, eins og henni var breytt með vísan í ákvæði 11. gr. laga nr. 61/2012 og 1. gr. laga nr. 144/2012. Sýslumaður skal bjóða aðilum forsjármála, lögheimilismála, umgengnismála, dagsektamála og aðfararmála sáttameðferð (Sýslumenn, e.d.). Í 2. gr. reglna um sáttameðferð er kveðið á um að aðilum sé skylt að leita sátta samkvæmt ofangreindum lögum áður en krafist er úrskurðar eða mál höfðuð er varða forsjá, lögheimili, umgengni, dagsektir eða aðför (Sýslumenn, 2017). Í rannsókninni áttu allar konurnar nema ein barn/börn með ofbeldismanninum sem þær voru að skilja við. Eina konan sem ekki átti barn með ofbeldismanninum var samt boðuð í sáttameðferð með honum þar sem þau höfðu verið gift. Tvær konur fóru ekki í sáttameðferð, önnur þeirra vildi ekki mæta ofbeldismanninum og gat hún strax farið dómstólaleiðina því maðurinn sinnti ekki boðunum um sáttameðferð. Hin konan þorði ekki að ögra ofbeldismanninum með því að fara fram á að fara í sáttameðferð og reyndi að semja um forsjá og eignaskipti með aðstoð sameiginlegs lögfræðings þeirra.

5.2 Framkvæmd og form sáttameðferðar

Samkvæmt samtali rannsakanda við fulltrúa frá sýslumanni kemur fram að hægt er að hafna sáttameðferð eftir að embættið hefur gefið út tvær árangurslausar boðanir en það kemur fram í 15. gr. reglna um sáttameðferð (Innanríkisráðuneytið, 2013). Þá er unnt að vísa máli frá sýslumanni og í dóm. Samkvæmt fulltrúum sýslumanns liggja engin viðurlög við því að hafna sáttameðferð (Fulltrúar sáttameðferðar sýslumanns, október 2018). En þar sem skýrt er tekið fram í 2. gr. reglna um sáttameðferð að „Foreldrar geta ekki samið um að sleppa því að undirgangast sáttameðferð áður en krafist er úrskurðar eða mál höfðað“ (Sýslumenn, 2017). Þá gengu flestir viðmælendur mínir út frá því að sáttameðferð væri skylda enda var þeim aldrei boðin önnur úrræði. Í upplýsingabæklingi sem er að finna á heimasíðu sýslumannsembættisins *Almennt um framkvæmd sáttameðferðar*, er tekið fram að sáttameðferð skuli almennt ekki taka lengri tíma en 6 mánuði og skuli aldrei standa lengur yfir en 12 mánuði (Sýslumenn, 2016).

Samkvæmt lögum um hjónaskilnaði kemur fram að hægt er í nokkrum tilvikum að krefjast lögskilnaðar án þess að hafa áður verið veittur skilnaður að borði og sæng. Þau tilvik sem um ræðir eru t.d. þegar hjón hafa ekki búið saman í 2 ár eða lengur vegna ósamlyndis. Vegna tvíkænis og ef annar aðilinn gengst við hjúskaparbroti eða ef annar aðilinn í hjónabandinu viðurkennir að hann hafi beitt hinn aðilann líkamlegu og/eða kynferðislegu ofbeldi. Rétt er að geta þess að þrjú síðast nefndu tilvikin standa aðeins ef sá aðili sem krafan beinist að, fellst á þessar lögskilnaðarkröfur (Sýslumenn, 2018). Ef sá aðili sem krafan beinist að fellst ekki á þessar lögskilnaðarkröfur lítur embætti sýslumanns ekki til þess þrátt fyrir að brotþoli geti lagt fram áverkavottorð, úrskurði um nálgunarbann/nálgunarbönn og/eða lögregluskýrslur máli sínu til stuðnings.

Þegar sótt er um skilnað að borði og sæng hjá sýslumanni tekur lögfræðingur embættisins á móti einstaklingum í fyrsta viðtali. Hans hlutverk er að fara með málsaðilum yfir þau skilyrði sem þarf að uppfylla til að hægt sé að sækja um skilnað að borði og sæng. Þar er allra jafnan lagður fram bráðabirgðasamningur um eignaskipti og forræði barna ef það á við í kjölfarið boða fulltrúar sáttameðferðar einstaklingana í sáttameðferð, ef þau eiga börn saman. Í hópi viðmælenda minna sem fóru í sáttameðferð var það í öllum tilvikum nema einu brotþolarnir sem pöntuðu tímann.

Aðeins ein viðmælenda minna mætti með ofbeldismanninum í fyrsta viðtal en hún sagði að það hafi verið því hún hefði talið að hægt væri að ganga frá skilnaði að borði og sæng samdægurs. Hún sagði ennfremur að hún hefði verið illa undirbúin og óupplýst og hafi því í raun ekki vitað hvað hún var að fara út í, hún segir:

[H]ann reyndar hringdi og pantaði tíma hjá sýslumanni til að slíta sambúð og við mættum bara þangað og hérna, og þá vorum við náttúrulega spurð „eru þið búin að, gera samkomulag varðandi hérna, börnin“? Og, hérna, við vorum nota bene, við vissum það ekki einu sinni, að við þyrftum eitthvað að vera búin að ræða það... Okkur var bara þrykkt í einhverja sáttameðferð...

Sigrún lýsir því að henni hafi ekki fundist hún fá nægar upplýsingar er hún mætti í fyrsta viðtalið hjá lögfræðingi embættisins. Hún segir ennfremur að henni hafi ekki fundist hún fá þar nægar upplýsingar um hvað fælist í sáttameðferðinni og hver tilgangur hennar væri.

5.3 Húsakynni sáttameðferðar sýslumanns

Eins og áður hefur komið fram sameinaði sýslumannsembættið á höfuðborgarsvæðinu allar starfstöðvar sínar og flutti að Hlíðarsmára 1 í Kópavogi. Ég var því mjög spennt að sjá hvernig aðstaða biðsalar hefði breyst með þessum breytingum.

Í Skógarhlíð 6 var aðstaða biðsalar á 3 hæð húsnæðisins þar var ágætlega stórt rými. Ef stigin var tekinn upp á 3 hæð þar sem aðstaða fjölskyldusviðs var til húsa og ef einhver sat við aðalinnganginn þá sá hann alls ekki þá sem sátu við skrifstofuganginn þar sem viðtölin voru tekin. Kosturinn við það var sá að ef hinn aðilinn var í rýminu þá hafðir þú oft kost á að staðsetja þig á biðstofunni þannig að þú þyrftir ekki að vera nálægt ofbeldismanninum og möguleiki var að sitja án þess að sjá hann. Rýmið þar var nægilega stórt til að hægt var að halda smá fjarlægð, en mörgum konum sem þekkja þennan biðsal fannst nándin þar samt of mikil.

Þegar ég gerði þessa þátttökuathugun var ég sjálf að koma í fyrsta skipti inn í þetta rými. Þegar gengið er inn í hús sýslumannsins er komið beint að lyftu og stigahúsi en til hægri og vinstri handar á fyrstu hæð eru afgreiðslur. Fjölskyldusviðið er á þriðju hæð bæði stigin og lyftan eru þröng og dökk. Þegar upp er komið er komið inn á lítinn þröngan gang. Móttaka fjölskyldusviðs er á vinstri hönd og þar er hurð sem var að mestu leiti gler og það sást vel inn í rýmið. Nýji biðsalurinn er margfalt minni en hann hafði verið á gamla staðnum rýmið var nánast ferkantað og engin leið að sitja án þess að vera í mikilli nánd við aðra gesti. Mjög hljóðbært var þarna inni svo gestir heyra öll erindi sem borin eru upp í afgreiðslunni og framvindu þeirra. Fjölskyldusvið sýslumanns þarf að afgreiða mörg viðkvæm mál og það kom á óvart hversu lítið var hugsað um persónuvernd þeirra sem koma með erindi sín þangað.

5.4 Upplifanir brotþola ofbeldis í nánnum samböndum á sáttameðferð sýslumanns

Það kemur fram í viðtölunum að fjórar af fimm íslensku konunum fóru með einhverjum aðila sem þær treystu í viðtal til lögfræðings embættisins þegar þær sóttu um skilnað að borði og sæng. Allar tíu konurnar í rannsókninni sögðu frá því að þær væru að skilja við ofbeldismann og ein þeirra sýndi fram á gögn sem hún var búin að prenta út máli sínu til stuðnings, Áslaug lýsir hér:

En fyrst fór ég til sýslumanns, með þabba, ég þorði ekki ein, bara til að tala við lögfræðing þar, segja frá málinu án þess að hann væri þarna. Segja frá áreitinu, það var stöðugt áreiti þá, það var bara sms á 5 mínútna fresti og, bara hvað ég var ógeðsleg og svoleiðis, ég gat ekki sofið og svoleiðis, og við vildum sína henni svona

sms-in og við gátum prentað út nokkrar blaðsíður og svona, bara sína, og athuga hvaða rétt ég hefði, miðað við hvað væri búið að ganga á og pabbi, var svona, að spyrja, hvort það væri hægt að fá lögskilnað strax, en nei, það var ekki hægt nema ef það væri líkamsárás, það er bein líkamsárás, eða fjölkvæni eða eitthvað annað... [E]n allavega hún tók þessi gögn, en þau gerðu akkúrat ekkert með þau, svo bara mætum við saman í þessa sáttarmeðferð, og þurfum að bíða þarna frammi saman skiluru, og hann er, er þarna, nanana að tala við mig...

Erlendu konurnar fjórar sem bjuggu í Kvennaathvarfinu, fyrst eftir skilnað, sögðu að starfskonur Kvennaathvarfsins hefðu aðstoðað þær við að panta tíma í sáttameðferð sýslumanns. Þær gagnrýndu allar það að þær voru ekki verið settar í forgang hjá sýslumannsembættinu þrátt fyrir stöðu sína, Gloria segir:

[Þ]au [Starfskonur Kvennaathvarfsins] var að hringja ég þarf að bíða bara til þess að fara til sýslumaður, ég var að bíða kannski tvo, þrjá vikur af því lögmaður hjá Kvennaathvarfinu alltaf var að hringja og langar að hafa svona, hafa þetta strax, og hún bara segja af því að er ofbeldi og allt, en nei ég þarf að bíða, og ég var að bíða.

Í þeim tilvikum þar sem einungis annar aðilin mætir í sáttameðferð þarf að boða hinn sérstaklega og algengt er að það geti liðið um 4-6 vikur þar á milli. Ef sá aðili sem seinna er boðaður mætir á sinn fund er næsta skref að bíða eftir að vera boðuð sameiginlega í sáttameðferð. Bið eftir þeim tíma var yfirleitt líka um 4- 6 vikur svo lengi sem ekki komu upp tafir vegna jóla, páska eða sumarfría embættisins.

Viðmælendur mínir sem fóru í sáttameðferð töluðu allar um að þær hefðu upplifðað mikið varnarleysi og ótta þegar í ljós kom að sáttameðferða fulltrúinn virtist ekki vita af stöðu þeirra. Engum kvennanna var boðið úrræði samkvæmt 12. gr. reglna um sáttameðferð en það mætti vel færa rök fyrir því að „sérstaklega standi á“ þegar ójafnræði á borð við ofbeldi ríkir á milli einstaklinga. En í 12. gr. reglnanna, *Almennt um framkvæmd sáttameðferðar*, segir að ef sérstaklega standi á að mati sáttamanns getur hann boðað foreldra hvort í sínu lagi á sáttafund. Í 12. gr. segir ennfremur:

Sáttamaður ákveður hvar einstaka sáttafundur fara fram og boðar foreldra til funda með hæfilegum fyrirvara. Sáttamaður ákveður að höfðu samráði við foreldra hversu lengi hver sáttafundur varir. Foreldrum er skylt að mæta sjálfir á þá sáttafundi sem sáttamaður boðar til. Ef sérstaklega stendur á að mati sáttamanns getur hann ákveðið að sáttafundur verði haldin í gegnum síma, fjarfundabúnað eða annað fjarskiptatæki enda verði sáttafundi hagað þannig að allir heyri öll þau orðaskipti sem fram fara. Foreldrar skuli að jafnaði mæta saman á sáttafund en sáttamaður getur ákveðið þegar sérstaklega stendur á að foreldrar megi mæta hvort í sínu lagi á sáttafund. Á fyrsta sáttafundi skal sáttamaður að jafnaði gera

foreldrum grein fyrir markmiðum sáttameðferðar, umfangi hennar og framkvæmd og afleiðingum þess ef ekki næst sátt um ágreiningsefni. Þá skal sáttamaður aðstoða foreldra við að afmarka í hverju ágreiningur liggur í því skyni að sáttafundur nýtist sem best og útskýra fyrir foreldrum í meginatriðum þær reglur sem gilda um þau efnisatriði sem foreldrar deila um (Sýslumenn, 2013).

Svigrúm til að boða foreldra í sitt hvoru lagi er einnig að finna í 9. gr. *Um framkvæmd sérfræðiráðgjafar*, en þar segir „Sérfræðiráðgjöf má veita foreldrum saman eða hvoru um sig“ (Sýslumenn, 2017).

Þar sem svigrúm er í reglunum bæði er varðar sáttameðferð og sérfræðiráðgjöf má velta fyrir sér af hverju það er ekki oft notað. Það kom fram í samtali mínu við fulltrúa sýslumanns að sáttameðferðafulltrúar fá upplýsingar sem brotþolar gefa í viðtali hjá lögfræðingi embættisins. Þegar sótt er um skilnað að borði og sæng fyrir sáttameðferð vita sáttameðferðafulltrúar ef um ofbeldissamband er að ræða ef brotþolar skýra frá því.

Engin kvennanna sem tók þátt í rannsókninni vissi að hún gæti farið fram á að mæta ein í sáttameðferð. Allar sögðust þær hins vegar hafa viljað vita af því úrræði og geta nýtt það. Sigrún lýsir upplifun sinni:

Mér leið rosalega illa ég var kvíðin alveg frá því við fengum tímann, og þangað til hann var, það voru kannski alveg nokkrar vikur, og ég man til dæmis alltaf kvöldinu fyrir tímann sem við áttum, við náttúrulega fórum í svólítið marga tíma, en það var fyrir hvern einasta það var alltaf það sama, kvöldinu áður þá gat ég ekki sofíð, bara fyrir kvíða og stressi og vanlíðan, ég nötraði og skalf öll, þú veist innan í mér og mér fannst öll líffæri mín einhvern veginn riða, og, svo náttúrulega þegar ég kom þarna niður eftir, og hérna, við mættum yfirleitt á mjög svipuðum tíma, og hérna, og tilkynntum okkur að við værum bæði mætt og hérna, þá tók við einhver bið þarna á biðstofunni, og, þar bara sat ég og ofandaði, og ég var bara að deyja úr stressi.

Konurnar töluðu allar um að hafa upplifðað kvíða, raddleysi og valdleysi í sáttameðferðinni þær sögðust einnig allar hafa kvíðið fyrir því að mæta ofbeldismönnum sínum þar. Viðmælendur mínir sem fóru í sáttameðferð lýstu því að þær hefðu átt erfitt með að tjá sig þar af ótta við viðbrögð ofbeldismannana og því hafi þær upplifað ákveðið tilgangssleysi yfir því að vera þarna. Þær voru sammála um að ekki hefði verið lítið til aðstæðna þeirra þar sem fulltrúi sáttameðferðar hafi komið fram þar eins og hann væri að tala við einstaklinga sem væru jafnvíg. En ekki hafi verið lítið til þess að ójafnvægi ríkti á milli þeirra vegna ráðandi stöðu ofbeldismannana.

Hera sagðist hafa verið búin að ná að slíta sambandi við þekktan ofbeldismann sem hún segir að hafi tekið hana mörg ár. Hún sagði ennfremur að það hafi reynt mikið á hana bæði andlega og líkamlega. Konan segir að ofbeldismaðurinn hafi verið búin að beita hana miklu andlegu, líkamlegu, kynferðislegu og fjárhagslegu ofbeldi frá því að hún var mjög ung, hún hafði þetta að segja:

En þegar þetta er svona þá á það bara að vera algjörlega þannig að, við erum bara boðuð í sitt hvort viðtalið, þú veist, ég á ekki að þurfa að sitja þarna með honum, skiluru það er bara gjörsamlega útúr kú, því auðvitað sagði ég ekki neitt, ekki orð, ég sagði ekki orð af því, ég sagði ekki „veistu hvað er búið að ganga á síðustu árin, veistu hversu mikið ofbeldi er búið að vera í gangi“?

Konurnar sem fóru í sáttameðferð töluðu um að þær vissu ekki hvernig þær áttu að geta tjáð sig án þess að æsa ofbeldismennina upp. Allar töluðu um að þær hefðu þurft að reyna að veга og meta hvað þær gátu sagt þarna inni. Því þær hefðu þurft að hugsa um hvaða afleiðingar það gæti haft á samskipti þeirra á milli í framtíðinni. Þar sem að þær vissu að þær mundu þurfa að vera áfram í samskiptum við ofbeldismennina vegna barnanna.

Hera sagði að hún hefði verið búin að fara frá ofbeldismanninum töluvert áður en hann ákvað að gera kröfu um umgengnissamning. Fram að þeim tíma hafi hún reynt að stýra umgengni hans við barnið á þann veg að hann fengi barnið til sín þegar hann var ekki undir áhrifum vímuefna og/eða áfengis. Hún sagði ennfremur að hún hafi talið að tilgangur hans með því að fara með málið fyrir sýslumann hafi verið til þess að reyna að ná aftur tökum á henni. Hún segir að hún hafi verið boðuð í sáttameðferð með honum og þar hafi ekki verið litið til þess að hún hafði ávallt hugsað um barn þeirra. Hún sagði að það hefði ekki heldur verið litið til stórfelldrar ofbeldissögu mannsins né hafi fíkniefnasaga hans verið skoðuð. Hún sagði að það hefði verið erfið reynsla að hafa þurft að sitja í sama rými og ofbeldismaðurinn. Þar sem hún var að reyna án þess að ögra honum of mikið að fá fulltrúa sýslumanns til að skilja að það voru ekki forsendur fyrir því að barnið gæti verið í reglulegri umgengni við föður vegna lífnaðarhátta hans. Hún lýsir hér aðstæðum sínum í sáttameðferð:

[H]onum tókst að hóta mér fyrir framan þennan félagsráðgjafa þarna í sáttameðferðinni, án þess að hún skráði það niður hún sagði bara „bíddu, hvað meinar þú með því“? Og þá náði hann að snúa sig útúr því bara, að hann meinti ekkert svoleiðis bara, að hann meinti bara eitthvað allt annað, hún sagði „já, ok gott mál“, og svo bendi ég henni á, og ég segi, mér finnst ekki eðlilegt að, að þetta sé svona að þegar menn eru ennþá að ljúka afplánun, og það eina sem ég segi er, að hérna, „mér finnst að það þurfi að taka mið að aðstæðum“, hvernig þær eru, ég

skil fullvel að börn eigi að hafa samband við foreldra sína ef það er hægt, ég hef sinnt því, eins og ég get gert, það væri ekkert samband þarna á milli, augljóslega, miðað við hversu mörg ár eru þarna, skiluru í, þar sem hann er bara allt annarsstaðar, lokaður inni [í fangelsi], þannig að mér finnst þetta bara ósanngjarnt að ég sitji hérna yfir höfuð, á vinnutíma, ég á að vera í vinnu núna... ég skildi bara ekki af hverju við sætum þarna því það var ekkert vandamál, þetta var bara að hann vildi hafa það á blaði að hann ætti helming þarna, þú veist, sami maðurinn og tók hérna, trefil og ætlaði að kyrkja mig með honum því ég vildi ekki skrifa undir hérna sameiginlegt forræði, skiluru, ég gafst ekki upp, ég ætlaði frekar að láta hann drepa mig en að, ég ætlaði að fara að skrifa undir sameiginlegt forræði, en svo sat ég þarna með sýslumanni, og hún segir við mig, félagsráðgjafinn þarna, þessi ágæti félagsráðgjafi, sem ég vona auðvitað að hafi enga reynslu af þessum heimi, en þyrfti kannski að hafa hana, allavega einhverja menntun, í þessum efnum, „jahh, það er nú rosalega misjafnt hvernig svona, sumir hafa bara mætt hérna nánast með handjárnahaha“, já! ok, og hvað, og hvað segir það mér? Það segir mér að ég get ekki treyst því sem er að gerast hérna... [S]ýslumaður, hún segir við mig, „þú ert sérfræðingur í þínu barni“, nákvæmlega, ég er það, treystu mér til þess að taka ákvörðun akkúrat núna, þú veist, þú sérð alveg hvað er að gerast hérna, þú sérð aldursmuninn á okkur, þú sérð að ég er búin að vera ein að þessu, þú veist, en samt þarf þetta að fara í gegnum einhverja bureaucrasíu [skrifræði] hérna þú veist, að, að hérna, hún þarf að vera skrifandi niður eitthvað og við þurfum að komast að einhverri niðurstöðu hérna, mér fannst bara fáránlegt að við sætum jöfn við borðið, ég og minn ofbeldismaður.

Hera sagðist hafa upplifað að sáttameðferðafulltrúinn hafi ekki þorað að setja ofbeldismanninum mörk. Hún upplifði einnig að fulltrúi sýslumanns hafi gert lítið úr aðstæðum hennar þegar hún var að reyna að benda henni á að ofbeldismaðurinn væri margdæmdur vegna annarra ofbeldisverka. Auk þess benti hún á að sáttameðferðin hefði verið fjárhagslega íþyngjandi fyrir hana þar sem ekki var tekið tillit til þess að hún þurfti að taka sér frí frá vinnu til að mæta. En hún hafði þurft að vinna á tvemur stöðum frá því að hún fór frá ofbeldismanninum til að geta séð fyrir sér og barninu.

Ég spurði viðmælendur mína m.a. um hvort að þær hefðu upplifað að fulltrúar sáttameðferðar hefðu áttað sig valda ójafnvæginu sem var á milli þeirra og ofbeldismannana, Sigrún segir:

Nei, og mér finnst að þau ættu að gera það, því maður situr ekki þarna með ofbeldismanninum sínum og tilkynnir einhverjum að þetta hafi verið svona og hinsegin, maður er að passa að rugga ekki bátnum og styggja viðkomandi, og ég upplifði rosa mikið þannig í öllum þessum tímum sem ég fór í þarna niður frá að ég var svo mikið að passa mig að segja ekki neitt vitlaust, til að styggja hann ekki enn meira, og þannig, að það hefur örugglega litið þannig út að ég sat þarna og sagði lítið, á meðan hann ausaði, og ég skil ekki alveg af hverju engin tók eftir því að

þarna væri ofbeldi í gangi, því ég var augljóslega mjög kúguð og hérna manneskja sem stendur ekki upp og ver sig með kjafti og klóm það segir sig sjálft að það er búið að bæla hana niður, ég var alltaf hrædd við að tala þarna því hann hafði rosalega mikinn sannfæringakraft, fólk trúði honum rosalega oft, og ég var alltaf svo hrædd við að ef ég myndi koma með eitthvað dæmi um eitthvað brot þar sem hann hefði átt sökina að hann yrði svo snöggur að snúa því yfir á mig, því það var hans sérgrein í öllu okkar sambandi og öllu þessu ferli, að hann var fljótur að snúa öllu yfir á mig.

Sigrún lýsir hér dæmi um gasljóstrun og að hún hafi ekki haft burði til að standa fyrir málefnum sínum. Hún segir ennfremur að hann hafi verið búin að grafa það mikið undan sjálfsverund hennar að hún var ekki lengur viss um hvað væri rétt eða rangt.

Ein birtingamynd andlegs ofbeldis er að nýta sér það að vera í ráðandi stöðu vegna menningarlegra og/eða félagslegrar þekkingar (Ingólfur V. Gíslason, 2008; Kvennaathvarfið, e.d.) . Það kom fyrir að brotapolar ofbeldis af erlendum uppruna sem töluðu ekki íslensku fannst þær vera útilokaðar eða missa tengsl við það sem var að gerast í sáttameðferðinni vegna þess að ofbeldismaðurinn fór að tala íslensku. Merida hafði þetta að segja:

When me and the man first broke up we attended mediation sessions. I was nervous as at this stage, I knew very limited Icelandic and was adamant that the sessions had to be in English and the mediator assured me that she'd do her best to speak English. Which she did, but when I spoke about anything, the man would smirk or roll his eyes and talk to the mediator in Icelandic, obviously making demeaning remarks.⁶

Í 18. gr. reglna um sáttameðferð *um nánari framkvæmd sáttameðferðar á vegum sýslumanns* kemur m.a. fram að sáttafundir megji fara fram á öðrum tungumálum en íslensku. Ef allir málsaðilar hafi vald á því máli sem valið er og það kemur fram að foreldrum er heimilt að hafa með sér túlk.

Ég leitaði svara hjá lögfræðingi er starfar í fjölskyldurétti um hvort sýslumannsembættinu bæri að standa straum af tungumálatúlkum. Hún benti mér á að varðandi embætti sýslumanns þá sé ekkert sem banni það að þau kalli eftir túlki en það sé heldur ekki kveðið á um það í lögum að sýslumenn eigi að gera það. Hún segir að sýslumaður hafi því túlkað það þannig að

⁶Þegar ég og maðurinn slitum sambandinu okkar í fyrsta skiptið ákváðum við að fara í sáttameðferð. Ég var taugaóstyrk á þessum tímapunkti, ég kundi mjög takmarkað í íslensku þannig ég var staðráðin í að tímarnir þyrftu að vera á ensku. Sáttameðferðafulltrúinn fullyrtaði að hún myndi reyna sitt allra besta að tala ensku, sem hún gerði. En í hvert skipti sem ég sagði eitthvað brosti maðurinn, rúllaði augunum eða talaði við sáttameðferðafulltrúann á íslensku og sagði eitthvað lítillækkandi

honum sé ekki skylt að kalla eftir túlki á sinn kostnað. En að þau aftur á móti geri fólki sem þau skynja að skilji ekki það sem fram fer, grein fyrir að þau þurfi að koma aftur með túlk.

Í *Handbók um sáttameðferð sýslumanns* sem er aðgengileg á 7 tungumálum og sem hægt er að nálgast með rafrænum hætti á heimasíðu sýslumannsembættisins koma ekki fram upplýsingar um hvernig túlkþjónusta sé háttað hjá embættinu (Sýslumenn, 2016). Það kemur hins vegar fram í bréfi um boðun í sáttameðferð sýslumanns sem fólk sem sækir um skilnað fær sent. Fulltrúar sýslumanns hafa bent á að vandamál hafi ítrekað komið upp þegar einstaklingar af erlendum uppruna eru annarsvegar. Vandamálin hafa m.a. tengst því að fólk hefur látist skilja það sem fram fer hjá sýslumanni til að reyna að flýta ferlinu. Einnig hafa einstaklingar af erlendum uppruna reynt að bjarga sér með því að fá aðra sem eru tengdir þeim til að túlka fyrir sig en það getur sett aðila sem túlkar í erfiða stöðu ef deilur ríkja. Eins bentu fulltrúar sýslumanns á að það hefur komið fyrir að túlkur sem fengist hefur hefur ekki treyst sér til að þýða hótanir sem annar aðilinn beinir að hinum í sáttameðferð. Né að þýða fyrir fulltrúa sáttameðferðar samtöl sem innihalda lýsingar á grófu ofbeldi.

Viðmælendur mínir sem fóru í gegnum sáttameðferð töluðu um að þær hefðu upplifað mikið andlegt álag í ferlinu. Þar af sögðu allar konurnar nema ein sem fóru í sáttameðferð frá því að ofbeldismennirnir hefðu hóttað þeim því að þeir myndu nýta sáttameðferðina til að taka börnin af þeim.

Í tilvikum sjö kvenna í rannsókninni höfðu ofbeldismennirnir beitt brotapolá gasljóstrun á þann hátt að reyna að sannfæra þær um að þær væru annað hvort geðveikar eða slæmar mæður. Þær sögðu að það hefði gert það að verkum að þær hefðu haft brotnari sjálfsmynd og þær efuðust enn frekar um stöðu sína (Abramson, 2014; Drífa Jónasdóttir, 2018). Það kom fram hjá öllum þremur erlendu viðmælendum mínum sem áttu íslenskan maka að þær óttuðust um stöðu sína gagnvart þeim þar að þær þekktu síður íslenska kerfið. Einnig sögðu viðmælendur mínir hræðslu sína vera tilkomna vegna þess að ofbeldismennirnir höfðu sagt þeim að þeir fengju frekar forræði barnanna en þær þar sem þær væru af erlendum uppruna, Gloria segir hér:

[J]á af því ég held að hann heldur, hann er að hugsa hann er íslendingur og hann ætlar að vinna, af því að ég er frá útlanda, ég er kona, ég er ekki neitt...

Einn viðmælandi minn skildi við mann af afrískum uppruna sem hún segir hafa beitt hana andlegu ofbeldi. Hún sagði að hann hafi neitað að skilja við hana á þeim forsendum að hann

hafi ekki verið komin með dvalarleyfi hér á landi. Dóra lýsir hér fyrir neðan aðstæðum þar sem forréttindi hennar sem Íslendingur kemur vel fram. Hér sést einnig vel munur á stöðu þeirra í sáttameðferðinni þar sem hún þekki betur hvernig íslenska kerfið virkar. Þau voru gift en hann var ekki barnsfaðir hennar:

[L]ögmaðurinn minn kom með mér á fundinn og svo byrjar hún að reyna að fá að vita hvort hann vilji skilnað, og hann segir „nei, ég skrifa ekki undir neitt, ég ætla ekki að skilja við hana“ sem sagt, þær [Tveir fulltrúar frá sýslumanni og lögmaður konunar] útskýra bara leiðina, „þú veist að dómsmál kosta pening, það tekur tíma, þú veist það kostar svona og svona mikið og hún mun fá skilnað á endanum, hún mun vinna málið, þetta er tapað mál fyrir þig“, en það hafði ekkert að segja, hann bara „ég ætla ekki að skilja við hana“... [S]vo sögðu þær við hann „þú ert að gera öllum erfitt með þessari ákvörðun þinni, þú ert að gera henni erfitt, þú ert að gera dóttir hennar erfitt, og þú ert að gera þetta erfitt fyrir sjálfum þér, þú ert að þvinga hana til að vera með þér í hjónabandi“, hann sagði „ég er ekki að þvinga hana“, þá komu þær þrjár á móti honum og sögðu „jú, víst ertu að þvinga hana“, bara þrjár konur á móti honum, hann neitaði aftur að skrifa undir, endurritið og sýslufulltrúin sagði við hann „ok, en þú veist að við erum hérna þrjú vitni á móti þér, ertu alveg viss um að þú viljir ekki skrifa“?, „ég skrifa ekki undir neitt“ sagði hann... þannig að, sýslumaður lokaði málinu... þá þurfti ég bara að fara í dóm, stefnan var langt komin, þannig að þeir mættu stefnuvottar í vinnuna til hans daginn eftir, og stefndu honum, það var allt tilbúið, þannig að hann fékk ekki tíma, og stefnuvottarnir sögðu við lögmanninn að honum hefði brugðið mikið þegar stefnan kom í hendurnar, ég veit ekki hvar hann á heima, þannig að þeir fóru bara í vinnuna [til hans], og um leið og stefnan er komin þá er ég komin með skilnað... skiluru, þá er, ef það tekst ekki að stefna þá get ég lent í að vera föst með honum að eilífu, skiluru, það er það eina, þó svo að hann hefði ekki tekið við henni... bara það að þeir hefðu komið, þá er ég búin að fá það sem ég vil, svo ég sótti um lögskilnað.

Hér kemur vel fram aðstöðu munur á milli einstaklings af íslenskum og erlendum uppruna þar sem viðmælandi minn er í yfirburðastöðu sem henni tekst að nýta til að flýta fyrir skilnaði þeirra. En einnig kemur fram að fulltrúar frá sýslumanni virðast ekki hafa gætt hlutleysis í þessum aðstæðum og þær virðast reyna að hafa áhrif á ákvörðun mannsins sem var einn og af erlendum uppruna.

Það sem brotapolar ofbeldis gagnrýndu helst var skortur á upplýsingum og skilningi á stöðu þeirra en einnig skortur á úrræðum til að sáttameðferðarferlið gæti nýst þeim. Þeim fannst ekki vera tekið tilit til aðstæðna þeirra né að skilningur væri á því að þær væru jafnvel enn í hættu. Ekki var heldur litið til þess að þær voru allar enn að fá yfir sig hótanir og áreiti frá ofbeldismönnum. Konurnar töluðu um að þær hefðu viljað einstaklingsviðtöl þar sem þær

hefðu getað fjallað um hagsmunamál sín án þess að þurfa að óttast viðbrögð ofbeldismannanna.

Sigrún lýsir hér fyrir neðan dæmi þar sem þetta kemur skýrt fram hún segir að sáttameðferðafulltrúinn hafi ekki áttað sig á eða litið til ofbeldisins sem maðurinn var búinn að beita hana. Hún segir að það hafi reynst henni mjög erfitt að mæta ofbeldismanninum og að hún hafi ekkert getað tjáð sig fyrir framan hann né útskýrt stöðu sína þegar sáttameðferðafulltrúin hafi sagt við þau að það væri börnum þeirra fyrir bestu að þau séu vinir:

[O]g, þannig að mér fyndist mjög mikilvægt fyrir, einmitt fólk sem er í svona ofbeldissamböndum að þau þurfi ekki að vera að hitta ofbeldismanninn sinn, sem það er loksins búið að vinna upp kjark til að fara frá... svo var alltaf verið að segja við okkur, „já, það er langbest fyrir börnin ef að þið getið bara verið vinir“, þú veist, já, í draumaheimi er það svoliðis, og hérna, þú sérð að það var félagsráðgjafi sem ég talaði við í símann [Það atvik var ekki í tengslum við sáttameðferð sýslumanns], þegar ég var að ræða málefni barnsins sem áttaði sig á að ég hafði orðið fyrir ofbeldi, þú veist þetta er svo borðleggjandi, og af hverju engin fattaði það þarna [Í sáttameðferðinni], þessir, fínu sálfræðingar [Hér er átt við félagsráðgjafa sáttameðferðar], skil ég ekki, hann var að beita mig ofbeldi beint fyrir framan nefið á þeim, mig langar að vita hvað þau hefðu gert ef hann hefði farið að lemja mig þarna, hefðu þau bara setið hjá og horft á það, en hann barði mig niður með allskonar málum, hann talaði sjaldnast um börnin í þessum tímum, þetta var sáttameðferð varðandi forsjá barnanna, en það var yfirleitt ekki til umræðu, og af hverju það var ekki stoppað skil ég heldur ekki, þannig að mér fyndist bara fyrst og fremst, [að] hittast í sitt hvoru lagi og eins og ef ég hefði fengið tíma útaf fyrir mig með eitthvað af þessum sálfræðingum [félagsráðgjöfum sáttameðferðar], þá hefði ég getað sagt að ég er logandi hrædd við hann, og ég get ekki verið inni í sama herbergi og hann og þá hefðu þau getað áttað sig á því, ok það er ekki allt með felldu þarna, það væri alveg rosalega stórt skref ef þau myndi bara byrja á því.

Sáttameðferðafulltrúinn situr hér með ofbeldismanni og konu sem hefur orðið fyrir miklu ofbeldi af hans hálfu og segir þeim að best sé að þau séu „vinir“. Sem sýnir hversu lítið fulltrúi sýslumanns áttar sig á ofbeldissamskiptum.

Allir átta viðmælendur mínir í rannsókninni sem urðu að vera áfram í samskiptum við ofbeldismennina eftir skilnað, sögðust hafa þurft að leggja mikið á sig til að reyna að halda samskiptum eins góðum og hægt var í svona aðstæðum.

Það kom fram að engum ofbeldismannanna var gert að endurskoða hegðunarmynstur sitt og þeim voru ekki boðin nein úrræði til að bæta sig. Ábyrgð á „góðum“ samskiptum voru því undantekningalaust á herðum brotþola rannsóknarinnar án þess að þeim væri boðið stuðningur eða ráðgjöf.

Freyja benti á að henni fyndist að þegar konur geti lagt fram gögn sem sanni ofbeldi á borð við áverkavottorð, lögregluskýrslur og/eða nálgunarbönn, þá eigi brotapolar ofbeldis í nánum samböndum að hafa þann rétt að fá að skilja við ofbeldismenn strax þar sem það er hafið yfir allan vafa að hjónabandið ógni bæði lífi þeirra og heilsu.

Auðvitað er kannski ekkert mál eins, en það þarf að breyta ferlunum, þegar þú kemur með mál sem er eins borðleggjandi og þetta sem ég er með, allar sannanir og skýrslur þess lútandi, þá á bara að veita manneskju skilnað á 0 einni, það á bara að vera einhvern veginn í ferlinu, já! hún er með þetta, þetta og þetta, og þá á þetta bara að vera borðleggjandi, hún fær skilnað núna.

Það kom fram að enginn viðmælenda minna sögðu ofbeldismennina hafa viljað viðurkenna ofbeldið fyrir fulltrúa sýslumanns. Af þeim tíu konum sem tóku þátt í rannsókninni þá gátu fimm þeirra lokið skilnaði, fjárskiptum og forsjármálum hjá sýslumanni. Í lok verkefnisins var tvemur málum enn ólokið.

Hér hefur verið fjallað um upplifanir íslenskra og erlendra brotapola ofbeldis í nánum samböndum á sáttameðferð sýslumanns. Í næsta kafla verður fjallað um stöðu kvenna sem eru að koma úr ofbeldissamböndum á meðan á sáttameðferð stendur.

6 Staða brotapola ofbeldis í nánum samböndum á meðan sáttameðferð er ólokið

Hér verður fjallað um stöðu brotapola ofbeldis í nánum samböndum af íslenskum og erlendum uppruna á meðan á sáttameðferð stendur.

Allir viðmælendur mínir nefndu að erfiðasti hluti skilnaðarferilsins hafi verið tíminn sem það tók. Samkvæmt lögfræðingi embættisins er algengast að biðtími eftir viðtalstíma sé á bilinu 4-6 vikur. Hún benti á að henni fyndist að kjör biðtími ætti að vera í kringum þrjár vikur til að hægt sé að vinna drög af fjárskiptum og forræði barna en það eru gögn sem þarf að leggja fram þegar sótt er um að fá skilnað að borði og sæng.

Lengsti tími skilnaðarferlis hjá viðmælendum mínum sem höfðu lokið því ferli var um þrjú ár. Yfirlit yfir feril sáttameðferða hjá viðmælendum mínum er þannig að Sigrún fór í gegnum þrjár sáttameðferðir. Áslaug, Dóra, Hera og Diann gátu lokið sáttameðferð á undir sjö skiptum en sáttameðferð gekk ekki hjá Miu, Meridu og Gloríu og þær þurftu ásamt Freyja og Leju að fara dómstólaleiðina.

Samningur um fjár- og eignaskipti er yfirleitt síðasti hlutinn sem semja þarf um í þessu ferli og brotapolar upplifa oft að ofbeldismennirnir reyni að halda í stjórnun og valdbeitingu með

því að reyna að sitja sem lengst á persónulegum eigum brotaþola. Það var þeirra upplifun að ofbeldismennirnir reyni því oft að draga fjárskiptin eins lengi og þeir geti til að viðhalda fjárhagslegu og andlegu ofbeldi, Freyja lýsir hér:

Í desember byrjar síðasti hlutinn af því að ganga í gegnum skilnað og fjárskiptin [en] þá hófust fjárskipti hjá skiptastjóra, það byrjaði í desember 2017, það er ennþá í gangi og núna er komin september 2018 það er, fjárskiptum hefur enn ekki verið lokið, sko í júní 2017 er [það] þingfest, því eftir að málinu var vísað frá í mars 2017 þá var eina leið mín til að fá lögskilnað og fara yfir forsjána það að ég stefni honum fyrir dómi ... síðan tekur það fram í október þegar loksins er dæmt en þá er voru búnar að vera nokkrar fyrirtökur, hann mætir ekki í það... hann fær endalausa fresti og fær bara að halda stjórnunni áfram, og í desember 2017 hófust skiptafundir hjá skiptastjóra... og það eru komnir upp í um 15 skiptafundir, þeim hefur alltaf verið frestað því... hvorki minn fyrrverandi né nokkur af hans vegum hefur mætt, og í millitíðinni eru komnir yfir 300 tölvupóstar frá honum... sem eru alveg frá ástarjátningum yfir í beinar hótanir og hótanirnar hljóða upp á það að hann þekki menn, sem geti mætt til mín á hvaða tíma sólarhringsins sem er [í janúar 2019 var frestur til að kæra úrskurð um eignaskipti ekki liðinn, því var eignaskiptum ekki enn formlega lokið hjá þeim þá].

Freyja sagði að henni hafi reynst erfitt að standa straum af útgjöldum eftir skilnaðinn þar sem greiðslubirgðin af húsinu hafði verið reiknuð með tiliti til tekna tveggja einstaklinga en ekki eins. Hún sat föst í þeim aðstæðum í yfir tvö ár því ofbeldismaðurinn mætti aldrei í fyrirtökur um eignaskipti og því var ekki hægt að selja íbúð þeirra.

[E]n á meðan þá var ég alltaf að safna yfirdrætti til að covera[að eiga fyrir] restinni af mánuðinum, og það var alveg þangað til núna í sumar, frá október 2016 þangað til núna í sumar [ágúst 2018] þá hef ég safnað upp yfirdrætti til að eiga tekjur út mánuðinn, og það er svona hluti af því að vera bara hálfpartinn í gíslingu á sínu eigin heimili, og búa á vettvangi glæpsins...

Freyja lýsir því að það hafi verið mjög erfitt fyrir hana og börnin að þurfa að dvelja áfram í íbúðinni. Bæði vegna þess að hún hafði ekki fjárhagslega burði til að greiða af henni ein en einnig vegna þess að ofan á greiðslubirðina bætist svo við töluverður kostnaður vegna þess að hún þurfti að fara með málið fyrir dóm. Hún sagðist hafa fengið sáttavottorð um að engin sátt hefði náðst eftir að ofbeldismaðurinn hafði hvorki mætt í viðtal til lögfræðings embættisins til að leggja fram drög að skilnaðarsamningi né hafi hann mætt eða látið vita af sér í boðaða sáttameðferð. En samkvæmt verklagsreglum sýslumanns er hægt að gefa út vottorð um að engin sátt hafi náðst og í kjölfarið getur hinn aðilinn farið með málið fyrir dómstóla.

Freyja sagði að einnig hafi það haft neikvæð áhrif á líðan sína að hún og börn þeirra þurftu að búa áfram á heimili sem bar merki um ofbeldið sem hafði gengið á í mörg ár. Því þar sem ofbeldismaðurinn hafði margoft beitt Freyju líkamlegu ofbeldi þá voru ýmis varanleg merki ofbeldisins inni í íbúðinni:

[Í]búðin var eins og glæpavettvangur, því það var blóðslettur útum alla stofu, eftir, kýlingar og, [Ég var með]gat á hausnum eftir flösku flöskuna, og[hann] kýldi mig mjög fast í nefið svo það fossaði blóð úr nefinu á mér, og hérna, svo þetta var bara eins og glæpavettvangur, bara næstum því morðvettvangur því það var blóð útum allt.

Eins og áður hefur komið fram þá sögðu viðmælendur mínir að tíminn sem málin tóku í kerfinu hafi verið eitt af því sem tók mest á þær. Það kom fram í viðtölunum að bið eftir fyrsta tíma hjá sýslumanni gat verið frá nokkrum vikum upp í nokkra mánuði frá þeim tíma að þær sóttu um skilnað að borði og sæng og þangað til ofbeldismennirnir voru boðaðir í viðtöl. En mismunandi var hversu marga sáttafundi þau sóttu. Dóra hafði þetta að segja:

[É]g var sár, ég var rosalega reið, ég var svolítið ringluð, því þetta var ekki alveg það sem ég átti von á, það var búið að segja mér að það væri alveg hægt að skrifa undir þarna, ég var bara í einhverju móki, tilfinningamóki, ég var reið, leið, sár, vonsvikinn, og það sem reiddi mig mest var þessi tími sem hann fékk, því ég vissi að hann vildi þennan tíma, þetta voru tveir mánuðir sem við þurftum að bíða, tveir mánuðir fyrir mér er eins og tvö ár í þjáningu, þú veist þetta er miklu lengur að líða en venjulegir tveir mánuðir hjá eðlilegri fjölskyldu, þannig að núna er ég bara að bíða, ég er að bíða, ég er að bíða!

Í öllum tilvikunum viðmælenda minna fylgdu börn móðurinni og flestar kvennanna töluðu um hversu erfitt það hafði reynst þeim að kljúfa fjárhagslegu hliðina en stór þáttur í ofbeldi í nánnum samböndum snýr að fjárhagslegri stjórnun (Ingólfur V. Gíslason, 2008; Kvennaathvarfið, e.d.). Því voru flestar kvennana í erfiðri fjárhagslegri stöðu þar sem einnig tók yfirleitt mjög langan tíma að skipta eignum og eignaskiptingin var í átta tilvikum af tíu mjög ójöfn. Í þeim tilvikum þar sem eignaskiptin voru nokkuð jöfn var í einu tilviki farið í opinber skipti þar sem málsaðilum var úthlutaður skiptastjóri og dómskvaddur matsmaður, í hinu tilvikinu hafði brotapolí haft þinglýstan eignasamning sem hún gat lagt fram.

Á meðan eignaskiptum er ekki lokið er lögheimili beggja aðila skráð á sama heimilisfang sem fyrirgerir þeim sem flytur, rétt til húsaleigubóta. Og að auki þar sem á úrskurður um forræði og lögheimili barna liggur ekki fyrir fyrr enn eftir að sáttameðferð lýkur nýtur sá aðili sem ber kostnað að rekstri barna hvorki fjárhagstuðnings á formi barnabóta né meðlagsgreiðslna. Sigrún hafði þetta að segja:

[É]g fékk meðlag eftir 16 mánuði, þá sótti ég um undanþágu hjá sýslumanni og fékk 12 mánuði afturvirkkt, en þetta var rosalega erfitt fyrstu 16 mánuðina því hann [Ofbeldismaðurinn]tók líka frá mér eiginlega öll föt eldri stráksins því systir hans hafði gefið barninu svo mikið af fötum af stráknum sínum, svo ég þurfti að fara og kaupa eiginlega allt nýtt fyrir hann, og hann hélt eftir bróðurpartinum af fötum yngri stráksins... ég veit ekki ef ég hefði ekki átt í foreldrahús að venda hvernig þetta hefði farið.

Sigrún lýsir því hvernig ofbeldismaðurinn heldur fjárhagslega ofbeldinu áfram eftir að hún var farin frá honum. Hún segir hann hafa notað þá aðferð að leggja hald á fatnað barnanna til þess að hún myndi þurfa að leggja út fyrir nýjum fötum fyrir þau.

Viðmælendur mínir sem voru af erlendum uppruna voru alltaf í verri félagslegri stöðu en íslensku konurnar þar sem engin þeirra átti bakland á Íslandi. Þær sögðu allar frá því að ofbeldismennirnir hefðu reynt að stjórna því hvort þær gætu farið að heimsækja fjölskyldu og/eða vini. Þeir sögðu einnig allar frá því að þeir hefðu neituðu þeim um að ferðast til heimalands síns með börnin á meðan á sáttameðferð stóð. Því upplifðu þær meiri félagslega einangrun og skort á stuðningi.

Merida lýsir því einnig hvernig ofbeldismaðurinn hélt áfram að beita hana gasljóstrun á meðan á sáttameðferð stóð. Hún segir að hann hafi viljað skilja við hana en á sama tíma segir hún hann hafa gefið henni í skyn að það væri möguleiki frá hans hendi á að þau tækju saman aftur. Hún sagði að hann hefði vitað að hún hefði viljað gefa sambandi þeirra annað tækifæri til að barn þeirra hefði möguleika á að alast upp með báðum foreldrum sínum, hún nefnir hér dæmi:

[I]t was just very mind gaming, and then, because when we were at the district magistrate I remember me and my family [Sem bjuggu í heimalandi hennar], they wanted to go on a holiday, and it was like a holiday to France... you know Hjálmar wasn't, he was like "I'm not going to give you permission to go on that holiday" and I said "but why" and he goes "because, you know we're trying to get back together, if you go it means you don't care for me", and I was like "how does that mean that I don't care? It just mean that I want a nice holiday with my family you know, and I said, „can I please go“?⁷

⁷Það tók mjög á andlega, þegar við vorum hjá sýslumanninum þá vorum við fjölskyldan að reyna að fara saman í frí. Við ætluðum til Frakklands í skemmtiferða siglingu. Þú veist Hjálmar var ekki, og hann sagði: „Ég ætla ekki að gefa þér leyfi til að fara í þetta frí“. „Afhverju?“ spurði ég. „Vegna þess að við erum að reyna að byrja aftur saman, og ef að þú ferð þá þýðir það að þér er alveg sama um mig.“, „hvernig þýðir það að mér sé sama?“ spurði ég. Ég vildi bara njóta þess að fara í frí með fjölskyldunni minni. Ég spurði hann svo aftur hvort ég gæti fengið að fara.

Hún segir manninn oft áður hafa beitt hana gasljóstrun á meðan á sambandi þeirra stóð og að þessi misvísandi skilaboð hafi gert hana mjög ringlaða. Hún segir ennfremur að ofbeldismaðurinn hafi ekki gefið henni leyfi til að fara með barnið í nokkra daga erlendis í frí með fjölskyldu hennar. Hún segir hann einnig hafa farið í leyfisleysi inn í íbúð hennar og tekið vegabréf barns þeirra til að ráða fullkomlega yfir þeim aðstæðum og koma í veg fyrir að hún gæti ferðast með það. Merida segist hafa ákveðið að ræða þetta mál í sáttameðferðinni enda var það hagsmunamál fyrir hana og barnið að þau gætu hitt fjölskyldu þeirra. Hún sagðist einnig hafa verið meðvituð um að það væru miklar líkur á að hún yrði að búa á Íslandi þangað til barnið yrði 18 ára ef þau fengu sameiginlegt forræði og/eða ef ofbeldismaðurinn fengi fullt forræði, hún heldur áfram:

[I] was really stressful, and then whenever we were at the district magistrate I brought it up, and I think he got embarrassed, and he probably thought nobody would find out about this, but then... I said, „there is a holiday, family holiday that I would really like to go on, and he is not giving me permission to go“, and he was like “oh no, ah, it’s not that I’m not giving permission to go, it’s just that ah, you know I just thought maybe it wasn’t a good time, but of course go” you know, he was like kind of embarrassed, you know because I brought it up you know, cause he probably thought that, nobody is going to see the real him except me you know, so he, cause he was always good in looking like this really nice you know, sensitive guy...⁸

Merida nefnir hér dæmi þar sem sáttameðferð getur haft jákvæð áhrif fyrir brotþola sem þarf að vera í samskiptum við ofbeldismann. Í aðstæðum sem þessum getur þriðji aðili stigið inn í aðstæður og aðstoðað brotþola vegna ofbeldis sem ofbeldismaðurinn beittir. Það er því að mínu mati mikilvægt fyrir brotþola að hafa úrræði eins og sáttameðferð sýslumanns sem gæti aðstoðað brotþola við að reyna að halda ofbeldismönnum innan einhvers ramma í samskiptum og umgengni.

Merida segir ennfremur að hún hafi upplifað að ofbeldismaðurinn hafi í raun ekki verið að berjast við hana um forræði barnsins. Hún segist halda að hann hafi ekki haft raunverulegan

⁸ Ég var mjög stressuð og þegar við fórum til Sýslumannsins minntist ég á þetta, hann varð mjög vandræðalegur, hann hélt líklegast að enginn myndi komast að þessu. En svo sagði ég við sýslumanninn að það væri ferð sem fjölskyldan mín vildi endilega að ég kæmi með í, en hann vildi ekki gefa mér leyfi til að fara. En þá reyndi hann að afsaka sig með því að segja: „ó nei, öö, það er ekki að ég gef þér ekki leyfi, það er meira að ég hélt að þetta væri ekki góð tímasetning, en að sjálfsgöðu máttu fara.“ Vegna þess að honum fannst neyðarlegt að ég hafi minnst á þetta, vegna þess að hann náði alltaf að láta sig líta út fyrir að vera mjög góðhjartaður og tilfinninganæmur.

áhuga á að fara með fullt forræði barnsins. Heldur telur hún að hann hafi sóst eftir forræði barnsins til að hafa möguleika á að stjórna henni áfram, hún nefnir dæmi:

[A]nd before we had the week on week it was just very much that Eric was with me all the time you know he, if he felt like it, he would be like “oh, I kind of fancy Eric coming over tonight” and I would be like “ok, do you want him to stay over tonight?”, and it would be like “yeah but could you give him dinner and all and get him in the jammies” and then, so it would be very much like, and sometimes he would even like invite me up and, and I would go up because I just wanted to be with him [Eric] and while I was up there I was like putting Eric to bed and everything, and then I was thinking this is not right and I was feeling like I was just being used and I said no I think you can't have me coming up here to do all the work and then it's, and I said that's just not fair you know.⁹

Gloria segir svipaða sögu og Merida, hún segir að ofbeldismaðurinn hafi haldið áfram að beita hana andlegu og fjárhagslegu ofbeldi eftir að hún flúði frá honum. Hún segir hann hafa dregið það að hefja sáttameðferð í marga mánuði en hafi svo ákveðið að hafna sáttameðferð og fara með mál þeirra fyrir dómstóla. En á þeim tíma hafi hann verið búin að sitja í rúmt ár í óskiptu búi þeirra á meðan hún bjó í Kvennaathvarfinu með börnin, hún segir:

[É]g vona að ef að þetta klárast hjá dómari, ég vona ég geta ekki verið 50/50 af því, ef er svona þá ég vil hafa lögheimili, samt er þetta ætla að vera eins og þegar ég var gift nema ég ekki vera í sama hús, mér líður eins og ég er í fangelsi núna á Íslandi, ég geta ekki gera neitt sjálf, ekki einu sinni fara til fjölskylda mín nema ég fékk leyfi, til dæmis, hann segir já, nei, ég veit ekki, hann er að leika með mig, og samt er ekki rétt fyrir krakkar að láta svona.

Hún segir að hún voni að hún þurfi ekki að deila forræði með honum eða að hún fái allavega lögheimilisúrskurð en það er henni mikilvægt til að öðlast frelsi undan yfirráðum hans. Hún segir hann misnota það vald sem felst í því að hann þurfi að samþykkja það að hún ferðist erlendis með börnin til að halda henni í óvissu.

Það skapar töluvert öryggi fyrir brotþola ofbeldis að vera lögheimilis foreldri barna í þeim tilvikum þar sem hin aðillinn notar samþykkisrétt sinn sem valdtæki til að beita ofbeldi þar sem ákvörðun um að ferðast með börn undir 18 ára aldri er ávallt háð samþykki beggja foreldra. Í

⁹Áður en við höfðum viku til viku skiptingu var þetta þannig að hann Eric var alltaf með mér og þegar hann vildi, þá sagði hann „Ég væri til í að fá Eric í kvöld“ og ég sagði „Allt í lagi, viltu að hann gisti hjá þér?“ og hann sagði „Já, en geturðu gefið honum kvöldmat og gert hann undirbúinn fyrir háttinn?“. Svo bauð hann mér oft upp og ég samþykkti útaf mér líkar að eyða tíma með Eric. Þegar ég fór upp til hans svæfði ég Eric og var að gera alla vinnuna, svo hugsaði ég að þetta væri ekki rétt og mér leið eins og það væri bara verið að nota mig, þá sagði ég að þetta gengi ekki. Ég á ekki að þurfa að koma í íbúðina þín og gera alla vinnuna, það er bara ekki sanngjarnt.

þeim tilvikum sem annað foreldrið neitar án þess að geta fært fullnægjandi rök eða svarar ekki beiðni hins foreldrisins er hægt að leita úrskurðar sýslumanns (Sýslumenn, e.d.) það ferli tekur um 4-6 vikur.

Það þarf að líta til þess að oft er staða erlendra kvenna á vinnumarkaðinum verri en staða íslenskra kvenna þar sem menntun erlendra kvenna er oft minna metin og laun þeirra lægri. Gloria sagði að hún hefði hvorki verið farin að fá meðlagsgreiðslur né barnabætur og gat heldur ekki sótt um húsaleigubætur þar sem hún var enn gift. Hún benti einnig á að henni hafi fundist að félagsleg staða hennar hafi haft neikvæð áhrif þegar hún var að leita að húsnæði á leigumarkaðinum, hún nefnir dæmi:

[Þ]á búið að vera svona, 8 mánuðir í Kvennaathvarf og ég var alltaf að reyna að leita að húsnæði sem var alltaf erfitt af því að þegar ég var alltaf að segja hvað er satt, ég er í svona staður og maðurinn minn er íslendingur og ég er í Kvennaathvarfinu þá fólk vildi ekki að, að gefa mér [leigja mér], ég þarf að vera einhversstaðar með tvo krakka, og líka var svona af því að kostar mikið.

Hér hefur verið fjallað um sáttameðferð sýslumanns ásamt því að gefa innsýn í upplifanir brotaþola ofbeldis í nánnum samböndum á sáttameðferðinni. Einnig hefur hér verið fjallað um stöðu brotaþola ofbeldis í nánnum samböndum á meðan sáttameðferð er enn ólokið.

Í næsta kafla verður fjallað um hagsmuni barna sem hafa búið við ofbeldi í nánnum sambandi eða alist upp á ofbeldisheimili.

7 Með hagsmuni barnanna að leiðarljósi

Ofbeldi á heimilum er þess eðlis að það dylst engum sem þar býr og börn upplifa ofbeldið hvort sem það beinist að þeim eða ekki. Andrúmsloftið breytist það er hávaði og sýnileg eða ósýnileg ummerki eru allsstaðar.

Margar rannsóknir hafa sýnt að tengsl eru á milli þess að börn kvenna sem hafa orðið fyrir ofbeldi í nánum samböndum þrói með sér neikvæðar félags- og heilsufarslega þætti. Þeir þættir eru t.d. kvíði, þunglyndi, léleg skólagönga og aðrar neikvæðar heilsufarslegar niðurstöður. Það eru einnig margar rannsóknir sem hafa sýnt fram á að börn sem verða vitni af ofbeldi nákomins einstaklings gagnvart móður þeirra sé algengasta orsök þess að karlmenn þrói með sér ofbeldishegðun og að konur upplifi ofbeldi í nánum samböndum seinna í lífinu (Garcia-Moreno, Guedes, Knerr, 2012).

Viðmælendur mínir sem tóku þátt í rannsókninni töluðu allar um að þær hefðu reynt allt sem þær gátu til að láta börnin ekki verða vitni af eða verða vör við ofbeldið sem þær urðu fyrir. Allir viðmælendur mínir áttu barn/börn sem bjuggu á ofbeldisheimilunum og allar konurnar nefndu dæmi þar sem börn höfðu orðið vitni af eða vitað af ofbeldinu, Leja segir hér frá:

[B]arnið sér allt þetta og hann [faðirinn] oft bara kasta barnið í herbergi barnið [til þess að barnið]sér ekki og ef ég er á gólfinu og eitthvað gerist, "mamma datt"! Ég bara datt! Þú veist, barnið, hann [ofbeldismaðurinn] vildi ekki halda [aftur af]sér en barnið býið að heyra oft hvað hann er að hóta mér, hann oft var að segja „helvítis tíkin þín ég ætla bara að drepa þig, ég ætla frekar bara að vera í fangelsinu“ þú veist „ég ætla ekki að leyfa þér að lifa, og ekki leyfa þér að vera í friði“ þú veist, ætla bara kannski að lemja þannig að lækarnir muni ekki hjálpa bara að ég verð til æviloka í hjólastól, allsskonar svona hluti, alltaf, þú veist ég alltaf svona vera að reyna standa mig vera hugrökk, vera svona, já ég er ekki hrædd, ég er ekki, en samt innan í mér alltaf skjálfandi, svitnandi alveg og oft ég var að vakna á næturnar, rennandi blaut, alveg pollurinn þú veist, hann er ennþá að controllera [stýra]mig, hann er ennþá bara alveg þú veist, af því við erum að hafa samskipti vegna barnsins, þú veist (Er hann með umgengni?), já, 50%, ég er hrædd við hann, að ég þurfti virkilega að fara þannig, áfram meðvirkni, þú veist eins og ég sagði ég var meðvirk, og ég kenndi líka barninu að vera eins...

Leja lýsir hér því sem allar hinar konurnar í rannsókninni töluðu einnig um en það er að ofbeldismennirnir hóta því að þær muni aldrei fá frið frá þeim. Leja segir að ofbeldismaðurinn hafi hótad henni lífláti og örkumlum og að hún muni aldrei vera laus við hann. Hún lýsir einnig hvernig brotáþolar ofbeldis kenna börnum sínum meðvirkni í samskiptum við ofbeldismenn

með það að markmiði að reyna að vernda þau fyrir frekara ofbeldi. Í rannsókn sem Heise og fleiri gerðu fyrir Alþjóðaheilbrigðisstofnunina kom fram að margar konur dvelja áfram í ofbeldissamböndum m.a. af hræðslu við hefnd, vegna skorts á fjárhagslegum stuðningi og/eða vegna áhyggja af börnum sínum (Alþjóðaheilbrigðisstofnunin, 2018).

Í viðtölunum kom einnig fram að allar konurnar sem áttu börn, sem voru í samskiptum við feður sem voru ofbeldismenn, lögðu mikið á sig til að reyna að semja um umgengni sem byggði á því að valda börnunum sem minnstum skaða. Það var í einu tilfelli sem börn tóku sjálf afstöðu og neituðu að vera í umgengni við föður. Í því tilfelli var tekið tilit til aldurs þeirra og alvarleika ofbeldisins sem þau höfðu orðið fyrir og höfðu verið vitni af og það var samþykkt. Í einu tilviki átti þetta ekki við þar sem konan var að skilja við mann sem var ekki faðir barns hennar.

Konurnar átta, sem áttu börn sem voru í samskiptum við feður sína sem voru ofbeldismenn, voru allar á þeirri skoðun að börn þeirra ættu rétt á að hitta feður sína ef þau vildu og að slíkt væri börnunum nauðsynlegt. Konurnar töluðu allar um mikilvægi þess að börnin fengju allt það besta sem hægt væri að veita þeim og að það skipti ekki máli hvaðan það kæmi.

Nokkrar lýstu þó tilvikum þar sem þær höfðu tímabundið ekki þorað að láta börn í umgengni til feðra sinna. Það var í tilvikum þar sem þeir voru þá nýbúnir að sýna ofbeldishegðun og/eða ef þeir voru í neyslu. Þessi tilvik komu oftast upp hjá brotapolum í upphafi sambandslita þegar ofbeldismennirnir voru hættulegastir.

Sigrún sagði að hún hefði átt erfitt með að tjá vilja sinn í sáttameðferðinni. Hún segir ofbeldismanninn hafa beitt hana mikilli gasljóstrun í formi þess að hafa stöðugt ásakað hana um að vera slæma móður frá því að börn þeirra fæddust. Það segir hún hafa orðið til þess að hún þorði ekki að tjá sig í sáttameðferðinni af hræðslu við að aðrir teldu hana einnig vera slæma móður. Hún segir ennfremur að innst inni hafi hún samt alltaf vitað að hún bæri hag barnana fyrst og fremst fyrir brjósti og því gæti þessi orðræða ekki verið rétt.

Hún lýsir hér fyrir neðan aðstæðum þegar þau voru í þriðju sáttameðferðinni en hún segir að þar hafi ofbeldismaðurinn viljað hætta í sáttameðferð og taka málið fyrir dóm. Hún segir málið hafa verið búið að taka mjög langan tíma og hún sá fyrir sér að dómsmál myndi verða börnum þeirra erfitt, hún segir:

[O]g hérna, og þá sagði ég eiginlega bara stopp, ég vildi ekkert leggja það á börnin, það var búið að hringla nógu mikið með umgengnina, á einum tímapunkti lokaði

ég bara á hana, eftir ofbeldi sem hann beitti eldra barnið og herna, ég gerði það í samráði við lögfræðinginn minn, og herna, þessi maður [fulltrúi sáttameðferðar] í seinustu sáttameðferðinni, hjálpaði okkur í rauninni að koma henni aftur á, á aðra hverja helgi. Þarna voru liðnar sex vikur sem börnin voru ekkert búnir að sjá hann, og ég sá það alveg, að það var ekki að gera þeim gott. Þú veist, þau þurftu að hitta pabba sinn.

Í rannsókninni voru tvær konur sem fengu fullt forræði yfir börnunum, Diann var önnur þeirra. Faðir barnsins fékk umgengnissamning sem sagði að til um að hann fengi barnið frá fimmtudegi til mánudags aðra hvora viku. Hún sagði að barnið ætti rétt á að hitta föður sinn þrátt fyrir að hann hafi beitt hana grimmilegu ofbeldi, Diann segir:

[H]e didn't want to give it to me, he wanted 50/50 but I told him no, I want 100% and he was like, ok we go to court... he tried to scare me, frighten me but I explained to him, in a nice way that he is not going to win this case, and then finally he, gave it up although after that he, he wanted the 50% custody, he told me, you are bad why did you take my right as a father...¹⁰

Fram kom að Diann taldi að ofbeldismaðurinn hafi gefið henni eftir forræðismálið þar sem hann var með annað opið forræðismál í dómskerfinu þar hafði hann verið ásakaður um ofbeldi gagnvart barni og fyrri konu sinni.

Áslaug segir ofbeldismanninn sem hún hafði verið gift loksins hafa ákveðið að fara í áfengismeðferð eftir að hún yfirgaf hann. Hún taldi þó að honum hafi ekki fundist neitt athugasvert við ofbeldishegðun sína áður og hún sagði að hann hafi ætlast til þess að hún og börnin kæmu aftur til hans eftir að hann hafi lokið meðferðinni:

[S]vo kom hann úr meðferð, og hann hélt að þá yrði allt í lagi, að hann hefði bara gert kraftaverk, alveg geggjaður, og sagði að þetta væri bara nýtt líf, og þetta sumar vorum við alltaf að reyna að hittast með börnin, en ég var svo hrædd við hann, hann var alltaf svo reiður, ruddist herna inn (hún horfir í áttina að útidyráhurðinni), fór í gegnum hlutina mína, sagði ógeðslegt við mig, þannig að mér leið eins og ég veit ekki hvað, versta kona í heimi, kallaði mig druslu og hóru, og mér leið alltaf illa, og hann vildi þá fara í ráðgjöf, en ég gat það ekki, og hann notar það gegn mér núna „þú vildir ekki einu sinni fara í ráðgjöf, vildir ekki einu sinni reyna“ hann sem sagt notaði þetta, og notar þetta ennþá gegn mér.

¹⁰ Í fyrstu vildi hann ekki gefa mér það, hann heimtaði 50/50 forræði, en ég neitaði því og sagðist vilja 100%. Hann hótaði þá að fara fyrir dómstóla með þetta til að reyna að hræða mig, en ég útskýrði fyrir honum að hann myndi ekki vinna þetta mál. Þá gafst hann loksins upp og samþykkti 100% forræðið, en jafnvel eftir það þá vildi hann 50/50 forræði. Hann sagði að þú ert slæm manneskja afhverju ertu að taka rétt minn sem faðir.

Fyrverandi maður Leju var í neyslu að hennar sögn og hún segir hann hafa nota barnið til að halda í samskipti. Hún segir að hann geti aðeins hugsað um barnið að mjög takmörkuðu leyti og þegar barnið er hjá honum þá ætlist hann til að hún sé samt til staðar, hún nefnir dæmi:

[Í] samningnum voru við að skrifa svona aðra hverja helgi og eitthvað svona, og eftir það hann var rosalega reiður, hann var að ásaka mig og lögfræðing [okkar]að við vorum að plata hann og að barnið á að vera viku hjá honum, en hann er ekki hæfur einu sinni að hugsa um barnið viku og viku, núna sem dæmi, ég var frá 22 – 24 [þessa mánaðar] úti í útlöndum, og barnið var hjá honum, hann [ofbeldismaðurinn] veiktist eitthvað hann var svona slæmur í fætinum, hann hringir í mig 6 um morguninn, og bara með allsskonar orðum, „helvítis hórán hvert fórst þú, ég var að reyna að segja við þig ekki fara neitt ég er svo lasin, barnið fór í skólann í morgun og er rennandi blautur og grátandi“, það var þann morguninn var brjáláður veður, það var aftur appelsíngul viðvörun, það þýðir að pabbinn ætti að keyra barnið í skólann, pabbinn er aldrei að skoða tölvupósta frá skólanum, aldrei veit neitt hvað er að gerast í skólanum, ég náttúrulega var úti ég var ekki að kíkja þú veist, það var tveggja tíma mismunur, að vakna og kíkja hvað er í tölvupósti og hringja síðan og segja „heyrðu, þú verður að keyra barnið í skólann í morgun af því að það er brjáláð veður úti“.

Nokkrar kvennanna nefndu aðstæður þar sem það kom fyrir að ofbeldismennirnir kröfðust þess að hitta börnin stuttu eftir að þau höfðu orðið vitni af ofbeldi sem þeir höfðu beitt mæður þeirra. Þær vissu að börnin voru hrædd við þá og gátu ekki hugsað sér að senda þau til feðra sinna. En á sama tíma þurftu þær að reyna að fara eftir lögum og gæta þess að þeir gætu ekki ásakað þær um tálmun og skaða þar með stöðu þeirra í foræðis- og umgengismálum. Þær töluðu um að það væru engin úrræði til að fá aðstoð með ofbeldismennina og að hvergi væri hægt að fá skýr svör um hvaða rétt þær höfðu. En samkvæmt lögum þá getur lögreglan og félagsþjónustan lítið aðhæfst í málum þar sem foreldrar eru með sameiginlega forsjá eins og er í allflestum tilvikum í upphafi skilnaðarferlis, Leja lýsir slíkum aðstæðum:

[Þ]egar hann var að eltast við okkur, og ég var að segja hvað á ég að gera, þá ég var að tala [við] hérna [Í Kvennaathvarfinu] og þær voru að segja þú verður bara að hafa samband við barnaverndina, ég hringi í barnaverndina, og er að [spyrja] hvernig á ég að hegða mér... þá náttúrulega þegar ég var komin með lögfræðinginn minn, ég sagði henni hvað barnaverndarnefnd sagði, [sem sagði] „hringdu í sýslumann“, ég sagði, ha, hringja í sýslumann, hvað getur sýslumaðurinn sagt við mig, ég vildi fá að vita hvernig á ég að haga mér... ég bara sat og vissi ekki hvað var í lagi, má hann gera það [áreita þau], þú veist, og þá þegar hann var á lögreglustöð [eftir að hann var handtekinn] var sagt, að barnaverndinn mun hafa samband við hann, kalla í viðtal, það gerðist aldrei, aldrei.

Það var upplifun allra viðmælenda minna að þeim fannst ofbeldi í nánnum samböndum vera einhliða vandamál þar sem ábyrgð samskipta var alltaf á herðum brotþola. Engin krafa var gerð um að ofbeldismennirnir létu af hegðun sinni eða væru skikkaðir í ráðgjöf.

Samkvæmt verklagsreglum þá á að kalla til fulltrúa frá félagsþjónustunni þegar lögregla fær útköll vegna ofbeldis í nánnum samböndum (Rannveig Sigurvinsdóttir, Erla Hlín Hjálmarsdóttir, Kristín I. Pálsdóttir, 2015). Ég spurði félagsráðgjafa sem starfar á fjölskyldusviði hjá Reykjavíkurborg um hvernig eftirfylgni væri hagað og hvaða úrræði félagsþjónustan hefði til að aðstoða ofbeldismenn sem beita maka og/eða börn sín ofbeldi. Jafnframt hver tilfinning hennar væri um hvaða þjónusta þyrfti að vera í boði fyrir ofbeldismenn. Hún svaraði því að þau úrræði sem félagsþjónustan í Reykjavík hefði væri stuðningur við ofbeldismenn meðan á skýrslutöku stendur. Hún segir að þau geti vísað þeim í Heimilisfrið ef þeir sýna vilja til að vinna með hegðun sína. En þar fyrir utan væru það úrræði sem stæðu öllum öðrum skjólstæðingum þeirra til boða boða s.s. félagsleg ráðgjöf, fjárhagsaðstoð, húsnæðisúrræði o.s.fr.

Hún segir að það gerist hinsvegar afar sjaldan að ofbeldismenn óski eftir þessari aðstoð þar sem þeir átti sig sjaldnast á vandanum og skaðsemi hegðunar sinnar. Hún segir ennfremur að þeir hafni einnig yfirleitt viðveru félagsþjónustu við skýrslutöku og að ekki sé hægt að skikka ofbeldismenn í úrræði eins og Heimilisfrið því ef þeir sýna ekki einlægan vilja til að vinna með vandann verði að sjálfsögðu enginn árangur. Hún bendir á að það getur því verið mun erfiðara að vinna með ofbeldismenn en brotþola en á sama tíma fari yfirleitt mesta vinnan í að styðja við brotþola. Því á meðan ofbeldismenn upp til hópa sýni ekki vilja til að breytast er lítið um úrræði sem þeir gætu nýtt sér.

Varðandi úrbætur benti hún á að henni fyndist vanta meiri stuðning og úrræði fyrir brotþola. Bæði þurfi að betrumbæta löggjöf á þann hátt að hún verði mun þolendavænni en hún segir að einnig þurfi hugrekki og útsjónarsemi til að nýta fyrirbyggjandi löggjöf á þann hátt að hún verði það. Hún bendir á að afar erfitt sé að fá nálgunarbönn þrátt fyrir að ljóst sé að ofbeldi og áreiti hafi staðið yfir í fleiri ár, ef ekki áratugi. Og einnig þrátt fyrir að líf og heilsa brotþolans sé í hættu. Hún segir að ástæðan sé yfirleitt sú að brotþolinn hefur ekki leitað aðstoðar lögreglu áður.

Hún segir að með bættum skilningi á eðli og afleiðingum ofbeldissambanda ætti ekki að vera jafn erfitt að fá nálgunarbann og það er í dag. Og bendir á að réttur brotþola til öryggis á aldrei að trompa rétt ofbeldismannsins til að beita hann ofbeldi en hún segir að hún fái oft á

tilfinninguna að því sé akkúrat þannig háttað. Hún bendir ennfremur á að það sé mjög mikilvægt að allir þeir sem komi að málefnum brotaþola og gerenda í heimilisofbeldismálum, hvort sem það séu starfsmenn félagsþjónustu, lögreglu, réttargæslumenn eða aðrir, séu vel fræddir og meðvitaðir um eðli, mynstur og afleiðingar ofbeldis í nánnum samböndum.

Hún segir að afar nauðsynlegt sé að það sé til staðar skilningur á málaflokknum. Hún segir að það sé hennar mat að það eigi enginn félagsráðgjafi, rannsakandi eða réttargæslumaður að taka að sér SGO-mál (Saman gegn ofbeldi) nema hafa fengið þá fræðslu sem þarf sem m.a. felur í sér fræðslu varðandi hvernig samstarf þessara aðila á að fara fram og hver tilgangur verkefnisins er. Þverfaglegt samtarf allra aðila verður að vera gott, það verði einnig að vera til staðar það traust og virðing sem þverfagleg vinna krefst. Hún segir að síðan SGO-verkefnið hafi hafist hafi orðið mikil bylting til hins betra í því hvernig þessi mál eru unnin. En að það þurfi að gæta þess að stöðugt sé verið að læra af því hvað virkar vel og hvað virkar ekki jafn vel og þróa og fínþússa verkefnið áfram í samræmi við það (Félagsráðgjafi á fjölskyldusviði Reykjavíkurborgar, apríl 2019).

Ofbeldi í nánnum samböndum geta verið flókin og erfið mál og þar þarf að líta til samskipta barna við ofbeldismennina. Mæðurnar losna flestar að lokum úr ofbeldissamböndunum en börnin halda áfram að vera í ofbeldissamskiptum.

Samkvæmt samtali við fulltrúa sýslumanns 28. desember 2018 kom fram að embættið hefur reynt að sinna starfi liðsinna í ofbeldismálum. En vegna manneklu þá sé það minna en þær hefðu viljað. Viðmælendur mínir töluðu um að það þyrfti að vera úrræði til þess að fulltrúar frá barnaverndanefnd, félagsþjónustunni eða sýslumanni gætu liðsinnt ofbeldismönnum í samskiptum við börn sín og brotaþola.

Í einstaka alvarlegum tilfellunum hefur lögregla eða barnaverndanefnd sett það sem skilyrði að ofbeldismenn fari í meðferð hjá Heimilisfriði (hét áður Karlar til ábyrgðar) ef þeir vilja vera í samskiptum við börn sín. Það úrræði er hlutfallslega mjög sjaldan notað og því eru fáir ofbeldismenn sem nýta sér það (Ásdís A. Arnalds, Elísabet Karlsdóttir, Hafsteinn Einarsson, 2014).

Hera sagðist hafa reynt að berjast gegn því í sáttameðferðinni að barn þeirra yrði sett í samningsbundna umgengni við föður sinn. En faðir barnsins var eins og áður hefur komið fram þekktur margdæmdur ofbeldismaður sem einnig var í reglulegri neyslu, hún segir:

[V]iðmótið sem ég fékk, og svo var hún alltaf að sussa á mig eins og ég hefði verið að grípa fram í... ég greip held ég einu sinni fram í þegar það var einhver algjört rugl sem hann var að segja og alltaf alveg „við skulum bara leyfa honum að klára“, rosaleg þabba meðvirkni þarna, alveg bara rosa mikið að reyna að passa upp á að ég sé ekki einhver hættuleg tálmunarmóðir, þarna bara mætt á svæðið... og svo langar mig líka rosa mikið að spurja þetta fólk að því, þarna í sáttameðferðinni... þú veist er það að ímynda sér það, að ég ung einstæð móðir myndi ekki bara, þú veist bara fagna því væri einhver að gera 50% á móti mér, ef ég væri bara 50% og gæti verið að sinna mínum áhugamálum eða vinna lengur eða what ever [hvað sem er] og aðeins að zen-a mig, fara í yoga eða eitthvað, skiluru, þú veist þetta er svo ótrúlega steikt viðmót... það er kannski einhver pínulítil prósentu þarna af konum sem myndu nokkurn tímann, fara í svona baráttu við barnsföður sinn til að hefna sín á honum, því við viljum öll eiga okkar personal time [tíma fyrir okkur] og við viljum öll að börnin okkar fái alla þá ást og umhyggju sem þau eiga skilið, og frá konum, körlum, það skiptir ekki máli hvaðan það er, þú veist það tekur heilt þorp það er bara þannig.

Merida sagðist hafa upplifað þrýsting frá sáttameðferðafulltrúa sýslumanns. Hún segir að þetta ferli hafi reynt mikið á sig enda hafi barn þeirra verið rúmlega árs gamalt á þessum tíma. Hún segir að eftir að hafa verið búin að mæta mörgum sinnum í sáttameðferð með ofbeldismanninum þá hafi hún gefist upp. Hún lýsir aðstæðum sínum þannig að hún hafi verið ein á Íslandi og hafi því ekki haft stuðning fjölskyldu sinnar hér. Hún lýsir síðustu skrefunum í sáttameðferðinni á þennan hátt:

[I] was really pissed off at the district magistrate. Because I remember crying and going “he is too young for week on week, he is way too young for that”, and then, the woman was like, she pulled me aside and she goes “I think you should just sign the week on week that’s just the way it is in Iceland”, and she goes “you could just go on, and go to court”, and I was like “yeah but, you know I want to go back to England”, and she was like “yeah but, just do this, just sign the week on week, and you know, that’s just the way it is in Iceland, and just do it like this for a while and then you can probably get back to England” and then I signed it, I was just like, you know at that state after weeks of being in the room with them and, and doing the whole thing I was just defeated so I just signed on the week on week, and I never should have done that, and then, I regretted it.¹¹

¹¹ Ég var mjög reið út í sýslumanninn vegna þess að ég man eftir því að hafa verið grátandi að segja „Hann er of ungur fyrir viku og viku“. Þá sagði konan „mér finnst að þú ættir að skrifa undir viku og viku, þannig er það á Íslandi.“ „þú getur haldið áfram og farið fyrir dómstól“ og ég svaraði „já, en ég vil fara aftur til Englands.“ og hún svaraði „já, en gerðu þetta bara. Skrifaðu undir viku og viku, þannig virkar þetta bara á Íslandi, svo geturðu líklegast farið aftur til Englands“. Að lokum skrifaði ég undir, eftir að hafa þurft að eyða vikum í sama herbergi og þau, ég var búinn á því, þannig ég skrifaði undir viku og viku. Ég hefði aldrei átt að gera það, ég sá strax eftir því.

Hún segist hafa upplifað að henni hafi verið stillt upp við vegg og segir fulltrúa sáttameðferðar hafa íhlutast um í ákvörðun hennar. Hún segir ennfremur að á þessum tíma hafi hún verið orðin uppgefin og að hún hafi gefist upp og látið undan þrýstingi. Hennar mál fór þannig að hún skrifaði undir sameiginlegt forræði og 50/50 umgengni. Þá hafi hún freistað þess að fara í foræðismál við hann sem endaði með því að hann fékk fullt forræði yfir barninu fyrir dómi. Hún lýsti því að það hafi verið henni mikið áfall en hún sagðist hafa haldið áfram með málið sem lauk á þann veg að hún fékk aftur 50/50 forræði yfir barninu en faðirinn var úrskurðaður lögheimilis foreldri.

Samkvæmt reglum um sameiginlega forsjá þá eiga foreldrar að virða samskipti við hvort annað og svara fyrirspurnum hvors annars er tengjast barninu/börnunum. Merida segir ofbeldismanninn ekki hafa svarað tölvupóstum né hafa sýnt vilja til að ræða ákvarðanir er lúta að barninu á borð við í hvaða skóla barnið eigi að vera skráð. Hún segist einnig ítrekað hafa þurft að leita úrskurðar sýslumanns til að mega fara með barnið í frí til fjölskyldu sinnar. Þar sem faðirinn annað hvort svaraði ekki fyrirspurnum hennar eða nýtti sér vald sitt og neitaði þeim um að fara.

Mia þurfti að dvelja á Íslandi í 11 mánuði þar af í 9 mánuði í Kvennaathvarfinu á meðan hennar mál var í ferli. En forsaga hennar er sú að hún og ofbeldismaður hennar slitu samvistum og hún segir hann hafa gefið sér leyfi til að snúa aftur heim til heimalands síns. En hún segir hann seinna hafa skipt um skoðun og lagt fram kæru um að hún hefði ólöglega farið með barnið úr landi, hún segir:

[W]e had a deal that we try now for long distance, and they [faðir barns þeirra og dóttir hans] would then move after us to [til þeirra] and, if we break up we would just stay in [heimalandi okkar] and visit here [Ísland] and [faðirinn] visit there, but then, he, five months later, he cancelled the allowed, and changed back Sofia's address to Iceland and claimed that I had kidnapped Sofia and then, is when it all started, last may he claimed that I had kidnapped Sofia, he filled child abduction announcement of Haag you know, he did that and it went to court in [í mínu heimalandi], and they decided that it was not enough real evidence and they decided to return Sofia here [til Íslands]... and here we are.¹²

¹² Við sömdum um það að við myndum prufa fjarskiptasamband og þau myndu svo flytja til [okkar] og ef við myndum hætta saman þá myndum við vera kyrr í [heimalandi okkar] og hann myndi koma hingað í heimsókn. En fimm mánuðum seinna hætti hann við leyfið og skráði heimilisfang Sofíu aftur á Ísland og hélt því fram að ég hafi rænt henni og þá byrjaði þetta allt. Seinasta Maí hélt hann því fram að ég hafi rænt Sofíu og skilaði inn barnaráns umsókn í Haag, svo fórum við fyrir dómstól í [í mínu heimalandi] og þar var ákveðið að ekki væri nægjanleg sönnunargögn og þau ákváði að Sofía yrði send aftur hingað... og hér erum við.

Hún segir ofbeldismanninn hafa nýtt sér vald sitt og neitað henni að ferðast með barnið til heimalands hennar allan tímann sem málið tók. Hún varð því að vera frá vinnu og fjölskyldu. Hún lýsir hér hluta af ferlinu:

Sáttameðferðin hófst í janúar 2018 en Miu fannst hún ekki skila neinu. Mál vegna tímabundis forræðis hófst ekki fyrr en í febrúar þar sem lögfræðingur ofbeldismannsins bað um frest nokkrum sinnum. Í mars vildi dómari ekki úrskurða um tímabundið forræði heldur klára sjálf forræðismálið í lok mars. Mia og barnið fengu leyfi dómara til að ferðast til heimalandsins. Ofbeldismaðurinn mótmælti svo málinu var frestað þar sem dómari þurfti að kveða upp formlegan úrskurð. Loks fengu þau fararleyfi og voru í heimalandi Miu í 10 daga. Eftir að Mia og barnið komu aftur til Íslands átti að fara fram sálfræðimat. Ofbeldismaðurinn lét lögfræðing sinn biðja um meiri tíma og málinu var frestað aftur. Í apríl kvartaði ofbeldismaðurinn undan því að það hefði aldrei verið dæmt í málinu um tímabundið forræði. Landsréttur úrskurðaði í framhaldi að forræðið skyldi vera 50/50.

Aftur fær lögmaður ofbeldismannsins ítrekaðar frestanir á forræðismálinu en það var gert í þeim tilgangi að halda barninu lengur á Íslandi svo hægt væri að halda því fram að það væri búið að mynda tengsl við landið. Ofbeldismaðurinn kærði svo Miu fyrir barnsrán og hún var yfirheyrð á lögreglustöðinni. Einnig skipti ofbeldismaðurinn um lögfræðing sem þýddi enn meiri tafir á málinu og var ekki kveðinn upp dómur fyrr en í júní.

Mia segir að ekki hafi verið tekið tilit til þess að hún hafði hvorki atvinnu né húsnæði á Íslandi hún segist hafa þurft að taka bankalán til að standa straum af málskostnaði. En þar sem faðir barnsins hafði beitt hana ofbeldi og hafði uppi hótanir gegn henni þá gat hún leitað til Kvennaathvarfsins.

Hennar máli lauk á öllum stigum í febrúar 2019 og fékk hún þá fullt forræði yfir barninu. Hún segir að málskostnaður hennar vegna málsins hafi verið komin í 5.8 milljónir á Íslandi áður en málið fór fyrir Landsrétt og þar að auki varð kostnaður hennar um 2.5 milljónir í heimalandi hennar.

Leja gagnrýndi að hvergi í félagslega kerfinu hafi verið tekið á hegðun ofbeldismannsins sem er í takt við upplifun annarra brotabola rannsóknarinnar. Konurnar sögðu allar frá því að það hefði tekið verulega mikið á þær á að þurfa að eiga í samskiptum við ofbeldismennina og að engin deili ábyrgð á þeim í kerfinu hvort sem þeir fái á sig dóm eða ekki. Þær upplifðu einnig að þær rækju sig allsstaðar á vegg þegar kom að því að fá þjónustu fyrir börnin:

[Þ]Þá hringir lögfræðingurinn minn í barnaverndanefnd, og loksins þá í gegnum hana erum við að fá sálfræðing fyrir barnið, sálfræðingurinn er að koma og hitta barnið, einu sinni í viku það gerðist [í] fjögur skipti svo er að koma páskar, og þá er hann að fara annars staðar [sálfræðingurinn], og þá hann að koma með rök að barnið er ekki að opna sig fyrir hann, og þá að hann sér ekki sem sagt ástæðu til að hitta hann lengur, því barnið borðar vel, barnið sefur vel, barnið er ekki að kvarta hérna og þá er bara allt í góðu lagi...

Hér hefur verið fjallað um aðstæður barna sem hafa búið við ofbeldi í nánnum samböndum. Í næsta kafla verður fallað um stöðu kvenna sem hafa verið í ofbeldisamböndum eftir skilnað með það í huga að skoða hvort að skilnaður losi þær undan ofbeldinu sem mennirnir beita þær.

8 Eftir skilnað

Í þessum kafla verður fjallað um aðstæður viðmælenda minna eftir skilnað og skoðað hvort að skilnaðurinn hafi veitt þeim frelsi undan ofbeldinu sem ofbeldisfullir sambýlismenn þeirra beittu þær.

Engin viðmælenda minna var laus við ofbeldi frá ofbeldismanninum eftir að sáttameðferð og skilnaði lauk. Þær nefndu allar dæmi um hvernig mennirnir reyndu að halda í að stjórna þeim áfram. Ég spurði konurnar hvort að þær hefðu upplifað að þær hefðu orðið frjálssar eftir að málum þeirra hafði verið formlega lokið annaðhvort hjá sýslumanni eða í dómsskerfinu, Diann segir:

From a scale of 0-10, now I feel like a 9, because he has his puppet, (because he has?), his new puppet, his new wife, I'm so sorry to say that I mean, later if he will have a problem with her, he will prey on her not me, yeah, so that's why I feel so free at moment¹³

Hún segir að áður en ofbeldismaðurinn hafi náð sér í aðra konu hafi hún alls ekki fundist hún vera frjálss undan áreitti og ofbeldi af hans hálfu:

I was not free at all before he married [again]and before he brought his new wife here [Til Íslands], I felt like I was still on a leash, because even one month ago, yeah he hadn't brought his new wife here, like, I avoided going to some places with some, well I don't have a boyfriend but I have a good friend like I wanted to go with him somewhere but, I tried not to do it because of this, because maybe someone will see me, or tell him.¹⁴

Diann bendir á að eftir skilnaðin hafi hún samt ekki verið frjálss til að fara og gera það sem henni langaði, af hræðslu við viðbrögð hans. Hún nefndi sem dæmi í viðtalinu að eftir skilnaðinn hafi hún farið út með vinkonu sinni. Hún segir hann hafa verið búin að fréttu það strax næsta dag og hafi kallað hana tók ásamt því að hella yfir hana svívirðingum um að hún væri úti um hverja helgi að ná sér í nýjan mann.

Freyja segist hafa orðið fyrir stöðugu áreiti frá ofbeldismanninum frá því að hún ákvað að slíta sambandi við hann. Hún segir að hún hafi fengið yfir 300 tölvupósta sem hafi jafnvel

¹³Á skalnum 0-10 tel ég mig vera um 9, útaf núna hefur hann nýja strengjabrúðu,[hvað hefur hann?], nýju strengjabrúðuna nýju eiginkonuna hans. Mér þykir það leitt, en ef hann mun eiga við vandamál að stríða á meðan hún er þá mun hann nýðast á henni en ekki mér. Það er ástæðan afhverju mér líður svona frjálssri.

¹⁴ Ég var alls ekki frjálss. Áður en hann giftist og kom með nýju konuna leið mér ennþá eins og ég væri í ól. Fyrir einum mánuði hafði hann ekki komið með konuna sína hingað og þá forðaðist ég að að fara á sérstaka staði með fólki, þrátt fyrir að ég á ekki kærasta. Ég reyndi að fara ekki neitt með vinum mínum útaf einhver gæti séð mig eða sagt honum frá því.

innihaldið beinar líflátshótanir. Það sem tefur mál hennar í dómskerfinu er að hún er ekki ein um að fá hótanir heldur hótaði ofbeldismaðurinn einnig skiptastjóra þeirra og dómskvöddum matsmanni er sá um mál þeirra.

[Þ]að er ekki bara ég sem hef tilkynnt hann, það er reyndar bara ég sem hef kært hann, það eru tveir aðrir sem hafa lagt fram tilkynningu til lögreglu vegna morðhótana, beinna morðhótana frá honum til þeirra, það er skiptastjórinn, hann hefur tilkynnt hann tvisvar sinnum vegna morðhótana og þessi matsmaður sem var dómskvaddur af héraðsdómi til að koma og meta eignirnar, upprunnalega ætlaði hann ekki að mæta því hann hafði fengið morðhótun frá mínum fyrrverandi... sem hefði tafið málið enn frekar, en sem betur fór mæti hann eftir kröftug mótmæli lögmanns míns og við lögðum þá til að hann myndi mæta í fylgd lögreglunar... hann tilkynnti [ofbeldismanninn til lögreglu] en kom svo.

Viðmælendur mínir töluðu allar um að það hefði tekið langann tíma að vinna sig í gegnum þessa erfiðu reynslu sem ofbeldi í nánum samböndum er. Hera lýsir hér fyrir neðan viðbrögðum sínum sem hún finnur enn fyrir þegar ofbeldismaðurinn hefur samband við hana:

[É]g fer alltaf, eins og þær segja, hjá Stígamótum, sem mér finnst mjög áhugavert, í hestinn... þú veist þú kannast kannski við það, taugakerfið skemmist, maður kann ekki lengur að bregðast rétt við, og það bara hérna (AR: Hún bendir með báðum höndum sitthvorum megin á ennið fyrir ofan augun), ég prósesera allt hérna eins og hann sé að fara að lemja mig akkúrat núna, á því augnabliki, þegar ég sé símann þá bara (AR: hún leggur hendina á hjartað), og bara didididi, og ég fæ bara nánast, kvíðakast, og ég veit bara ekki alveg hvað er að fara að gerast, og þá fer ég í vörnina, en ég er samt hægt og rólega að venja mig af þessu, og farin að vera, því þetta hefur heldur ekkert upp á sig að vera svona, það hjálpar ekki neitt, þannig að ég er alltaf í æfingum, er mikið hjá Stígamótum, og hef verið í Bjarkarhlíð líka... ég var búin að vera á hnefanum og búin að koma mér á einhvern stað, búin að fara í nám og búin að koma okkur [sér og barninu] á góðan stað fjárhagslega og svona andlega bara þá gat ég farið að grafa upp eitthvað gamalt og vinna í því, það var ekki fyrrenn þá.

Hera lýsir vel hér viðbrögðum og líðan brotapolu og hversu erfitt það getur verið að þurfa að vera í samskiptum við ofbeldismennina. Því eins og fram hefur komið þá losna brotapolar ofbeldis í nánum samböndum ekki við ofbeldismennina úr lífi sínu ef þær eiga börn með þeim. Hún segir að það hafi hjálpað henni að fara í nám og vera í meðferð hjá Stígamótum og í Bjarkarhlíð.

Nokkrar kvennana töluðu um að þær væru fjárhagslega á valdi ofbeldismannanna eftir skilnaðin. Þar sem þær hefðu ekki getað fengið þá til að aflétta þeim skuldbindingum sem þeir

hefðu lagt á þær á meðan þau bjuggu saman. Tvær viðmælenda minna voru með bílalán á sínu nafni en ofbeldismennirnir voru umráðamenn bílanna. Leja var einnig í fjárhagslegum böndum þar sem hún var með fasteignalán á sínu nafni en ofbeldismaðurinn bjó í íbúðinni. Með þessu skapast stöðug samskipti og brotapolar þurftu að gæta sín á að halda mönnunum góðum til þess að þeir greiddu af lánunum, Diann segir:

Yeah he put me in a financial problem actually, he sold one car and until now I still have to pay for the car, and I have to ask him, to beg him like ok, this month you have to pay this amount like I have to ask him to pay me each month for this car which has been sold and, he took the money¹⁵

Leja hafði svipaða sögu að segja af sínum samskiptum við ofbeldismann sinn og hér sést einnig hversu slæm staða hennar er. Hún segir að þau hafi verið með sameiginlegan lögfræðing sem hún segir að hafi ekki gætt að hagsmunum hennar í eignaskiptasamningnum.

Eftir 6 mánuði var hægt að skrifa undir skilnað að borði og sæng. Þá skrifaði Leja líka undir eignaskiptasamning þar sem ofbeldismaðurinn eignaðist íbúðina þeirra og sumarbústað. Leja var hinsvegar enn skrifuð fyrir íbúðarláninu. Ofbeldismaðurinn var með of lágar tekjur til að geta tekið lánið yfir. Leja náði engu sambandi við lögfræðinga sína vegna sumarfría sem olli töfum á málinu en samkomulag hafði verið um að ofbeldismaðurinn tæki yfir lánið um leið og hann væri orðinn eigandi að íbúðinni. Á meðan unnið var í málinu þurfti Leja að standa í samskiptum við ofbeldismanninn vegna mánaðarlegra afborganna af íbúðinni. Í gegnum þessi samskipti gat hann nýtt sér stöðu sína og hótað að borga ekki.

Hér kemur vel fram fjárhagslegt og andlegt ofbeldi sem ofbeldismenn viðhalda til að halda í stjórn á brotapolu. Hún segist aldrei þora að andmæla honum í neinum málum af ótta við að hann borgi ekki af íbúðinni sem hann býr í en hún er skráð greiðandi af lánunum. Hún er því alls ekki laus undan ofbeldinu þrátt fyrir að hafa náð að flytja frá honum.

Nokkrar konur nefndu dæmi þar sem ofbeldismaðurinn hafði haldið eftir fatnaði barna þeirra á sínu heimili. Þær segja að það sé þeirra leið til að fá hluta meðlagsgreiðslna sem þeir greiða til þeirra tilbaka. Sigrún segir hér:

[Þ]au fóru sem sagt í sumar umgengni með pabba sínum í ferðalag og yngra barnið sem sagt þakkar tvemur bakpokum af fötum, annars vegar kuldaföt og hins vegar

¹⁵Já, hann setti mig í fjárhagslega erfiðleika, hann seldi bíl sem ég var að borga fyrir og þarf enn að borga af honum. Þannig núna þarf ég að biðja hann um að borga mér mánaðarlega fyrir bíl sem hann seldi og hirti peninginn fyrir.

svona föt til skiptana og það [barnið] kemur til baka bara með kuldafötin og ég spyr hvar hin fötin séu... hún var búin að segja við mig reyndar nokkru mánuðum áður að pabbi sinn hefði sagt það að hann léti mig, hann borgaði mér pening í hverjum einasta mánuði til að kaupa föt til að hafa hjá sér.

Sigrún sagðist ekki hafa haft fjárhagslega burði til að koma börnunum upp fatnaði á tveimur stöðum. Hún segir einnig að þetta hafi sett börnin í erfiða stöðu en hún sagðist hafa viljað gera lítið úr þessu við þau, hún segir:

[Þ]annig að hann er svona að sankað sér, hann er að taka til sín föt af barninu, og neitar að leyfa henni að fara með þau heim aftur til mín, og til að barnið þurfi ekki að vera að standa í stappi með þetta, þá svona segi ég við hana, „já og taktu svo þessa peysu með heim næst og ef þetta er eitthvað vesen komdu þá bara í henni“.

Barnið er þarna orðið miðpunktur í fjárhagslega ofbeldinu sem faðir þess beittir móður hennar án þess að hafa úrræði til að komast undan því. Gloria hafði svipaða sögu að segja:

Eins og núna hann er ennþá, hann er að spyrja mig með húfa og vettlingar þetta kostar ekki mikið, af því ef þú ert með krakkar þú átt að vera með auka, hann er, og ég er ekki með mikið peninga, ég þarf að hafa allt tilbúið fyrir hann, hann er að biðja mig... (að kaupa föt á börnin til að hafa hjá honum?), já (átt þú að kaupa föt sem eru hjá honum?), já, og allt eitthvað svona.

Áslaug segir að hún þakki fyrir það að foreldrar hennar gátu aðstoðað hana með að komast í eigið húsnæði eftir að hún ákvað að skilja við ofbeldismanninn.

Áslaug segir að þrátt fyrir að hafa haft góðan stuðning frá foreldrum sínum hafi það reynt henni erfitt að reka heimili með tvö börn þar sem hún hafði misst atvinnu sína stuttu eftir skilnaðinn. Hún segir faðirinn borgaði tvöfalt meðlag með börnunum sem hún segir að hafi hjálpað henni mikið. Hún bendi á að haustin hafi verið fjárhagslega erfið tímabil fyrir sig þar sem hún þurfi þá að ganga frá æfingagjöldum og kaupa íþróttafatnað á börnin.

Hún nefndi dæmi þar sem hún sagðist hafa verið nýbúin að fá fjárhagsaðstoð frá foreldrum sínum og vildi ekki biðja þau aftur um hjálp. Hún ákvað því að heyra í föður barnana til að athuga hvort að hann vildi taka þátt í æfingakostnaði þeirra. Hún segir að hans fyrstu viðbrögð hafi verið að niðurlægja hana fyrir það að hann hafði séð hana á Tinder. Því næst segir hún hann hafa spurt hana hvort hún geti ekki fundið sér einhvern karl til að borga þetta þar sem hún væri alltaf að auglýsa sig á netinu. Að lokum segir hún hann hafa hringt í hana og boðið henni að hann skuli greiða allan æfingakostnað barnanna ef hún kæmi heim til hans og myndi stunda kynlíf með honum, hún lýsir því hér:

Þá hringir hann aftur, „já, heyrðu já, ég skal borga þetta allt, og það verður ekki lán ef þú kemur núna til mín og við sofum saman“, og veistu það ég bara, það droppaði bara, ég sagði bara er ekki í lagi með þig?, „nú þú ert að bjóða þig öllum öðrum mönnum, ég bara skil ekki af hverju þú vilt ekki vera með mér“, veistu ég held að hann hafi verið að meina þetta, ég held að hann skilji það ekki...

Hún segir ofbeldismanninn hafa reynt að nýta sér ráðandi fjárhagslega stöðu sína og það að hún sé þá fjárhagslega undirskipuð honum þar sem hún hafi þurft á fjárhagsaðstoð að halda.

Þrátt fyrir að viðmælendur mínir hafi flestar ekki verið fjárhagslega vel stæðar þá var Áslaug eini viðmælandi minn sem var að fá greitt aukið meðlag. Samkvæmt reglum um aukið meðlag þá innheimtir ríkið ekki greiðslur fyrir því heldur er greiðsla þess samkomulag á milli aðilana. Því getur sá sem á að greiða meðlagið ákveðið að gera það ekki án þess að hægt sé að leita til Tryggingastofnunar með málið. Því þarf meðlagsækjandi sjálfur að hafa samskipti við meðlagsgreiðanda (Sýslumenn, e.d) og því er hægt að beita því sem tæki til fjárhagslegs ofbeldis.

Það sem fellst meðal annars í sameiginlegri forsjá er að forsjáraðilar þurfa að leita samþykkis hjá hvort öðru ef þau vilja ferðast með börn sín úr landi eins og áður hefur komið fram. Merida segir að hún hafi átt erfitt með að heimsækja fjölskyldu sína þar sem faðir barnsins nýti sér þetta ákvæði til að beita hana ofbeldi, hún nefnir hér dæmi:

We had joined custody but he had legal address, and ever since it has been like threatening not giving me his passport and one time he, I was planning to come back from England and to Keflavík at six o'clock, on the day of his visitation starting, and I said, „me and Aron were coming back, after couple of days in England and I thought the flight was back earlier but actually it came back at six“ and I said „I just drop him to your house as soon as we get back so he would be like hour or two late“, and he was like “no that wont do, I need him at five o'clock, you need to get a new flight“... “unless you prove you got a new flight you will not get his passport“.¹⁶

Margar kvennanna lýstu því að vera andlega uppgefnar eftir að hafa losnað úr ofbeldissambandinu. Diann og nokkrar aðrar konur lýstu því að þær gátu ekki farið í annað

¹⁶Við vorum með sameiginlegt forræði, en hann átti lögheimilisfangið og síðan þá hefur hann hóttað að gefa mér ekki vegabréfið hans [sonar þeirra]. Í eitt skiptið var ég að skipuleggja að koma heim frá Englandi og lenda í Keflavík um sex daginn sem hann átti að fá Aron. Þá sagði ég honum að „Við Aron erum að koma eftir nokkra daga í Englandi, ég hélt að flugið væri aðeins fyrr en við lendum klukkan sex.“ ég sagði svo „Ég mun bara skutla honum heim til þín um leið og við komum, þannig hann verður einum eða tveimur klukkutímum of seinn.“ En hann svaraði „Nei, það gengur ekki. Ég þarf að fá hann klukkan fimm, þú þarft að bóka nýtt flug.“ svo sagði hann „Ef þú sannar ekki að þú hefur fengið nýtt flug færðu ekki vegabréfið hans.“

samband vegna áreitis frá ofbeldismönnunum. Diann sagðist hafa prófað að fara í annað samband en hafi hætt í því því ofbeldismaðurinn hafi áreitt þau bæði, hún segir:

I want to be alone, I don't want to be with any men you know, I just want to be with my self now, but at that time yes he was still harassing me, he even harassed... my, he was my boyfriend but I broke up with him, because he [ofbeldismaðurinn] was harassing him too much... I'm sad about it... because I don't want, he knew too much, my boyfriend knew too much [hún sagðist hafa haft áhyggjur af því að ofbeldismaðurinn myndi ráðast á kærastan því hún var búin að segja kærastanum málavexti kærumálsins sem ofbeldismaðurinn beið eftir úrskurði í máli sem fyrri kona hans var að reka gegn honum] and he, and my ex harassing him so much and... I just said, I cannot do this now, maybe in the future and he understood, so he was harassing me and harassing him...¹⁷

Hera sagðist hafa náð að flytja frá ofbeldismanni sínum en hún segir hann hafa haldið áfram að áreita hana og beita hana ofbeldi. Hún sagðist ekki hafa þorað öðru en að láta undan honum til að auka ekki líkurnar á að verða fyrir alvarlegra ofbeldi þar sem hún sagðist þurfa að reyna að vera til staðar fyrir barn þeirra:

Já, já, andlegt, líkamlegt, aðallega sko, mest sko í rauninni kynferðislegt ofbeldi... þú veist ef þú kemur ekki NÚNA, nú er ég komin heim og ef þú kemur ekki núna, og sinnir mínum þörfum, þá gerist eitthvað hræðilegt, þú veist, svona, þannig að ég myndi segja að það væri mjög líkamlegt og andlegt, og kynferðislegt, bara á öllum, öllum köntum sko.

Í aðstæðum sem þessum hafa niðurstöður rannsóknar Heise og fleiri sýnt fram á að brotapolar ofbeldis í nánum samböndum reyna oft að þróa úrræði til að reyna að hámarka öryggi sitt og barna sinna. Þau benda einnig á að það sem hefur oft verið túlkað sem aðgerðaleyfi brotþola sé í raun vegið og metið mat þeirra á viðbrögðum í ákveðnum aðstæðum (Heise og fleiri, 2002).

Í síðasta kafla rannsóknarinnar verða rannsóknarspurningar ávarpaðar og kynntar verða niðurstöður rannsóknarinnar og kynntar tillögur að úrbótum.

¹⁷Ég vil vera ein, ég vil ekki vera með neinum mönnun. Bara ein í bili, en á þeim tíma var hann ennþá að áreita mig, hann áreitti jafnvel kærasta minn, sem ég hætti reyndar með vegna þess að áreitið var of mikið. Það gerði mig mjög leiða, fyrrverandi að áreitta kærastann minn. [Hættuð þið saman útaf því?]. Já, kærastinn minn vissi of mikið og fyrrverandi var að áreitta hann svo mikið. Ég vildi þetta bara ekki, ég sagði honum að ég gæti ekki gert þetta einmitt núna, en mögulega í framtíðinni. En hann skildi það fullkomlega.

9 Tillögur að úrbótum, samantekt og lokaorð

Í þessum kafla verður rannsóknarspurningum svarað og ásamt því að kynntar verða tillögur að úrbótum.

Markmið rannsóknarinnar var að varpa ljósi á aðstæður kvenna sem hafa búið við ofbeldi í nánum samböndum. Til að skilja þær aðstæður verður að horfa til þess að ofbeldissambönd eru ekki byggð á jafnræði því í ofbeldissamböndum er annar aðilinn undirskipaður hinum. Undirskipaði aðilinn hefur oftast ekki mikið svigrúm til að setja hinum mörk né setja hagsmuni sína í fyrirrúm. Því hefur það áhrif á gerendahæfni brotaþola ef hann er settur án stuðnings í rými með ofbeldismanni sínum þar sem ætlast er til að hann semji á jafnréttisgrundvelli um þætti er varða framtíð þeirra.

Því hef ég skoðað hvort færa megi rök fyrir því að konur sem skilja við ofbeldismenn hafi upplifað endurtekið ofbeldi (Orth, 2002) vegna verklagsferla sem tíðkast í sáttameðferð sýslumanns. Þar sem embætti sýslumanns lítur ekki til ofbeldis í meðhöndlun ofbeldismála (Kastljós, 2018).

Í inngangi voru rannsóknarspurningar settar fram. Í gegnum ritgerðina hef ég leitast við að svara þessum spurningum og verða niðurstöður kynntar hér ásamt því að þær verða settar í fræðilegt samhengi.

Hver er upplifun íslenskra kvenna og kvenna af erlendum uppruna sem fara úr ofbeldissamböndum?

Fyrsta rannsóknarspurning sem jafnframt er eins konar yfirsurning þessarar ritgerðar fjallar um hverjar voru upplifanir bæði íslenskra og erlendra kvenna sem voru að fara úr ofbeldissamböndum.

Fram kom að almennt höfðu konurnar ekki gert sér grein fyrir í hversu alvarlegum aðstæðum þær höfðu verið í. Einnig kom fram að brotaþolar voru oftast orðnar of andlega brotnar til að geta komið sjónarmiðum og markmiðum sínum á framfæri við ofbeldismanninn. Þrátt fyrir að gasljóstrun sé ekki kynbundin í sjálfu sér þá höfðu flestar kvennana verið beittar gasljóstrun af ofbeldismönnum. Gasljóstrun hefur þann tilgang að grafa undan sjálfsforræði brotaþola og þær voru oft hættaðar að treysta á eigið innsæi og upplifanir (Abramson, 2014). Gasljóstrun gerir það einnig að verkum að brotaþoli fer að forgangsraða markmiðum ofbeldismannsins ofar sínum eigin grunnþörfum (Ciarria, 2018).

Eftir að konurnar slitu sambandinu við ofbeldismenn sína upplifðu þær allar stigmögnun ofbeldis þar sem það jókst sem er í takt við það sem Brynhildur G. Flóvens (2009) hefur bent á en ótti og yfirvofandi ógn séu gjarnan ríkjandi þættir meðal kvenna sem eru að koma úr slíkum samböndum.

Því er afar mikilvægt fyrir alla aðila sem vinna með fólki sem eru að koma úr aðstæðum sem þessum að skilja reynsluheim brotþola. Þar sem brotþolar ofbeldis í nánnum samböndum hafa oft upplifað mjög skekktan veruleika ásamt því að mörk þeirra hafa verið færð langt frá eðlilegum viðmiðum. Konurnar töluðu um að þeim hafi oft ekki þótt tímabært að taka afstöðu til þess hvort að þær vildu leggja fram kæru í upphafi sambandslita þar sem þær voru enn á valdi gasljóstrunar og meðvirkni og því gátu þær ekki forgangsraðað sínum réttindum ofar vilja ofbeldismannana.

Viðmælendur mínir voru fyrst og fremst að reyna að ögra aðstæðum eins lítið og hægt var til að reyna að koma í veg fyrir meira áreiti og/ eða aukið ofbeldi. Í þessu samhengi þarf að horfa til þess að konur sem eru að koma úr ofbeldissamböndum og eiga börn með ofbeldismönnunum losna ekki við þá úr lífi sínu eftir skilnað. Það á einnig við í þeim tilfellum er menn fá dóma á sig fyrir ofbeldið. Brotþolar þurfa því oft að hafa samskipti við ofbeldismennina í mörg ár eftir að skilnaði líkur. Því reyna þær oft að leita leiða til að reyna að halda ofbeldismönnunum rólegum og gera sem minnst sem gæti aukið óöryggi þeirra og barnanna (Alþjóðaheilbrigðisstofuninn, 2018).

Hver er aðdragandi þess að þær skilji við eiginmenn sína og hverjar voru upplifanir þeirra í sambandinu?

Önnur rannsóknarspurning mín tók á aðdraganda þess að brotþolar skildu við maka sína og hverjar upplifanir þeirra höfðu verið í sambandinu.

Konurnar lýstu því að þær hefðu verið orðnar uppgefnar og að þær hefðu verið í aðstæðum þar sem þeim fannst þær vera búnar að týna sjálfri sér. Því gátu þær ekki lengur komið sjónarmiðum sínum né markmiðum á framfæri og voru hættað að berjast fyrir sjálfum sér (Abramson, 2014).

Ofbeldismennirnir brutu sjálfsforræði þeirra meðal annars með því að einangra brotþola og koma inn hugmyndum hjá þeim um að þær væru geðveikar og/eða að skynjanir þeirra væru rangar (Ciurra, 2018). Brotþolar höfðu því oft upplifað mjög skekktan veruleika þar sem mörk þeirra höfðu verið færð langt frá því sem eðlilegt þykir (Ciurra, 2018). Sem gerði það að verkum

að þær voru hættar að geta greint á milli þess sem þykir eðlilegt eða óeðlilegt. Þetta ástand ógnar öryggi og sjálfsbjargarviðleitni brotabola og gerir það að verkum að hann forgangsraðar markmiðum ofbeldismannsins ofar sínum eigin grunnþörfum (Ciurra, 2018).

Eins og Weber hefur bent á þá voru konur af erlendum uppruna ávallt í viðkvæmari stöðu en íslensku konurnar vegna þess að þær þurftu í meira mæli að leggja allt sitt traust á ofbeldismanninn (Weber, 1998). En engin viðmælenda minna af erlendum uppruna hafði átt bakland á Íslandi. Erlendu konurnar lýstu allar andlegu og fjárhagslegu ofbeldi sem braut þær niður og gerðu þær háðari ofbeldismanninum. En slíkt kemur einnig fram í lýsingum Ingólfs V. Gíslasonar og á vef Kvennaathvarfsins (2008; e.d) um skilgreiningu á ofbeldi í nánnum samböndum.

Einnig upplifðu nokkrar þeirra fleiri birtingamyndir ofbeldis í nánnum samböndum s.s. líkamlegt og/eða kynferðislegt ofbeldi. Konur af erlendum uppruna töluðu frekar um að þeim hafi reynst erfitt að átta sig á hvar þær gætu fengið hjálp til að komast úr ofbeldissambandinu. Þeim fannst erfitt að átta sig á íslenska kerfinu og þær voru oft óvissar um rétt sinn og möguleika. Þær gagnrýndu einnig frekar skort á upplýsingum og stuðningi.

Hverjar voru upplifanir þeirra á sáttameðferð sýslumanns?

Þriðja rannsóknarspurningin snýr að upplifun brotabola á sáttameðferð sýslumanns. En það var upplifun allra viðmælenda minna að fulltrúar sýslumanns hafi ekki séð eða hafi litið framhjá aðstæðum þeirra.

Fram hefur komið að embættið býr yfir úrræðum samkvæmt reglum um sáttameðferð til að takast á við ofbeldismál. En þar sem að þau úrræði voru ekki nýtt upplifðu konurnar endurtekið ofbeldi í sáttameðferð sýslumanns. Endurtekið ofbeldi hefur verið skilgreint sem neikvætt félagslegt eða samfélagslegt viðbragð við frumofbeldinu sem brotaboli varð fyrir og getur kallað fram kvíða, efa, sjálfsásakanir og jöðrun hjá einstaklingum (Hildur Fjóla Antonsdóttir, 2018; Orth, 2002). Þetta hafði mjög neikvæð áhrif á líðan brotabola og þær upplifðu að þær væru að takast á við tvöfalt álag. Þar sem þær þurftu ítrekað að mæta ofbeldismönnum sínum og ekki var tekið tillit til þess að ekki ríkti jafnræði á milli þeirra.

Þær bentu á að það væri fjarstæðukennt að telja að þær gætu tjáð sig í þessum aðstæðum með ofbeldismanninum þar sem sjálfsforæði þeirra hafði verið brotið en skortur á sjálfsforæði er eitt af því sem einkennir oft brotabola ofbeldis í nánnum sambandi. Í þeim aðstæðum getur brotaboli ekki speglað hið dýpra gildismat sitt og áhyggjuraddir og brugðist

við þeim en það ástand orsakast af misnotkun og valdbeitingu (Michelle Ciurra, 2003) eins og gasljóstrun. En brotþolar upplifðu gasljóstrun í þeim aðstæðum er þær sátu með fulltrúum frá kerfi sem viðurkenndu ekki ofbeldið sem þær höfðu orðið fyrir og skildu ekki aðstæður þeirra (Abramson, 2014).

Því eins og Orth hefur bent á þá upplifa brotþolar ofbeldis í nánnum samböndum sterka tegund af endurteknu ofbeldi þegar staða þeirra sem brotþola er ekki viðurkennd (Orth, 2002). Allar konurnar upplifðu því hræðslu og óöryggi við að þurfa að semja um framtíð sína og barna sinna á þessum forsendum. Einnig töluðu allar konurnar um hversu íþyngjandi það hafi verið að ferlið tók svo langann tíma.

Embætti sýslumanns ber ekki lagalega skyldu til að greiða fyrir tungumálatúlka nema samkvæmt samningi við Norðurlöndin. Þetta getur verið afar fjárhagslega íþyngjandi fyrir fólk sérstaklega einstaklinga sem þurfa að flýja heimili sín og byrja frá grunni. En einnig fyrir einstaklinga af erlendum uppruna sem oft hafa minni ráðstöfunar tekjur en Íslendingar eins og á við í tilviki kvenna af erlendum uppruna.

Engum viðmælenda minna var boðið úrræði samkvæmt 12.gr reglna um sáttameðferð en þar segir að “bjóða megi aðilum að mæta í sitt hvoru lagi þegar sérstaklega stendur á”. Konurnar töluðu um að til þess að sáttameðferð gæti nýst brotþolum ofbeldis í nánnum samböndum þyrftu fulltrúar sáttameðferðar að nýta þau úrræði sem til eru og bjóða brotþolum einstaklingsviðtöl. Þar sem þær gætu fjallað um hagsmunamál sín án þess að þurfa að óttast viðbrögð ofbeldismannanna.

Samkvæmt núgildandi lögum er ekki heimilt að veita lögskilnað á grundvelli ofbeldis í nánnum samböndum nema ofbeldismaður samþykki þær forsendur sjálfur. Því eru brotþolar ofbeldis í nánnum samböndum oft fastir í hjúskap við einstakling sem stofnar lífi þeirra og heilsu í hættu. Engu máli skiptir að brotþoli geti lagt fram gögn er sanna ofbeldi á borð við áverkavottorð, lögregluskýrslur og/eða nálgunarbönn. Ofbeldismaður getur þar að auki tafið skilnaðarferli með því að mæta ekki í fyrirtökur máls sem og að neita að ganga frá fjárskiptum. Með því að gera það getur hann haldið andlegu og fjárhagslegu ofbeldi áfram. Brotþoli hefur þá eingöngu úrræði til að hefja dómsmál til að losna úr ofbeldishjónabandinu sem tefur skilnaðarferlið og getur haft stór aukinn kostnað í för með sér.

Ekki er litið til þess hjá sýslumanni að brotþolar þurfa oft að vera í samskiptum við ofbeldismenn vegna sameiginlegra barna það á bæði við á meðan og eftir að sáttameðferð

og/eða dómsmáli líkur sem gerir þessi mál oft flókin og erfið. Engar kröfur eru gerðar um að einstaklingar sem beita maka og/eða börn ofbeldi þurfi að taka á sinni hegðun. Því upplifðu brotapolar að öll ábyrgð á samskiptum þeirra við ofbeldismenn væri á þeirra herðum.

Embætti sýslumanns sem og dómstólar verða að líta til þess að biðtími eftir að ljúka skilnaði getur verið mjög fjárhagslega erfiður brotapolum ofbeldis í nánnum samböndum. Samkvæmt verklagi í dag þarf að ljúka forræðismálum og eignaskiptum til að hægt sé að fá skilnað að borði og sæng. Niðurstöður rannsóknarinnar sína að ofbeldismennirnir reyna oftast að tefja það ferli eins og hægt er. Ekki er tekið tilið til stöðu brotapola sem voru í öllum tilvikum með framfærslu barnana og sem í flestum tilvikum yfirgáfu heimili sín. En þær fengu hvorki meðlag né barnabætur á meðan á skilnaðarferli stóð né gátu sótt um húsaleigubætur.

Hver er reynsla þeirra á skilnaðarferlinu og þá sérstaklega þegar kom að umgengnis- og forræðismálum?

Fjórða rannsóknarspurning fjallar um reynslu brotapola á skilnaðarferlinu með tiliti til umgengnis- og forræðismála.

Í rannsókninni kom fram að þær konur sem áttu börn sem voru í umgengni við ofbeldismennina voru allar tilbúnar að leita leiða til að börn þeirra gætu verið í samskiptum við feður sína. Oft var það með þeim afleiðingum að þær sjálfar urðu útsettari fyrir áframhaldandi ofbeldi. Þær sögðust allar vilja fá raunhæfa aðstoð varðandi samskipti við þá og þar sem ofbeldismenn væru gerðir ábyrgir fyrir hegðun sinni og því að breyta henni.

Þær gagnrýndu allar það að í dag eru engin úrræði til að aðstoða brotapola með samskipti við ofbeldismenn. Engum viðmælenda minna var boðið upp á lausnir eða úrræði sem gætu stuðlað að betri samskiptum við ofbeldismennina og ábyrgð á samskiptum var ávallt á herðum brotapola.

Brotapolar reyndu ávallt að semja um umgengni með hagsmuni barna sinna að leiðarljósi og reyndu oftast með óbeinum hætti að gefa fulltrúum sáttameðferðar til kynna ef eitthvað athugasvert var með hegðun föðurs gagnvart barninu/börnunum. En þær töluðu um að það hafi oft reynst erfitt þar sem þær voru hræddar við að ögra ofbeldismönunum.

Fram kom að konur af erlendum uppruna voru óöruggari í sáttameðferð, sérstaklega þegar kom að forræðis- og umgengnismálum og upplifðu þær jafnvel þrýsting frá fulltrúum sáttameðferðar um að semja um umgengni sem þær voru ósáttar með. Einnig kom fram hjá öllum erlendu viðmælendum mínum að ofbeldismennirnir nýttu sér eða hótuðu að nýta rétt

sinn sem kveður á um að báðir aðilar þurfa að samþykkja að leyfa barni/börnum að ferðast erlendis með hinu foreldrinu til að viðhalda stjórn og til að skapa óvissu ástand í lífi brotabola.

Í rannsókninni kom skýrt fram að mæður voru almennt á þeirri skoðun að börn þeirra ættu að hitta feður sína ef þau vildu og að slíkt væri börnunum nauðsynlegt. Nokkrar nefndu þó atvik þar sem þær þorðu ekki tímabundið að láta börn í hendur ferðra sinna en þau tilvik voru yfirleitt í tengslum við að mennirnir höfðu sýnt ofbeldishegðun og/eða ef þeir voru í neyslu.

Það þarf að skoða að ofbeldi í nánum samböndum geta verið flókin og erfið mál þar sem brotabolar losna flestar að lokum úr ofbeldissamböndunum. En líta þarf til þess að börn halda oft áfram að vera í ofbeldissamskiptum þar sem þau grípa oft til meðvirkni og annarar niðurbjótandi hegðunar til að hámarka öryggi sitt og geta því styrkst í óheilbrigðum samskiptum (Heise og fleiri, 2002).

Hver var líðan þeirra eftir skilnað?

Fimmta rannsóknarspurning snýr að líðan brotabola eftir skilnað en fram kom að engin viðmælenda minna var fullkomlega laus við ofbeldi og/eða áreitni frá ofbeldismanni sínum eftir að sáttameðferð og skilnaði lauk.

Fram kom að algengt var að brotabolar væru fjárhagslega á valdi ofbeldismannanna eftir skilnað þar sem þær voru oft ábyrgar fyrir húsnæðis- og/eða bílalanum. En þá höfðu ofbeldismennirnir aðgang að eignunum en þær voru skrifaðar fyrir skuldunum. Í þeim tilvikum kom fram að þær sögðust þurfa að vanda sig sérstaklega í samskiptum við mennina til þess að þeir létu skuldirnar ekki falla á þær.

Einnig kom fram að ofbeldismenn reyndu stundum að fá þá fjármuni er þeir greiddu í meðlag tilbaka með því að halda eftir fatnaði barna sinna er þau komu í umgengni. Viðmælendur mínir sem höfðu þá reynslu lýstu því að börn voru þá stundum komin í klemmu á milli foreldra sinna og þau gerð ábyrg fyrir niðurstöðum í þeim málum.

Viðmælendur mínir töluðu allar um að almennt hafi verið fjárhagslega mjög erfitt fyrir þær að skilja við ofbeldismennina. Ástæðan þess var að í flestum tilvikum flúðu þær heimilin og þurftu að koma sér upp nýjum heimilum. Eða vegna þess að þær sátu eftir í húsnæðum sem þær höfðu ekki fjárhagslega burði til að greiða af. Það sem gerði fjárhagstöðu þeirra verri var biðin eftir að skilnaði lauk því á meðan það ferli var ólokið var ekki hægt að ljúka fjárskiptum. Því fengu þær ekki húsaleigubætur, meðlag né barnabætur á meðan það ferli var í vinnslu.

9.1 Tillögur að úrbótum

Byggt á niðurstöðum rannsóknarinnar verða hér lagðar fram tillögur til úrbóta. Fram kom í samtölum við fulltrúa sýslumanns bæði í byrjun nóvember 2018 og lok desember sama ár að mannekla embættisins hefur gert það að verkum að sjaldan hafi verið fleiri á biðlista eftir að hefja sáttameðferð. Embættið hefur yfir að ráða 4 fullum stöðugildum í starf fulltrúa sáttameðferðar. En meirihluta árs 2018 var sviðið rekið á færri stöðugildum þar sem ekki var ráðið 100% inn fyrir starfsmenn sem voru frá vegna veikinda eða voru í barneignaleyfi. Þann 28. desember 2018 var samkvæmt upplýsingum frá fulltrúum sáttameðferðar lögfræðingur á sviði sáttameðferðar að fá úthlutað máli til sín sem dagsett var í apríl sama ár. Mannekla embættisins eykur því enn frekar á á bið og vanlíðan brotapolu. Hér er því lagt til að embætti sýslumanns líti til þess hversu alvarlegar afleiðingar langur biðtími eftir sáttameðferð hefur á brotapolu. Og að embættið bregðist við með því að leggja sig fram við að ljúka þessum málum eins hratt og auðið er.

Mikilvægt er fyrir aðila sem vinna með brotapolum ofbeldis í nánum samböndum að skilja eðli og áhrif ofbeldisins er þau hafa orðið fyrir. Fagfólk er starfar með brotapolum þurfa að taka mið af og skilja að gasljóstrun hefur áhrif á minnkað sjálfsforræði einstaklinga sem gerir það að verkum að þolendur eiga mun erfiðara en aðrir að vernda hagsmuni sína (Abramson, 2018). Hér er því lagt til að embætti sýslumanns nýti þau úrræði betur sem þau hafa og bjóði brotapolum ofbeldis í nánum samböndum einstaklingsviðtöl í sáttameðferð samkvæmt 12. gr. reglna um sáttameðferð.

Ennfremur þarf embætti sýslumanns að líta til og viðurkenna ofbeldi sem brotapolar ofbeldis í nánum samböndum verða fyrir og bregðast við því með þeim úrræðum sem til eru. Eins og Orth hefur bent á þá er skortur á viðurkenningu þess að brotapolar hafi orðið fyrir ofbeldi jafnan upplifað sem sérstaklega sterk tegund af endurteknu ofbeldi (2002). Sýslumannsembættið ætti að setja skýrt fram að þar sé litið til ofbeldis enda er upprætting ofbeldis eitt af verkefnum sem samfélagið allt er ábyrgt fyrir að taka á.

Sýslumannsembættið þarf að líta til ofbeldis í meðhöndlun ofbeldismála og gera allt í sínu valdi til að uppræta það. Starfsmenn er starfa við sáttameðferð sýslumanns þurfa að vera upplýstir um afleiðingar andlegs, líkamlegs, kynferðislegs, fjárhagslegs og stafræns ofbeldis og mikilvægi þess að brotapolar losni úr þeim vítahring. Hér er því lagt til að fulltrúar

sáttameðferðar sýslumanns fái viðeigandi fræðslu þar sem m.a. er tekið mið af ólíkum aðstæðum íslenskra kvenna og kvenna af erlendum uppruna.

Embætti sýslumanns hefur yfir að ráða ýmsum úrræðum og best væri að gott samstarf væri milli þeirra, félagsþjónustunar og Barnaverndar. Í dag búa engin þessi embætti yfir úrræðum sem er verið að nota til að aðstoða brotþola og börn þeirra með samskipti við ofbeldismenn er tengjast þeim. Samkvæmt upplýsingum frá starfsmanni hjá félagsþjónustu Reykjavíkur þá hefur félagsþjónustan lítil afskipti af þeim ofbeldismönnum er þau mæta á vettvangi og ekki er alltaf svigrúm til eftirfylgni eins og starfsreglur segja til um. Hér er því lagt til að embætti sýslumanns bregðist við þessu úræðaleysi og aðstoði brotþola með samskipti við ofbeldismenn. Sá úrskurður sýslumanns má þó ekki auka áhættu á fjárhagslegu ofbeldi þar sem ofbeldismaður gæti reynt að draga úrskurði til að reyna að koma í veg fyrir að brotþoli njóti réttinda sinna í formi húsaleigubóta, barnameðlags og/eða barnabóta.

Stefnan ætti að vera að brotþolar og börn þeirra losnuðu undan áreiti og ofbeldi og að hagsmunir og velferð barna væru ávallt höfð í fyrirrúmi og þar sem svo ber undir ættu börn ávallt að að njóta vafans. Sérstaklega þyrfti að skoða málefni yngri barna sem vegna aldurs og þroska geta ekki tjáð vilja sinn á sama hátt og eldri og þroskaðri börn mega og geta. Sýslumaður hefur heimildir til að úrskurða um umgengni undir eftirliti en hefur sjálfur ekki heimildir til eftirlitis þar reynir á samstarf sýslumanns embættisins og barnaverndar því þyrftu þau embætti að samræma verklagsreglur. Með það að markmiði að smíða umgjörð varðandi hvaða aðstæðum slíkt eftirlit með umgengni eigi að eiga sér stað.

Það verður líka að huga að því að ofbeldi í nánnum samböndum er flókin málaflokkur og brotþolum getur reynst erfitt að sækja rétt sinn bæði vegna samskipta sem brotþoli þarf oft að hafa við ofbeldismann vegna sameiginlegra barna þeirra. En einnig vegna þess að ekki hefur verið gerður sérstakur brotakafli um ofbeldi í nánnum samböndum og því eru afar fá úrræði sem hægt er að dæma eftir (Brynhildur G. Flóvenz, 2009). En eins og fram hefur komið áður þá hafnaði Refsiréttarnefnd því að setja í almenn hegningarlög refsíákvæði þar sem kæmi fram að heimilisofbeldi væri tiltekið sem sérstökum refsinaemum verknaði (Brynhildur G. Flóvenz, 2009).

Þetta gerir brotþola ofbeldis í nánnum samböndum mjög berskjaldaða fyrir endurteknu ofbeldi af hendi fyrrverandi maka sem nýta sér það að ekki sé tekið á brotum þeirra. Og brotþolar sem þurfa að vera í samskiptum við ofbeldismenn vegna sameiginlegra barna verða

þá oft fyrir ofbeldi í mörg ár eða jafnvel áratugi án þess að nokkur grípi inn í. Hér er því lagt til að embætti sýslumanns kalli eftir breytingu á löggjöf þar sem bæði verði heimilt að veita brotapolum skilnað á grundvelli gagna sem þeir geti lagt fram til að sýna fram á að þeir hafi verið beittir ofbeldi. Einnig þarf embættið að kalla eftir breytingu á löggjöf þar sem úrræði verði gerð til að taka á andlegu og fjárhagslegu ofbeldi.

Sýslumaður sem hefur þessi mál á borði hjá sér, gæti íhlutast á þann veg að stýra ofbeldismönnum í meðferð á grundvelli hagsmuna barna og brotþola. Þar með myndu ofbeldismenn verða einir ábyrgir fyrir hegðun sinni í stað þess að varpa ábyrgð á þeirra hegðun á brotþola og styðja þar með við áframhaldandi ofbeldi sem ofbeldismenn beita þær. Í dag er úrræði í boði fyrir ofbeldismenn af báðum kynjum að sækja sér viðtalsmeðferðir og ráðgjöf hjá Heimilisfriði en þar greiða ofbeldismenn hluta af kostnaði. Tölur sína að tiltölulega fáir ofbeldismenn nýta sér þetta úrræði sem hugsanlega stafar af því að tiltölulega fáir ofbeldismenn axla ábyrgð á gjörðum sínum og sýna frumkvæði í að breyta hegðun sinni. Því gæti embættið beitt sér á þá vegu að t.d. neita að úrskurða um umgegni í ofbeldismálum nema þeir sem beiti ofbeldis leiti sér aðstoðar fyrst. Það gæti verið í samstarfi við félagsmálayfirvöld sem verða þá að hafa úrræði til að liðsinna ofbeldismönnum.

Eins þarf Sýslumannsembættið að leggja til túlka í þeim tilvikum er einstaklingar geta ekki tjáð sig á tungumálum sem fulltrúar sýslumanns tala. Þar sem ekki þarf að ítreka mikilvægi þess að geta skilið hvað fram fer í sáttameðferð og að geta tjáð sig í jafn mikilvægum málefnum og þau er varða framtíð þína og barna þinna. Það á ekki að vera foréttindi efnameiri einstaklinga að geta haft aðgang að slíkri þjónustu og ríkið ætti að gæta jafnræðis þar. En gera má ráð fyrir að kostnaður einstaklinga gæti orðið umtalsverður ef sættir ganga illa og fólk þarf að mæta í mörg skipti. Í dag er auðvelt að nálgast hagstæð og góð úrræði fyrir stofnanir og félagasamtök á borð við Language line sem bjóða upp á símafundi með túlkum. Þar sem ekki þarf að hafa áhyggjur af innbyrðis tengslum skjólstæðinga og túlka eins og kemur fyrir í litlum samfélögum.

Margar aðrar stofnanir og félagasamtök er starfa með fólki á svipuðum vettvangi bjóða upp á þessa grunnþjónustu og ætti sýslumannsembættið því ekki að skorast undan þar. Í þessu samhengi verður einnig að líta til þess að þekkingarvald er ofbeldi (Ingólfur V. Gíslason, 2008; Kvennaathvarfið, e.d.) sem konur af erlendum uppruna verða gjarnan fyrir af hendi íslenskra ofbeldismanna.

Mikilvægt er að horfa til þess að þrátt fyrir að það sé heimilt að hafna sáttameðferð þá ber að skoða að brotþolar eru oft ekki í stöðu til að velja né hafna sáttameðferðinni vegna flókinna samskipta á milli þeirra og ofbeldismannanna. Brotþolar eru oft í þeirri stöðu að þeir þurfa að passa að ögra ofbeldismönnum ekki og reyna að ljúka málum á þann veg að hægt sé að vera í einhversskonar samskiptum við þá í framtíðinni.

9.2 Úrbætur í sjónmáli?

Á meðan á rannsókn stóð hef ég hitt fulltrúa frá sýslumanni í nokkur skipti og hafa allar umræður um þennan málaflokk verið á jákvæðum og góðum nótum. Óformlegar viðræður mínar hafa verið þegar ég gerði vettvangsrannsókn á biðstofu embættisins haustið 2017 en þá hitti ég fulltrúa frá sáttameðferð sýslumanns og kynnti rannsókn mína. Einnig ræddi ég við fulltrúa frá sýslumanni eftir kynningu mína á rannsókn minni á Kynjaþingi í mars 2018. Formlegar viðræður áttu sér svo stað er fulltrúar sýslumanns buðu fulltrúum frá Kvennaathvarfi og Bjarkarhlíð til sín í nóvember 2018 þar sem fulltrúar frá Kvennaathvarfi lögðu fram tillögur til úrbóta (kafla xx og viðauka xx). Að lokum tóku fulltrúar frá sáttameðferð á móti mér í desember sama ár og svöruðu fyrirspurnum mínum um þætti er lúta að sáttameðferð sýslumanns.

Hugmyndir að frekari rannsóknum á vettvangi ofbeldismálaí þessari rannsókn hefur sjónum verið beint að upplifun kvenna sem fara úr ofbeldissamböndum og ferlið sem tekið við. Í framhaldinu tel ég brýnt að skoða betur nokkra þætti er tengjast þessu sviði. Þar ber fyrst að nefna að það þarf að rannsaka hér á landi hvaða áhrif það hefur á börn að verða vitni af eða upplifa sjálf ofbeldi á heimili. Einnig þarf að rannsaka hverjar upplifanir barna hér á landi eru á því að vera sett í samningsbundna umgengni við foreldri sem hefur beitt ofbeldi í nánu sambandi hvort sem ofbeldið beinist gegn barninu sjálfu eða öðrum nákomnum því.

Sýslumannsembættið hefur yfir að ráða úrræði um liðsinni til foreldra barna en mætti rannsaka hversu oft og í hvaða tilvikum slíkt úrræði er boðið og hversu lengi fjölskyldur geta nýtt sér það úrræði. Einnig mætti rannsaka hvernig samstarfi barnaverndar og sýslumannsembættisins er háttað og hvort að samræming sé í verkferlum þeirra. Þá mætti skoða hversu mörg mál koma á borð barnaverndanefndar vegna barna sem búa á ofbeldisheimilum og hvort að barnaverndarnefnd nái að sinna öllum málum er berast til þeirra. Áhugavert væri einnig að skoða hversu oft úrræðið umgengni undir eftirliti er notað og hvort árekstrar séu á milli embætta um hvort og hvenær beita megi því úrræði.

Aðrar rannsóknir sem nauðsynlegt væri að framkvæma væri um hegðun og atferli ofbeldismanna með það að markmiði að smíða úrræði sem gætu gagnast til að hjálpa þeim með samskipti. Einnig þarf að rannsaka hvernig hægt sé að bæta samskipti ofbeldismanna við börn sín og fyrverandi maka.

9.3 Kenningar Bourdieu um karllæg yfirráð

Hugmyndir Bourdieu um karllæg yfirráð og undirskipun kvenna birtast í því vald- og raddleysi sem brotþola ofbeldis í nánum samskiptum upplifa í sáttameðferð sýslumanns. En í kenningum Bourdieu eru hugmyndum um grunngerð samfélagsins viðhaldið í gegnum orðræðu hina ráðandi og þær styrktar með kerfisbundnum ofbeldi sem fellst m.a. í því að konum er kennt um eigin undirskipun.

Með því að að sýslumannsembættið líti ekki til ofbeldis í nánum samböndum og skilji það eftir óyrt í allri orðræðu hefur það sömu áhrif og gasljóstrun þar sem áhrifin verða eins og Bourdieu hefur lýst sem falskri meðvitund marxískrar hugmyndafræði. Þá fara hinir undirskipuðu, eða brotþolar ofbeldis í nánum samböndum, einnig að tileinka sér sömu orðræðu og ráðandi hópar og reyna þannig að skapa sér veruleika út frá sjónarhóli hina ríkjandi. Og þar með styrkja þær einnig þessi valda tengsl og óréttlátu aðstæður þannig að þær virka eðlilegar (Bourdieu, 2008).

Bourdieu (2004) hefur bent á að það sé mikilvægt að koma í veg fyrir að konur upplifi áframhaldandi ofbeldi og valdleysi gagnvart ofbeldismönnum í gegnum ríkisvaldið. Því er mikilvægt að bregðast við slíkum aðstæðum og breyta verklagsreglum í sáttameðferð sýslumanns með það að markmiði að yfirstíga það samfélagslega ofbeldi sem ofbeldi í nánum samböndum er. Og embættið þarf að gefa skýr skilaboð um slíkt verði ekki liðið hjá sýslumannsembættinu og það verður að gera ofbeldismenn sjálfa ábyrga fyrir hegðun sinni.

Því er sérstaklega mikilvægt að sýslumannsembættið gæti að hópum sem verða hér á landi fyrir ofbeldi og margþættri mismunum vegna undirskipunar í íslensku samfélagi. Þar þarf að líta til félagslegra þátta á borð við kyn, uppruna, kynhneigðar, stéttar, trúarbragða.

Einnig þarf sýslumannsembættið að gæta jafnræðis og mismuna ekki fólki af ólíkum uppruna með því að bjóða þeim ekki sömu úrræði og þjónustu og aðrir íslenskir þegnar fá. En í því samhengi er rétturinn til að geta tjáð sig á eigin tungumáli líklega mikilvægastur.

Heimildaskrá

- Abramson, K. (2014). Turning up the lights of gaslighting. *Philosophical Perspectives*, 28 (1), *Ethics*, 1-30. Sótt 04. 04. 2019 af: <https://doi.org/10.1111/phpe.12046>
- Alþjóðaheilbrigðisstofnunin. (2018). Understanding and addressing violence against women: *Intimate partner violence*. Sótt 04. 11. 2018 af. https://apps.who.int/iris/bitstream/handle/10665/77432/WHO_RHR_12.36_eng.pdf;jsessionid=3CD6453A4CCE14CC12D8068BD5F6B82C?sequence=1
- Ásdís A. Arnalds, Elísabet Karlsdóttir og Hafsteinn Einarsson (ritstj.). (2014). *Úttekt á meðferðarúrræðinu karlar til ábyrgðar*. Reykjavík: Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd og Jafnréttisstofa. Sótt 05.04. 2019 af. http://www.rbf.is/sites/www.rbf.is/files/Skyrslur/karlar_til_abyrgdar_heildarskyrsla_230914.pdf
- Barnalög nr. 76/2003.
- Boudieu, P. (ritstj.) (2000). *The weight of the world: Social suffering in contemporary society*. Cambridge: Polity Press.
- Bourdieu, P. (2007). *The weight of the world: Social suffering in contemporary society*. (2. útgáfa). Cambridge: Polity Press.
- Bourdieu, P. (2008). Gender and symbolic violence. Í Scepther- Hughes, N. og Bourgois, P. (ritstjórar). *Violence in war and peace: An anthology*. Malden: Blackwell Publishing.
- Braun, V. & Clarke, V. (2013). *Ten fundamentals of qualitative research*. Los Angeles: Sage.
- Brynhildur G. Flóvenz. (2009). Kynbundið ofbeldi og forsendur við lagasetningu. *Rannsóknir í félagsvísindum X. Lagadeild*. Í Trausti Fannar Valsson (ritstj.). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Brynhildur G. Flóvenz. (2017). Réttur barna eða réttur feðra? 19. júní. *Kvenréttindafélag Íslands*, 66, 80-85.
- Ciurria, M. (2018). The loss of autonomy in abused persons: Psychological, Moral, and Legal Dimensions. *Humanities*. Doi: 10.3390/h7020048
- Creswell, J. W. (2007). *Qualitative inquiry & research design: Choosing among five approaches* (2. útgáfa). London: Sage.
- Creswell, J. W. og Poth, C. N. (2017). *Qualitative inquiry and research design: Choosing among five approaches*. (4. útgáfa). Thousand Oaks: Sage.

- Drífa Jónasdóttir (2018). *Líðan og upplifun þolenda heimilisofbeldis & persónuleikaeinkenni ofbeldismanna*. Reykjavík: Samtök um Kvennaathvarf. Sótt 21.04.2019 af: <https://www.kvennaathvarf.is/wp-content/uploads/2018/12/20181130-Loka%C3%BAtg%C3%A1fa-Upplifun-%C3%BEolenda-og-pers%C3%B3nuleikaeinkenni-gerenda-1.pdf>.
- Einar Þorsteinsson (2018, 6 júní). *Ekki horft til ofbeldis* [þáttur í fréttapáttaröð]. Í Einar Þorsteinsson og Sigríður Hagalín Björnsdóttir. Reykjavík: RÚV.
- Elísabet Karlsdóttir og Ásdís A. Arnalds (2010). *Rannsókn á ofbeldi gegn konum. Reynsla kvenna á aldrinum 18-80 ára á Íslandi*. Reykjavík: Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd og Félags- og tryggingamálaráðuneytið.
- Emma Sonjudóttir (2018, 18. október). *Fyrirlestur um reynslu barns á því að búa við heimilisofbeldi*. Sæmundarskóli í Reykjavík.
- Erla Hlín Hjálmarsdóttir, Kristín I. Pálsdóttir og Rannveig Sigurvinsdóttir (2016). *Saman gegn ofbeldi. Úttekt á samstarfsverkefni Reykjavíkurborgar og Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu gegn heimilisofbeldi*. Reykjavík: RIKK – Rannsóknastofnun í jafnréttisfræðum.
- Gunnar H. Birgisson (2009). Foreldra firringar heilkenni (PAS) í forsjár- og umgengnisdeilum: Þekking eða blekking? *Tímarit lögfræðinga*, 2, 165–195.
- Hagstofa Íslands (e.d.). Erlendir ríkisborgarar: Hlutfall af mannfjölda. Sótt 16.4.2019 af: <https://www.hagstofa.is/talnaefni/ibuar/mannfjoldi/bakgrunnur/>
- Harding, S. (ritstjóri). (2004). *The feminist standpoint theory reader: Intellectual and political controversies*. New York: Routledge.
- Hennik, M; Hutter, I. & Bailey, A. (2015). *Qualitative research methods* (2. útgáfa). London: Sage.
- Hildur Guðmundsdóttir (2009). „*I don't know how I ended up here with this man*“. Rannsókn á aðstæðum og upplifun kvenna af erlendum uppruna sem leita í Kvennaathvarfið: Samtök um kvennaathvarf. Sótt 11.11.2018 af: <https://kvennaathvarf.is/wp-content/uploads/2018/03/I-dont-know-how-I-ended-up-with-this-man.pdf>
- Ingólfur V. Gíslason (2008). *Ofbeldi í nánum samböndum: Orsakir, afleiðingar, úrræði*. Reykjavík: Félags- og tryggingamálaráðuneytið.
- Innanríkisráðuneytið og Sýslumenn. (2016). *Sáttameðferð*. Sótt 10.11.2018 af: <https://www.syslumenn.is/media/logskilnadarmal/Baeklingur-um-sattamedferd-Islenka.pdf>

Kristín Loftsdóttir, Margrét Sigrún Sigurðardóttir og Kári Kristinsson (2016). Hún gæti alveg verið múslimi og allt það: Ráðning fólks af erlendum uppruna til íslenskra fyrirtækja. *Stjórnmal & stjórnsýsla*, 2(12), 393-416.

Kvale, S.; Brinkmann, S. (2009). *Interviews: Learning the craft og qualitative research interviewing*. Los Angeles: Sage.

Kvennaathvarfið. (2018). *Ársskýrsla 2017*. Sótt 10.09.2018 af:
<https://www.kvennaathvarf.is/arsskyrslur/>

Kvennaathvarfið. (e.d.). Skilgreiningar á heimilisofbeldi. Sótt 09.10.2018 af:
<https://www.kvennaathvarf.is/ur-moppum/>

Lewis, Amanda E. (2004). "What Group?" Studying Whites and Whiteness in the Era of "Color-Blindness". *Sociological Theory*, 22(4), 623-646. Sótt 09.04.2019 af:
<https://www.jstor.org/stable/3648936>

Jóhann Páll Jóhannsson. (18.07. 2018). Sýslumaður taldi móður brjóta gegn barni með ásökunum gegn barnsföður sem nú sætir lögreglurannsókn.). *Stundin*. Sótt 17.4.2019 af:
<https://stundin.is/grein/7149/>

Lög um nálgunarbann og brottvísun af heimili nr. 85/2011.

Lögreglan (e.d.). *Fjöldi tilkynninga um heimilisofbeldi og ágreining milli skyldra/tengdra 2004 til jún. 2017 eftir embættum*. Sótt 15.11.2018 af:
<https://www.logreglan.is/utgafa/tolfraedi/stadfestar-tolur/arlegar-uttektir/>

Orth, U. (2002). Secondary Victimization of Crime Victims by Criminal Proceedings. *Social Justice Research*. 15(4), 313–325.

Ortner, Sherry B. (1974). Is female to male as nature is to culture? Í M. Z. Rosaldo and L. Lamphere (ritstj.). *Woman, culture, and society*, pp. 68-87. Stanford, CA: Stanford University Press.

Reglur um ráðgjöf og sáttameðferð samkvæmt 33. og 33. gr. a barnalaga nr. 76/2003, með síðari breytingum skv. lögum nr. 61/2012 og 144/2012. (2013). Sótt 10.11 2018 af:
<https://www.stjornarradid.is/media/innanrikisraduneyti-media/media/frettir-2013/reglur-um-sattamedferd.pdf>

Reykjavik. (e.d).(2015). Kynlegar tölur: 60% morða á Íslandi frá árinu 2003 eru heimilisofbeldismál. Sótt 11.11. 2018 af: <https://reykjavik.is/frettir/60-morda-islandi-fra-arinu-2003-eru-heimilisofbeldismal>

- Reykjavík. (e.d). (2017). *Tölulegar upplýsingar um útköll/ vegna heimilisofbeldis í Reykjavík*. Sótt 01.04.2019 af: <https://reykjavik.is/tolulegar-upplysingar-um-utkoll-vegna-heimilisofbeldis-i-reykjavik>
- RUV. (e.d). (2011). Austurríska leiðin samþykkt sem lög. Sótt 21.04.2019 af: <https://www.ruv.is/frett/austurriska-leidin-samthykkt-sem-log>
- Sigríður Dúna Kristmundsdóttir. (1994). Að gera til að verða: Persónusköpun í íslenski kvennabaráttu. Í Ragnhildur Richter og Þórunn Sigurðardóttir (ritstj.). *Fléttur I. Rit Rannsóknastofu í kvennafræðum*, 87-113. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Sigurður Kristinsson. (2013). Siðfræði rannsókna og siðanefndir. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstj.). *Handbók í aðferðafræði rannsókna* (1. útgáfa), 71-88. Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Silja Björk Huldudóttir. (01.10. 2005). „Endurskoða má verkferla og verklag við vinnslu mála“. *Morgunblaðið*. Sótt 21.04.2019 af http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageld=3676201&lang=ensilja
- Sylvía Rut Sigfúsdóttir. (07.06. 2018). Helmingur manndrápa á Íslandi tengist heimilisofbeldi. *Visir.is*. Sótt 15.10.2018 af: <http://www.visir.is/g/2018180609099>
- Sýslumenn. (e.d.). *Hjónaskilnaðir*. Sótt 10.11 2018.af: <https://www.syslumenn.is/thjonusta/fjolskyldumal/hjonaskilnadir/>
- Sýslumenn. (e.d.). *Meðlag*. Sótt 15.02.2019 af: https://www.syslumenn.is/thjonusta/fjolskyldumal/medlag_framlog/
- Sýslumenn. (e.d.) *Sáttameðferð skv. 33. gr. Barnalaga*. Sótt 01.11 2018 af: <https://www.syslumenn.is/thjonusta/fjolskyldumal/sattamedferd/>
- Unnur Dís Skaptadóttir (2010). Alþjóðlegir fólksflutningar á tímum efnahagslegs samdráttar. Í Gunnar Þór Jóhannesson og Helga Björnsdóttir (ritstjórar), *Rannsóknir í félagsvísindum XI*, 314- 322. Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Útlendingastofnum. (e.d.). *Dvalarleyfi fyrir maka eða sambúðarmaka*. Sótt 09.12.2018 af: <https://www.utl.is/index.php/maki-edha-sambudharmaki-01>
- White Ribbon. (2018). *Cycle of violence. What is the cycle of violence?* Sótt 11.11.2018 af: <https://www.whiteribbon.org.au/understand-domestic-violence/what-is-domestic-violence/cycle-of-violence/>
- Weber, L. (1998). A conceptual framework for understanding race, class, gender and sexuality. *Psychology of women Quarterly*, 22(1), 13-32. Sótt 15.04. 2019 af: <https://doi.org/10.1111/j.1471-6402.1998.tb00139.x>

Wolhuter, L. (2010). German and Swedish Procedures as Models for the Empowerment of Racial Minority Women in Rape Trials. *International Journal of Law, Crime and Justice* 38(1), 1-16.

10 Viðaukar

10.1 Viðauki 1

Það sem lagt var fram af Samtökum um Kvænnaathvarf á fundi með fulltrúum sýslumanns í nóvember 2018.

1. **Tímapantanir** (mikilvægt er strax við tímapöntun að starfsmenn sýslumanns viti ef um ofbeldissamband er að ræða)
 - a. Mögulegt er að setja inn á heimasíðu sýslumannsins upplýsingar (á mörgum tungumálum) um að ef fólk hefur búið við ofbeldi sé mikilvægt að láta vita af því þegar fyrsta viðtal vegna skilnaðar er pantað.
 - b. Mikilvægt er að fá upplýsingar um ofbeldi strax og pantaður er tími hjá sýslumanninum vegna skilnaðar. Skimun skiptir máli, þ.e. að spyrja viðkomandi við tímapöntun. Þyrfti að vera verklag þar sem þetta er sett í farveg.
 - c. Ef um ofbeldissamband er að ræða þyrfti að bjóða konunni að koma ein til viðtalsins þar sem hún getur óhindrað greint frá sínum óskum um fyrirkomulag eftir skilnað. Skiptir þá ekki máli hvort skilnaður er sameiginleg ákvörðun eða ekki.
 - d. Mikilvægt er að segja fólki frá því að ekki sé túlkur til staðar og að það verði að koma með túlk til viðtalsins ef á þarf að halda.
 - e. Biðtími eftir tíma er mjög langur og meðferð mála hjá sýslumanni getur tekið langan tíma. Þegar kona í ofbeldissambandi ákveður að yfirgefa sambandið er hún í mikilli hættu. Rannsóknir hafa sýnt að þegar kona ákveður að fara er hún í mestri hættu og jafnvel í lífshættu. Þess vegna er sá tími sem tekur fyrir hana að skilja við ofbeldismann hættulegastur og ætti að taka sem skemmstan tíma hjá embættinu. Konur hafa lent ítrekað í því að ofbeldismaður mætir ekki í marga tíma sem dregur málið á langinn. Einnig er það svo í okkar kerfum að þangað til að kona fær skilnað er hún skráð gift þó svo að hún búi í kvænnaathvarfi eða ekki lengur með ofbeldismanninum og hafi sótt um skilnað. Þannig að hún getur ekki fengið félagslega íbúð, húsaleigubætur, meðlag því allt miðast við skilnaðarleyfi.

2. Fundir hjá sýslumanninum

- a. Bjóða verður konum sem koma úr ofbeldissamböndum að koma til fyrsta tíma einar þannig að þær geti lagt fram kröfur sínar (þær þori að segja hvað þær vilja). Jafnframt ef maður er með ógnandi hegðun í viðtali að slíta fundi og bjóða þeim að koma aftur hvort í sínu lagi.
- b. Mikilvægt er að fólk skilji það sem fer fram á fundi hjá sýslumanni og er skylda skv. lögum að leiðbeina fólki. Konur hafa lent í því að fulltrúi sýslumanns hafi hlutast til um það hvað konur ákveða varðandi forsjá og lögheimili.
- c. Sérstaklega er mikilvægt þegar um fólk af erlendum uppruna er að ræða að kynna vel fyrir fólki réttindi þess og hvernig hlutirnir ganga fyrir sig á Íslandi. Því oft hafa konur af erlendum uppruna í ofbeldissamböndum fengið rangar upplýsingar frá mökum sínum um lagaumhverfið á Íslandi og oft hefur þeim verið sagt að þær eigi engan rétt til forsjár og lögheimilis því þær séu erlendar. Einnig hefur það komið upp að konur eru fengnar til að semja um að lögheimili verið tímabundið hjá föður svo fá þær það seinna en ekki verið greint frá því að það er ekki auðvelt að fá það aftur ef t.d. faðir vill ekki færa það til þeirra aftur þá þurfi þær að leita til dómstóla.
- d. Lögskilnaður á grundvelli ofbeldis í sambandinu. Það hefur gerst að koma kemur til sýslumanns og er spurð um ofbeldi og er það síðan skráð að hún óski eftir skilnaði vegna ofbeldis en henni ekki greint frá því að ef lögskilnaðar er krafist á grundvelli ofbeldis þá þurfi maður hennar að viðurkenna ofbeldið annars verið málinu frávísað. Þetta þarf að koma fram í viðtalinu og bjóða konunni að gera varakröfu um skilnað að borði og sæng ef maðurinn hafnar ofbeldinu svo málinu verði ekki vísað frá og hún þarf að byrja uppá nýtt. Það þurfa að vera upplýsingar um þetta á heimasíðu embættisins, eins þurfa að vera upplýsingar um verklagsreglur og úrræði á heimasíðunni og á nokkrum tungumálum.

3. Sáttameðferð

Mikilvægt er að kona sem kemur úr ofbeldissambandi fái að koma ein til fundar með sáttamiðlara til þess að greina frá ofbeldinu og þeirri stöðu sem hún er í. Einnig getur sáttamiðlari svo talað við manninn einslega og fengið hans hlið. Mögulega ef aðilar treysta sér til geta þau hist saman í sáttameðferð. Ef

sáttameðferð er bersýnilega óþörf verður að gera konunni það ljóst að hún þarf ekki að mæta til frekari sáttameðferðar þá geti hún sleppt henni (þ.e. ekki mætt í tvær boðanir) og þá hvaða afleiðingar það muni hafa þ.e. að þá verði málið að fara fyrir dóm.

4. Annað

- a)** Það þarf að horfa til ofbeldis í málefnum barna, það kemur skýrt fram í viðtölunum í verkefni Jennýar að konur almennt vilja að börn eigi í samskiptum við feður sína upp að því marki sem það er mögulegt en það þarf að horfa til þess að það er ekki alltaf möguleiki á að festa umgegni barna við ofbeldismenn og því er oft ekki raunhæft að hafa 50/50 forræði eða fastan umgegnissamning. Það þarf líka að horfa til þess að feður nota oft þessa samninga til að halda áfram að beita konur ofbeldi.
- b)** Mikilvægt að til séu verklagsreglur svo allt starfsfólk viti hvernig bregðast skuli við ef upp kemur grunur um að verið sé að slíta ofbeldissambandi.
- c)** Þekking starfsfólks mikilvæg, ef til vill mætti sérmennta hluta starfsfólks sem myndi sinna þeim málum þar sem vita er af ofbeldi í sambandinu.

10.2 Viðauki 2

Reykjavík 27.10.2017

Komið sæl

Ég heiti Jenný Kristín Valberg og er MA nemi í Kynjafræði við Háskóla Íslands, ég er að gera verkefni um upplifanir kvenna sem hafa leitað til Kvennaathvarfsins á félagslegum stofnunum, meðal annars á embætti sýslumanns, lögreglu og ef þær hafa leitað lögfræðiaðstoðar annaðhvort á meðan þær bjuggu með ofbeldismanni eða eftir sambúðarslit. Ég er að leita eftir að fá að tala við konur sem hafa búið við ofbeldi í nánú sambandi þar sem gerandi var maki, og viðkomandi hafa gengið í gegnum sáttameðferð sýslumanns vegna sameiginlegra barna.

Farið verður með öll gögn þessarar rannsóknar sem trúnaðarupplýsingar. Þátttakendum verða gefin gervinöfn og öllum gögnum verður eytt að lokinni afritun og greiningu viðtala. Auk þess verður gætt til hins ítrasta að ekki verði unnt að rekja persónugreinanlegar upplýsingar aftur til þátttakenda í meistararitgerðinni. Þátttakanda er frjálst að hætta þátttöku í rannsókninni hvenær sem á viðtali stendur.

Ef viðkomandi hefur áhuga á að taka þátt í rannsókninni, eða vill fá betri upplýsingar er hægt að hafa samband við mig í síma 8475023 eða í tölvupósti jkv1@hi.is

Bestu þakkir Jenný K. Valberg

10.3 Viðauki 4

Yfirlit yfir viðtöl, atburði og aðra opinbera atburði sem höfundur hefur tekið þátt í og vitnað er til, sett fram í tímaröð.

Norraen ráðstefna um kynbundið ofbeldi, [dags]:

https://www.stigamot.is/is/frettir/frettir/norraen-radstefna-um-kynferdisofbeldi-a-landiseptember?fbclid=IwAR1HxPH_k01LJ0dPiW4ICj5GmLIWtMlzn0daQXDRCMOIU49M4WGqy6iK81g

Viðtal [dags] Söfnunarátak Kvennaathvarfsins. Stöð 2. Sjá viðtal hér:

https://www.facebook.com/events/1229404453830258/?event_time_id=1229404457163591.

Forsíðuviðtal í Vikunni, [dags]. Sjá hér:

<https://www.facebook.com/Vikan.is/photos/a.224534484271750/1589708001087718/?type=3&theater>

Reynslusögur kvenna á veftímaritinu Knúz – femínisku vefriti [dags].

https://knuz.wordpress.com/2018/04/23/fyrir-luktum-dyrum-metoo/?fbclid=IwAR281zINbOfZnEcwdeWABPZHS7jKAEZD5wVbXVHCLoQAQFeUXgogrSD_vH8.

Málþingið „Þekkjum rauðu ljósin“ haldið 6. Júní 2018, sjá auglýsingu vegna viðburðar hér:

<https://www.facebook.com/events/1550139021775086/>.

Verkefnið Rauðu Ljósin, sjá verkefnasíðu hér:

<https://www.rauduljosin.is/>

10.4 Yfirlit yfir fréttir og umfjallanir í tengslum við málþingið Þekkjum rauðu ljósin:

Lærði að fara út úr líkamanum. Viðtal við Áslaugu Maríu, 6. júní 2018

<https://www.visir.is/g/2018180609256/laerdi-ad-fara-ut-ur-likamanum?fbclid=IwAR0AcVPR3loeMZ7VKJE45XV0kzld5ELsZcAI69PfvTynfpTMLOgG9IsYsNM>

M

<http://www.hringbraut.is/frettir/bjuggu-vid-lifshaettulegt-ofbeldi?fbclid=IwAR2dY8DGJEiXSSTvsWaUmfviJGHDX68vKibGXlyboQu3dmhCbuVpGfG25ys>

Viðtal í Speglinum á Rás 2, birt þann 6. júní 2018. Efni ekki lengur aðgengilegt á vef, sjá hér:

<http://www.ruv.is/spila/ras->

[1/spejillinn/20180606?fbclid=IwAR3oWTKmzukd9PO4P2tjCDCeZ6hrnKOBACWj5d_mvZXf4NO6wwSW7iKfXCc](http://www.ruv.is/spila/ras-1/spejillinn/20180606?fbclid=IwAR3oWTKmzukd9PO4P2tjCDCeZ6hrnKOBACWj5d_mvZXf4NO6wwSW7iKfXCc)

http://www.ruv.is/spila/klippa/erfitt-ad-komast-ut-ur-ofbeldissambondum?fbclid=IwAR3HM5dJW40Vq_8D7mUMrMnKwtBiPzylFmpGVgorjXuo0L7KkTpcsKpW0kg

<https://www.dv.is/frettir/2018/6/6/jenny-einn-morguninn-thurfti-eg-ad-pakka-nidur-bilinn-og-fara-med-bornin/?fbclid=IwAR3DqI7zmmDe5xcWeRfPHHP5BHcgnbkHjEYUKfF-7zIPsPcF2oK7c-BaxIU>

[bornin/?fbclid=IwAR3DqI7zmmDe5xcWeRfPHHP5BHcgnbkHjEYUKfF-7zIPsPcF2oK7c-BaxIU](https://www.dv.is/frettir/2018/6/6/jenny-einn-morguninn-thurfti-eg-ad-pakka-nidur-bilinn-og-fara-med-bornin/?fbclid=IwAR3DqI7zmmDe5xcWeRfPHHP5BHcgnbkHjEYUKfF-7zIPsPcF2oK7c-BaxIU)

„Svo sturlaður að ég þekkti ekki rödd hans“. Viðtal við Jennýju Kristínu Valberg þann 8. júní 2018, sjá hér:

https://www.mbl.is/frettir/innlent/2018/06/08/svo_sturladur_ad_hun_thekkti_ekki_rodin_a/?fbclid=IwAR3aV40pluHm4MCKVs8F_qJled0TKHidFqm7Ytj-lbrNE9mmXJUDH4NWgcA

[https://www.visir.is/g/2018180609270?fbclid=IwAR0trclXX-ZTbRjgecez-](https://www.visir.is/g/2018180609270?fbclid=IwAR0trclXX-ZTbRjgecez-eT8phzPGI6JPXXxMA4mKMCNqVrjQZKGbL2CnHk)

[eT8phzPGI6JPXXxMA4mKMCNqVrjQZKGbL2CnHk.](https://www.visir.is/g/2018180609270?fbclid=IwAR0trclXX-ZTbRjgecez-eT8phzPGI6JPXXxMA4mKMCNqVrjQZKGbL2CnHk)

„Ef þú segir eitthvað við mömmu þína þá drep ég hana. Viðtal við Áslaugu Maríu á Vísi, birt þann 6. júní 2018, sjá hér:

[https://www.visir.is/g/2018180609305?fbclid=IwAR2r33S0IxzSRJdZh6Z5N32IHAM_ZKsLZ05](https://www.visir.is/g/2018180609305?fbclid=IwAR2r33S0IxzSRJdZh6Z5N32IHAM_ZKsLZ05w7D3OI_M-A6KpFnrp7lLpx-Q)

[w7D3OI_M-A6KpFnrp7lLpx-Q](https://www.visir.is/g/2018180609305?fbclid=IwAR2r33S0IxzSRJdZh6Z5N32IHAM_ZKsLZ05w7D3OI_M-A6KpFnrp7lLpx-Q)

10.5 Viðauki 3

Umsókn um heimild til vinnslu persónuupplýsinga

sbr. 4. gr. reglna nr. 712/2008 um tilkynningarskylda og leyfisskylda vinnslu persónuupplýsinga



Persónuvernd

11 Ábyrgðaraðili

11.1 Ábyrgðaraðili

Sá sem ber ábyrgð á verkefninu, sbr. 6. tölul. 3. gr. laga nr. 90/2018. Ef fleiri en einn vinna verkefnið saman skal hér skrá upplýsingar um þann einstakling sem kemur fram fyrir þeirra hönd gagnvart Persónuvernd.

| |
|---|
| Nafn: Jenný Kristín Valberg |
| Heimilisfang/póstfang: Skógarvegur 20 |
| Staða (ef ábyrgðaraðili er einstaklingur) / Tengiliður (ef ábyrgðaraðili er fyrirtæki/stofnun): MA nemi í Kynjafræði |
| Póstnr. og sveitarfélag: 103 Reykjavík |
| Vinnusími/farsími/netfang: 8475023 - jkv1@hi.is |

11.2 Samstarfsaðilar ábyrgðaraðila, t.d. meðrannsakendur (ef það á við)

| |
|---------------------------|
| Nafn og staða/tengiliður: |
| Nafn og staða/tengiliður: |
| Nafn og staða/tengiliður: |

11.3 Vinnsluaðili (ef það á við)

Sá sem, með skriflegum vinnslusamningi, hefur verið falin vinnsla persónuupplýsinga, sbr. 7. tölul. 3. gr. 1. 90/2018.

| |
|---|
| Nafn: |
| Heimilisfang/póstfang: |
| Staða (ef vinnsluaðili er einstaklingur) / Tengiliður (ef vinnsluaðili er fyrirtæki/stofnun): |
| Póstnr. og sveitarfélag: |
| Vinnusími / farsími / netfang: |

12 Lýsing á verkefni

12.1 Heiti rannsóknar/verkefnis

Sáttameðferð sýslumannsembættisins:

Geta verklagsreglur í sáttameðferð sýslumanns leitt til þess að konur sem koma úr ofbeldissamböndum upplifi sig aftur í ofbeldisaðstæðum?

12.2 Tilgangur vinnslunnar

Hugmyndin af viðfangsefninu er eigin reynsla af sáttameðferð sýslumanns, árið 2015 tók ég þá ákvörðun að skilja við mann sem var búin að beita mig og börn okkar mikið andlegt og fjárhagslegt ofbeldi. Samkvæmt íslenskum lögum nr 76 frá árinu 2003 er sambúðarfólki sem eiga börn saman skylt að ganga í gegnum sáttameðferð sýslumanns áður en hægt er að sækja um lögskilnað. Sáttameðferð hefur ýmsa kosti, þar ættu báðir aðilar að koma að borði á jafnréttisgrundvelli þar sem sjónarmið, skoðanir og álitamál beggja aðila fá að koma fram. En sú staða er ekki alltaf fyrir hendi og þrátt fyrir að ég hafi sjálf góða reynslu af sáttameðferð sýslumanns tók ég oft eftir í óformlegum samræðum mínum við konur í sömu sporum að þær upplifðu oft mikinn ótta, valdleysi og raddleysi í þessum aðstæðum. Þar sem ofbeldismaðurinn stýrði þeim oft með beinum eða óbeinum hætti, og þær töluðu um að þær hefðu ekki haft neinn atbeina á þessum vettvangi þrátt fyrir að hafa jafnvel reynt að koma og gera grein fyrir aðstæðum sínum fyrir sáttameðferðina. Því hafi þessi sáttameðferð oft haft mikil neikvæð áhrif á líf þeirra.

Markmiðið er að skoða hvort að það megi færa rök fyrir því að konum sem hafa búið við ofbeldi í nánnum samböndum upplifi það sem mætti kalla stofnanalegt ofbeldi í þessum aðstæðum og hefur enska hugtakið e. secondary victimization verið notað til að lýsa þeim aðstæðum en það einkennist oft af kvíða, efa, sjálfsásökunum og jöðrun. Þar sem stöðu sinnar vegna lendi þær annars vegar á milli ofbeldismanns sem getur í gegnum þetta ferli haldið áfram ofbeldinu og svo stjórnsýslunni hins vegar sem eru fulltrúar sýslumanns í þessum málum. Til að reyna að varpa ljósi á þetta mun ég kanna viðhorf kvenna sem hafa búið við ofbeldi í nánnum samböndum til lögbundinar sáttameðferðar og rannsóknarspurningin er: „Geta verklagsreglur í sáttameðferð sýslumanns leitt til þess að konur sem koma úr ofbeldissamböndum upplifi sig aftur í ofbeldisaðstæðum?“. Ég mun spyrja um upplifun kvenna sem hafa upplifað ofbeldi í nánnum samböndum um reynslu þeirra á sáttameðferð sýslumanns.

Gyða Margrét Pétursóttir dósent við Stjórn málafræðideild Háskóla Íslands er leiðbeinandi minn.

12.3 Stutt lýsing á því hvernig staðið verður að verkefninu / gerð rannsóknarinnar (rannsóknaráætlun)

Ég ætla að gera rannsóknaritgerð e.empirical, með eigin gagnasöfnun í formi opina viðtala e. deep interview viðtalsrannsókna en sú aðferð hentar mjög vel þegar verið er að leita eftir hugsunum og upplifunum einstaklinga sem er ein algengasta leiðin og flokkast undir eiginlegar rannsóknaraðferðir e.qualitative research.

Ég mun notast við e. case study eða tilviksrannsókn, innan tilviksrannsókna er aðferðin e. intrinsic case, en þar er leitast eftir að skilja sérstakar aðstæður eða upplifanir einstaklinga. Rannsóknarspurning mín er „Geta verklagsreglur í sáttameðferð sýslumanns leitt til þess að konur sem koma úr ofbeldissamböndum upplifi sig aftur í ofbeldisaðstæðum“. Til að fá sem bestu niðurstöður mun ég taka viðtöl við 10 ófatlaðar konur á aldrinum 25 til 50 ára sem hafa slitið sambúð við ofbeldismann á s.l. 5 árum og hafa gengið í gegnum skilnaðarferli og sáttameðferð sýslumanns ásamt honum á árunum 2012 til 2018, en lögbundið er á Íslandi að aðilar sem hafa verið í sambúð þar sem börn eru á heimili fari í gegnum sáttameðferð. Hópurinn sem ég mun skoða samanstendur af 5 íslenskum konum og 5 konum af erlendum uppruna, bæði innan og utan EES. Ástæða þess að ég mun taka viðtöl við konur bæði af íslenskum og erlendum uppruna er til að fá sem bestu mynd af stöðu mála kvenna sem eru að skilja við ofbeldismann í íslenskum raunveruleika. Áhugavert verður að bera saman upplifun íslenskra kvenna annarsvegar og svo upplifun kvenna af öðrum uppruna á sýslumannsembættinu og verklagsreglum þar vegna ákveðinna mismununarþreita e.intersectionality, sem virðast valda því að staða erlendra kvenna í íslensku réttarkerfi sé veikari í málum sem þessum, því að þær eru ekki íslenskir ríkisborgarar og hafa ekki íslensku sem fyrsta mál. Markmiðið er að gera samanburð á upplifun íslenskra kvenna annarsvegar og þeirra kvenna sem eru af öðrum uppruna hinsvegar. Ég hef gott aðgengi að Kvennaathvarfinu vegna persónulegra tengsla þar sem ég hef sjálf verið bæði í einstaklings- og hópameðferð þar í kjölfar skilnaðar við ofbeldismann, en einnig hef ég starfað þar í afleysingum. Starfskonur Kvennaathvarfsins munu annast milligöngu fyrir mig til að finna viðmælendur en einnig hef ég notað snjóboltaaðferðina e. snowball sampling með þeim hætti að þær konur sem hafa sjálfar haft samband við mig hafa svo bent á aðrar konur í svipaðri stöðu sem þær þekkja. Allar konurnar sem taka þátt hafa aðgang að Kvennaathvarfinu og geta leitað þangað eftir stuðningi fyrir og eftir viðtölin.

Framkvæmd rannsóknar:

Gagnasöfnun og úrvinnsla: Ég mun gera viðtalsrannsóknir, fara yfir skýrslur um tíðni og umfang heimilisofbeldismála á þessu tímabili, fá tölur um tíðni skilnaðarmála hjá embætti sýslumanns og vinna þau gögn.

Kostir þess að tengjast viðfangsefninu persónulega getur auðveldlega orðið af annmörkum líka þar sem tenging mín við efnið er að sjálfsögðu mjög mikil þarf ég að vera mjög meðvitund um að reynsla mín og fyrirfram skoðanir geti haft áhrif á hvernig ég greini gögnin og sett fram niðurstöður. Og ég mun leggja mig alla fram við að reyna að halda ákveðinni fjárlægð til að koma í veg fyrir að skoðanir mínar þjagi niðurstöður.

Viðtölin verða afrituð, kóðuð og greind til að hægt sé að sjá þemu sem leiða til niðurstaðna. Rannsóknin mun hafa hagnýtt gildi fyrir sýslumannsembættið sem gæti notað niðurstöður rannsóknarinnar til þess að skoða verkferla hjá sé með það markmið í huga að koma til móts við og bæta stöðu og líðan kvenna á meðan á sáttameðferð stendur. Það myndi leiða til þess að konur í þessari stöðu hefðu meiri atbeina og tækifæri til að takast á við þessar aðstæður á jafnréttisgrundvelli þar sem væri komið til móts við þarfir þeirra með það í huga að hægt væri að ná góðri niðurstöðu fyrir alla málsaðila. Mikilvægið er að koma í veg fyrir að konur upplifi áframhaldandi ofbeldi og valdleysi gagnvart ofbeldismanninum í gegnum ríkisvaldið

Ég mun skoða efnið út frá sjónarhorni þolenda í heimilisofbeldismálum, ég mun styðjast við feminískar kenningar og hugmyndir Pierre Bourdieu (2004) um kerfisbundið ofbeldi e. symbolic violence, og mun skoða hvort að konur upplifi slíkt ofbeldi innan sýslumannsembættisins í formi ákveðinna verklagsreglna er þeir fara eftir en sýslumannsembættið er félagsleg stofnun sem heyrir undir innanríkisráðuneytið sem er hluti af stjórnsýslu Íslands. Sáttameðferð sýslumanns er öllum að kostnaðarlausu og því er mjög mikilvægt fyrir marga að geta lokið ferlinu þar þar sem margar konur sem eru að koma úr ofbeldissamböndum hafa einnig áhyggjur af fjárhagsmálum því eru fjárhagsáhyggjur stór áhrifaþáttur í lífi kvenna í þessari stöðu og jafnvel það stór að margar konur treysta sér ekki til að yfirgefa ofbeldismenn sína og verða fastar í ofbeldissambandinu

Greining rannsóknargagna: Ég tel að feminísk nálgun sé best í rannsókn sem þessari þannig að ég staðsetji mig og geri grein fyrir fyrirfram hugmyndum mínum á þessu sviði. Feminísk nálgun gengur út á að rannsóknir séu ekki bara um konur, heldur fyrir konur og þau baráttumál sem þær standa frammi fyrir gengur meðal annars út frá því að „hið persónulega sé pólitískt“ og því þurfi rannsakandi að fara í mikla sjálfskoðun og gera grein fyrir afstöðu og aðkomu sinni til að aðrir sem lesa verkefnið sjái frá hvaða sjónarhorni er unnið. Mér persónulega finnst efni rannsóknarinnar vera mjög mikilvægt og sú skoðun mín hefur styrkst í samtölum við þær konur sem ég er búin að tala við.

Viðmælendur mínir eru konur sem hafa búið við ofbeldi í nánum samböndum og eiga börn með ofbeldismanninum, hafa leitað til Kvennaathvarfsins og hafa þurft að hafa samskipti við sýslumannsembættið vegna sáttameðferðar. Reynsla mín á fyrirkomulagi sáttameðferðar sýslumanns er að þar eigi ákveðið ofbeldi sér stað í formi þess að konur þurfi að mæta þar ofbeldismönnum sínum, það er einnig reynsla mín að það tekur verulega á að þurfa að mæta manni með reglubundnu millibili yfir langann tíma sem hefur í mörg ár beitt þig og börn þín ofbeldi, og það er reynsla margra kvenna að í þeim aðstæðum geti konur ekki mætt þessum mönnum á jafnréttisgrundvelli, og þær eru oft of hræddar til að láta skoðanir sínar í ljós. Það er stundum upplifun kvenna sem hafa búið við ofbeldi í nánum samböndum að fulltrúar sýslumanns sjái ekki, eða kjósi að líta fram hjá þessum aðstæðum og að sértæk úrræði séu ekki til staðar hjá embættinu til að takast á við þessi mál. Nokkrar konur voru búnar að mæta áður til sýslumanns til að gera grein fyrir aðstæðum sínum, en þær hafa bent á að það hafi ekki skilað sér inn í sáttameðferðina. Og að í sáttameðferðinni hafi sumar verið of hræddar við að segja skoðanir sínar af ótta við afleiðingar sem ofbeldismaðurinn kynni að beita gegn þeim. Í málum kvenna af erlendum upprunna verður að taka til athugunar að þær hafa oft ekki góða félagslega stöðu hér á landi, ástæður geta verið vegna tungumálaörðuleika, einangrunnar eða annarra

Þegar ég var að skoða rannsóknarhæfni verkefnis þá fann ég tvær rannsóknir sem Hildur Guðmundsdóttir hafði gert fyrir Kvennaathvarfið ásamt því að finna nokkrar rannsóknir, sem flestar voru gerðar af MA nemendum í lagadeild, um sáttameðferð sýslumanns út frá sjónarhorni velferðar barna. Ég tel að það sé mjög áhugavert að fræðandi að lesa þær rannsóknir og sjá hvaða niðurstöður hafa komið þar fram því það efni getur að einhverju leiti tengst því sem ég er að skoða.

Það getur verið erfitt að taka viðtöl við fólk um jafn viðkvæm málefni sem þetta, gæta ber ítrustu varúðar til að gæta að öryggi og vellíðan þátttakenda. Þess vegna ákvað ég að hafa hálfopin viðtöl til að gefa viðmælendum mínum svigrúm til að ræða það sem þær treystu sér til. Ég spyr ekki út í ofbeldið þar sem sjálf birtingarmynd ofbeldisins er ekki hluti af þessari rannsókn, ég spyr ekki ítarlega um ofbeldismennina sjálfa en það er samt mikilvægt að átta sig á að þeir eru stór áhrifaþáttur, þar sem ég spyr um upplifun kvenna á að þurfa að hitta þá hjá sýslumanni sem skiptir miklu máli fyrir rannsóknina. Ég mun spyrja bakrunnsþurvinga til að fá mynd af viðmælendum mínum og ég mun spyrja um reynslu þeirra af þeim félagslegu stoðum sem koma að ofbeldis- og skilnaðarmálum.

Viðtölin verða hljóðrituð í gegnum app í símanum mínum, ég mun svo afrita það í tölvu og gera grein fyrir athugasemdum rannsakanda, ég mun afmá allar persónugreinanlegar upplýsingar og gefa konunum gervinöfn. Þar næst eru viðtölin kóðuð til að finna þemu sem hægt er að vinna út frá, þegar viðtölin hafa verið greind þá verða þau borin saman til að finna sameiginlega þætti sem munu nýtast til að greina niðurstöður og varpa ljósi á

hvernig unnt verður að svara rannsóknarspurningunni. Viðtölin eru að meðaltali um einnar klukkustundar löng. Í viðtölunum eru konur beðnar um að „lýsa sjálfum sér“ til að fá hugmynd um hvernig félagsleg staða þeirra er og til að fá betri mynd af lífi þeirra. Því næst spyr ég þær um fyrstu kynni þeirra af sambýlismanninum er beitti þær ofbeldi og þær rekja svo frásögn fram að ákvörðun um skilnað. Þar spyr ég um hvaða leiðir hafi verið farnar og spyr um aðkomu sýslumannsembættisins og bið þær að rekja það ferli. Í lokin spyr ég um upplifun þeirra á verklagsreglum sýslumannsembættisins og ef þær hafa athugasemdir, þá bið ég þær um að segja mér hvað þeim hefði fundist betur mátt fara í því ferli.

Staðsetning mín: Það sem mótaði ákvörðun mína voru nokkrir samhangandi þættir, þeir samfélagslegu þættir eru kannski einna helst óréttlætið og úrræðaleysið sem ég upplifði í gegnum ríkisreknu stofnanir á Íslandi þegar ég var í því ferli að skilja við ofbeldismann. Mín reynsla hefur mótað mig og gert mig að þeirri manneskju sem ég er í dag, ég tel að persónuleg reynsla mín hafi gefið mér dýpt, skilning og innsýn sem margir þeir sem hafa ekki upplifað aðstæður geti ekki sett sig inn í. Hvernig á manneskja sem hefur ekki staðið frammi fyrir þeirri ógn að börnunum hennar er hótad að geta skilið hvað það fær þig til að haga þér og og ástunda til dæmis þá meðvirkni sem konur í heimilisofbeldis aðstæðum gera bara til að komast í gegnum daginn. Hvernig á manneskja að geta skilið af hverju kona fer ekki frá ofbeldismanni nema hafa staðið þar sjálf, það er auðvelt að spyrja „af hverju fórstu ekki?“

Aðferðafræðilegar og/eða siðferðilegar áskoranir:

Að rannsaka svið sem ég hef sjálf persónulega reynslu af hefur bæði kosti og galla, kostirnir eru að ég hef 13 ára reynslu á sambúð með ofbeldismanni og því get ég mjög auðveldlega sett mig inn í margar aðstæður sem viðmælendur mínir tala um, enn fremur mætti telja til kosta að ég finn að viðmælendur mínir slaka á í návist minni og eiga eflaust auðveldara að tala um þessi mál við mig vegna sameiginlegrar reynslu. En það ber samt að hafa í huga að það gæti einnig haft þau áhrif að þær muni segja mér hluti sem þær gætu séð eftir seinna. Gallar gætu verið að ég get ekki afskrifað þær tilfinningar sem ég hafði á meðan ég var í sambúð með ofbeldismanni en á þeim tíma upplifði ég meðal annars streitu, hræðslu, kvíða, óöryggi sem eru allt tilfinningar sem gætu haft áhrif á framsetningu mína.

Það getur reynst erfitt að skapa fjarlægð, hafa góða yfirsýn og mín reynsla gæti lítað það hvernig ég greini gögnin mín. Og ég þarf einnig að skoða hvernig viðmælendur mínir mæta mér og hvort að sameiginleg reynsla okkar myndi skapa of mikla nánd og ef svo er, hvaða leiðir hef ég til að taka á þeim vanda? Ég myndi segja að ávinningur minn og viðmælenda minna væri sá sami, við höfum allar áhuga á að sjá þessi mál í betri farvegi hjá sýslumannsembættinu og okkur finnst við hafa verið í aðstæðum í skilnaðarferlinu sem við réðum ekki við. Þættir er snúa að verklagsreglum sýslumanns og dómskerfisins má líkja við að stökkva út í á, og reyna að halda sér á floti á meðan straumurinn ber þig áfram og þú hefur ekkert um það að segja hvað ferðin mun taka langan tíma, eða hvaða fyrirstöðum þú mætir á leiðinni.

12.4 Lýsing á því hvernig hinir skráðu (í rannsóknum rannsóknarþýðið) verða valdir/fundnir, fjölda þeirra og hvort samþykkis verði leitað eða fræðsla veitt

Lýsið fyrirhuguðum aðferðum við val á þátttakendum, hversu margir þeir verði og hvort og þá hvernig ábyrgðaraðili hyggist setja sig í samband við þá. Sé ætlunin að afla upplýsinga frá öðrum en hinum skráðu þarf að koma fram hvort fyrirhugað sé að leita samþykkis þeirra eða fræða þá um vinnsluna. **Ef ekki verður aflað samþykkis eða hinir skráðu fræddir um vinnsluna skal færa hér rök fyrir því.**

Þátttakendur: Ég tel að til þess að rannsóknin hafi hagnýtt gildi þá sé best að taka viðtöl við konur sem eru tiltölulega nýlega búnar að fara í gegnum sáttameðferðaferli hjá sýslumanni þar sem mjög mikilvægt er að heyra raddir þeirra kvenna sem hafa verið í þessum aðstæðum. Ég mun taka viðtöl við tíu konur sem hafa þann sameiginlega bakrunn að hafa leitað til Kvennaathvarfsins vegna ofbeldis í nánum samböndum, og eiga börn með ofbeldismanninum og hafa þar að leiðandi gengið í gegnum sáttameðferð sýslumannsembættisins. En skoðanir og álit þeirra sem hafa gengið í gegnum þessa reynslu skiptir höfuðmáli til að hægt sé að fá lýsandi niðurstöður.

Aðgengi: Ég fékk aðgang að vettvanginum án mikillar. Í rannsóknum á hópum sem hafa orðið fyrir ofbeldi þarf að gæta sérstaklega vel að líðan og heilsu þeirra. Ráðgjafar Kvennaathvarfsins eru í einhverjum tilvikum milligöngumenn hjá mér um viðmælendur, þær vega og meta hvaða konur gætu hugsanlega talað við mig. Skaðleysi, velferð og virðing fyrir viðmælendum skiptir öllu máli, viðmælendur mínir munu hafa aðgang að

ráðgjöfum Kvennaathvarfsins og geta leitað þangað ef þær telja sig þurfa eftir viðtalið því það getur reynt mikið á að ræða þessi mál.

Áður en ég byrja viðtölin mun ég fá upplýst samþykki frá viðmælendum mínum en það skiptir miklu máli að þátttakendur séu vel upplýstir um rétt sinn og tilgang rannsóknar, ég mun ítreka að þetta sé trúnaðarmál, að viðmælandi þurfi ekki að svara einstaka spurningum og að hún geti hætt hvenær. Ég spyr þær hvort að þær sé í sambandi við Kvennaathvarfið og ítreka að þær geti leitað þangað ef þeim líður illa eða hafi þörf á stuðningi eftir viðtölin. Ég bið um leyfi til að fá að taka viðtölin upp, og ítreka að það sé eingöngu fyrir mig í þeim tilgangi að geta afritað það seinna, ég læt vita og gæti þess að engin rétt nöfn komi fram og að ég gæti einnig að því að búa til aðrar upplýsingar er tengjast persónugreinanlegum þáttum. Ég íreka einnig að þær geti haft samband við mig ef það væri eitthvað sem þær vildu breyta seinna eða væru ekki sáttar með, þær hafa allar símanúmer mitt ef þær vilja hafa samband aftur.

12.5 Hvenær verkefni hefst og hvenær því lýkur (í rannsóknnum rannsóknartímabil)

Verkefnið verður unnið á tímabilinu vor 2018- haust 2018.

13 Úrvinnsla gagna

13.1 Skrárhaldari

Hjá hvaða skrárhaldara er fyrirhugað að biðja um aðgang að gögnum?

Gögnin eru í einkatölvu

13.2 Hvaða gögnum er fyrirhugað að fá aðgang að?

Nákvæm tilgreining á því hvaða gögnum, sem innihalda persónuupplýsingar, óskað er eftir aðgangi að hjá framangreindum skrárhaldara.

Engum

13.3 Hvaða persónuupplýsingar er fyrirhugað að skrá?

Nákvæm tilgreining á því hvaða persónuupplýsingar sé óskað eftir að skrá upp úr framangreindum gögnum, einkum tilgreining á þeim breytum sem fyrirhugað er að notast verði við.

Það verða engar persónugreinanlegar upplýsingar í verkefninu,

13.4 Samkeyrsla

Ef fyrirhugað er að samkeyra skrár með persónuupplýsingum við aðrar skrár skal tilgreina hér hvaða skrár sé óskað eftir að samkeyra og þá hvaða upplýsingar í þeim skráum. Tilgreinið einnig hvort fyrirhugað sé að samkeyrslan fari fram undir kennitölum eða öðrum auðkennum og þá hverjum. Sé ætlunin að aftengja gögn persónuauðkennum að samkeyrslu lokinni skal það einnig koma fram hér.

Engar

13.5 Hvernig er fyrirhugað að auðkenna persónuupplýsingar?

Tilgreinið hvernig fyrirhugað sé að auðkenna persónuupplýsingar, annars vegar meðan á vinnslu stendur og hins vegar við endanlega birtingu, s.s. með rannsóknarnúmerum eða hvort óskað sé eftir að notast verði við persónuauðkenni (t.d. nöfn, kennitölur, heimilisföng o.þ.h.), ásamt rökstuðningi fyrir því hvers vegna slíkt sé talið nauðsynlegt. Ef óskað er eftir að upplýsingar verði skráðar eftir dulkóðuðum kennitölum, (í rannsóknum rannsóknarnúmerum) þarf að koma fram hvort, hvar og hvernig sé fyrirhugað að varðveita greiningarlykil.

Nöfnum og auðkennum verður breytt, engar persónurekjanlegar upplýsingar munu koma fram.

13.6 Öryggi persónuupplýsinga

Hvernig er fyrirhugað að tryggja öryggi persónuupplýsinga, sbr. reglur 299/2001, þar sem m.a. er mælt fyrir um að ábyrgðaraðili skuli gera áhættumat og skjalfesta lýsingu á öryggisráðstöfunum?

Á ekki við

13.7 Varðveisla og eyðing persónuupplýsinga

Hvar og hvernig er fyrirhugað að varðveita þau gögn sem unnið verður með og hve lengi? Hvenær er ætlunin að eyða persónugreinanlegum gögnum, þ.m.t. greiningarlykli?

Öllum upptökum verður eytt eftir afritun viðtalana

14 Hlutverk vinnsluaðila

Verði samið við vinnsluaðila skal lýsa því hér í hverju aðkoma hans er fólgin, svo sem hvort fyrirhugað sé að fela honum að samkeyra skrár.

Á ekki við

15 Flutningur gagna úr landi

Ef fyrirhugað er að flytja persónuupplýsingar úr landi skal tilgreina hvaða upplýsingar sé ætlunin að flytja, í hvaða tilgangi, til hvaða lands, með hvaða hætti og hver verði viðtakandi þeirra. Tilgreinið þá einnig hvort gerður verði samningur við viðtakanda um meðferð persónuupplýsinga eða hvort, eftir atvikum, byggt verði á bindandi fyrirtækjareglum (e. Binding Corporate Rules), eða hvort viðtakandi í Bandaríkjunum er á lista yfir þau fyrirtæki sem hafa undirgengist samkomulag Bandaríkjanna og Evrópusambandsins um friðhelgisskjöld (e. Privacy Shield).

Á ekki við

Eftirtalin gögn þurfa að fylgja umsókninni, eftir því sem við á:

- a) Yfirlýsing skrárhaldara sem óskað er aðgangs að gögnum hjá, hafi hann tekið ákvörðun um að veita rannsakanda aðgang að persónugreinanlegum upplýsingum úr skráum sínum í þágu verkefnis/rannsóknar. Sé um vísindarannsókn að ræða þarf sú yfirlýsing að uppfylla þau skilyrði sem sett eru í „Leiðbeiningum til skrárhaldara vegna afhendingar persónuupplýsinga í þágu vísindarannsóknar og yfirlýsing þess efnis“. Þær leiðbeiningar eru birtar á svæðinu „Algengar spurningar og svör“ á heimasíðu Persónuverndar (personuvernd.is) undir heitinu „Rannsóknir, kannanir og verkefni“.
- b) Vinnslusamningur, hafi vinnsluaðila verið falin vinnsla persónuupplýsinga með skriflegum samningi sbr. 25. gr. laga nr. 90/2018.

Undirritun ábyrgðaraðila:

_____ **Jenný Kristín Valberg** _____

Dags.: _____ **3.10.2018** _____

Hægt er að senda umsóknina með tölvupósti á netfangið postur@personuvernd.is en vakin er athygli á því að Persónuvernd verður einnig að berast undirritað eintak umsóknarinnar með bréfpósti á skrifstofu stofnunarinnar, Rauðarárstíg 10, 105 Reykjavík.

15.1.1 Viðauki 4

Yfirlit yfir viðtöl, atburði og aðra opinbera atburði sem höfundur hefur tekið þátt í og vitnað er til, sett fram í tímaröð.

Norræn ráðstefna um kynbundið ofbeldi, [dags]:

https://www.stigamot.is/is/frettir/frettir/norraen-radstefna-um-kynferdisofbeldi-a-landiseptember?fbclid=IwAR1HxPH_k01LJ0dPiW4ICj5GmLIWtMlzn0daQXDRCMOIU49M4WGqy6iK81g

Viðtal [dags] Söfnunarátak Kvennaathvarfsins. Stöð 2. Sjá viðtal hér:

https://www.facebook.com/events/1229404453830258/?event_time_id=1229404457163591.

Forsíðuviðtal í Vikunni, [dags]. Sjá hér:

<https://www.facebook.com/Vikan.is/photos/a.224534484271750/1589708001087718/?type=3&theater>

Reynslusögur kvenna á veftímaritinu Knúz – femínisku vefriti [dags].

https://knuz.wordpress.com/2018/04/23/fyrir-luktum-dyrum-metoo/?fbclid=IwAR281zINbOfZnEcwdeWABPZHS7jKAEZD5wVbXVHCLoQAQFeUXgogrSD_vH8.

Málþingið „Þekkjum rauðu ljósin“ haldið 6. Júní 2018, sjá auglýsingu vegna viðburðar hér:

<https://www.facebook.com/events/1550139021775086/>.

Verkefnið Rauðu Ljósin, sjá verkefnasíðu hér:

<https://www.rauduljosin.is/>

15.2 Yfirlit yfir fréttir og umfjallanir í tengslum við málþingið Þekkjum rauðu ljósin:

Lærði að fara út úr líkamanum. Viðtal við Áslaugu Maríu, 6. júní 2018

<https://www.visir.is/g/2018180609256/laerdi-ad-fara-ut-ur-likamanum?fbclid=IwAR0AcVPR3loeMZ7VKJE45XV0kzld5ELsZcAI69PfvTynfpTMLOgG9IsYsNM>

M

<http://www.hringbraut.is/frettir/bjuggu-vid-lifshaettulegt-ofbeldi?fbclid=IwAR2dY8DGJEiXSSTvsWaUmfviJGHDX68vKibGXlyboQu3dmhCbuVpFgGf25ys>

Viðtal í Speglinum á Rás 2, birt þann 6. júní 2018. Efni ekki lengur aðgengilegt á vef, sjá hér:

<http://www.ruv.is/spila/ras->

[1/spegillinn/20180606?fbclid=IwAR3oWTKmzukd9PO4P2tjCDCeZ6hrnKOBACWj5d_mvZXf4NO6wwSW7iKfXCc](http://www.ruv.is/spila/ras-1/spegillinn/20180606?fbclid=IwAR3oWTKmzukd9PO4P2tjCDCeZ6hrnKOBACWj5d_mvZXf4NO6wwSW7iKfXCc)

http://www.ruv.is/spila/klippa/erfitt-ad-komast-ut-ur-ofbeldissambondum?fbclid=IwAR3HM5dJW40Vq_8D7mUMrMnKwtBiPzylFmpGVgorjXuo0L7KkTpcsKpW0kg

<https://www.dv.is/frettir/2018/6/6/jenny-einn-morguninn-thurfti-eg-ad-pakka-nidur-bilinn-og-fara-med-bornin/?fbclid=IwAR3DqI7zmmDe5xcWeRfPHHP5BHcgnbkHjEYUKfF-7zIPsPcF2oK7c-BaxIU>

[bornin/?fbclid=IwAR3DqI7zmmDe5xcWeRfPHHP5BHcgnbkHjEYUKfF-7zIPsPcF2oK7c-BaxIU](https://www.dv.is/frettir/2018/6/6/jenny-einn-morguninn-thurfti-eg-ad-pakka-nidur-bilinn-og-fara-med-bornin/?fbclid=IwAR3DqI7zmmDe5xcWeRfPHHP5BHcgnbkHjEYUKfF-7zIPsPcF2oK7c-BaxIU)

„Svo sturlaður að ég þekkti ekki rödd hans“. Viðtal við Jennýju Kristínu Valberg þann 8. júní 2018, sjá hér:

https://www.mbl.is/frettir/innlent/2018/06/08/svo_sturladur_ad_hun_thekkti_ekki_rodin_a/?fbclid=IwAR3aV40pluHm4MCKVs8F_qJed0TKHidFqm7Ytj-lbrNE9mmXJUDH4NWgcA

[https://www.visir.is/g/2018180609270?fbclid=IwAR0trclXX-ZTbRjgecez-](https://www.visir.is/g/2018180609270?fbclid=IwAR0trclXX-ZTbRjgecez-eT8phzPGI6JPXXxMA4mKMCNqVrjQZKGbL2CnHk)

[eT8phzPGI6JPXXxMA4mKMCNqVrjQZKGbL2CnHk.](https://www.visir.is/g/2018180609270?fbclid=IwAR0trclXX-ZTbRjgecez-eT8phzPGI6JPXXxMA4mKMCNqVrjQZKGbL2CnHk)

„Ef þú segir eitthvað við mömmu þína þá drep ég hana. Viðtal við Áslaugu Maríu á Vísi, birt þann 6. júní 2018, sjá hér:

https://www.visir.is/g/2018180609305?fbclid=IwAR2r33S0IxzSRJdZh6Z5N32IHAM_ZKsLZ05w7D3OI_M-A6KpFnrp7lLpx-Q